

Kröfulýsingar gagnaðila íslenska ríkisins vegna þjóðlendumála á svæði 10B: Ísafjarðarsýslur

Mál nr. 8/2021

Almenningar og fjallendi á Hornströndum auk Grænuhlíðar

EFNISYFIRLIT

Álfssstaðir í Hrafnfirði	3
Kvíar í Lónafirði	7
Steig í Veiðileysufirði	11
Steinólfsstaðir í Veiðileysufirði	15
Marðareyri við Veiðileysufjörð	21
Hesteyri	29
Sléttu	47
Sæból í Aðalvík	49
Garðar í Aðalvík	53
Þverdalur í Aðalvík	55
Efri-Miðvík í Aðalvík	59
Tunga í Fljótavík	63
Rekavík bak Höfn	67
Höfn í Hornvík	73
Horn í Hornvík	85
Bjarnanes á Ströndum	107
Smiðjuvík á Ströndum	115
Bolungavík á Ströndum	121

Fylgiskjöl með kröfulýsingum fást hjá skrifstofu óbyggðanefndar.

Kort með kröfulínum málsaðila:

https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10B_mál-2021-8_kort_krofulinur.pdf

Kröfulýsing íslenska ríkisins:

https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10B_riki-krofulysing.pdf

Sjá einnig vefsíðu óbyggðanefndar þar sem kröfulýsingu ríkisins og kröfulýsingar gagnaðila í öllum málum á svæðinu er að finna:
https://obyggdanefnd.is/til_medferdar/

**Óbyggðanefnd
Hverfisgötu 4a
101 Reykjavík**

Reykjavík, 22. mars 2021

KRÖFULÝSING

f.h. eftirtalinna eigenda Álfssstaða í Jökulfjörðum, L207848

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem felli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og síðan til dagsins í dag.

Aðild og fyrirsvar:

Eigendur jarðarinnar eru:

1. Guðmundur Karl Bergmann, kt. 011062-3699
2. Halldór Gíslason, kt. 080143-4279
3. Aðalheiður Halldórsdóttir, kt. 101111-2889
4. Bára Gísladóttir, kt. 131245-2119
5. Guðríður Gísladóttir, kt. 230849-4719
6. Páll Pálsson, kt. 419179-AAA0
7. Ætt Hjartar Guðmundssonar sf., kt. 481111-0800

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Kröfugerð:

Aðalkrafa landeigenda er, að Óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu framlagðs þinglýsts landamerkjabréfs landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

Frá Meleyri við sjó (1) beint til fjalls (2) þaðan er fjallinu fylgt á vatnaskilum móti Kvíum allt þar til vötnum hallar til Stranda á s.k. Hyrnukili (3) þaðan er vatnaskilum móti Barðsvík, Bolungarvík og Furufirði fylgt á miðja Skorarheiði (4). Skorarvatn og Skorará ráða svo merkjum móti Hrafnfjardareyri til sjávar (5).

Til vara krefjast landeigendur þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.a.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málkostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málkostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Álfssstaðir eru forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í Landnámu, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Örlygs Böðvarssonar, samkvæmt túlkun Haraldar Matthiassonar í riti sínu Landið og landnáma.

Af kröfulýsingu fjármálaráðherra má ráða, að ætlunin hafi ekki verið að lýsa kröfu í land jarðarinnar og íslenska ríkið virðist fallast á að allt hið umdeilda svæði hafi verið innan upphaflegs landnáms á svæðinu.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar (Svæði 1-9B) kemur fram á bls. VII, að nefndin telji, að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar, en hæpið að draga ályktanir á grundvelli takmarkaðra lýsinga Landnámu. Þessar niðurstöður nefndarinnar hafa verið staðfestar af dómstólum.

Landeigendur telja landamerkjalyngingu jarðarinnar sem og aðliggjandi jarða vera skýrar og greinargóðar. Fullyrðingu um annað í kröfulýsingu íslenska ríkisins er mótmælt sem röngu.

Landeigendur álita að meginástæðan fyrir kröfu íslenska ríkisins í land innan landamerkjá jarðarinnar sé ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún.

Íslenska ríkið hefur áður deilt við landeigendur um skilning á hugtakinu fjallsbrún fyrir Óbyggðanefnd, t.a.m. í málínu nr. 3-4/2004 um Kjalarnes og Kjós n.t.t. um landamerki á fjallinu Esju. Um þetta segir í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

...Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álítaefni hvernig túlka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknun stað, t.d. í klettabru. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar. ...Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðanefndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dæmum í sedlasafni Orðabókar Háskólangs megi ráða að fjallsbrún geti bædi verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknun stað. ...

Með heildstæðu mati á landamerkjabréfum umhverfis Esjuna hafnaði Óbyggðanefnd skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og þá niðurstöðu bar íslenska ríkið ekki undir dómstóla.

Landeigendur telja að það sama eigi við í því máli sem hér er til úrlausnar.

Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpíð beinum eignarrétti.

Landeigendur leggja áherslu á að þegar Óbyggðanefnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttá innan ummerkjájarðarinnar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkjana jarðarinnar verði dregin í efa.

Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar segir:

Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra aðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land aðæfni. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja

Í 3. kapítula landsbrigðapáttar segir um merkjagöngu:

Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir returnætur hinum næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nöttum fyrir. ... Eigi er skyld að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum herada, og eigi er skyld að ganga úr búsfárgangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveisit hafa. Merkjagangan, sem framför eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalaaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvædi að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en i kjölfar landamerkjalaaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeigendum þannig á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalusa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalaögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkja-lýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskráinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðaneftnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slikefni óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slikum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og

að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigendur halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telja enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi végfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slik krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tömlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalauast.

Landeigendur hafa þess vegna í gegnum tiðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Til vara byggja landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

Visað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Visað er til jafnraðisreglu stjórnarskrárinna

Visað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Visað er til landamerkjalauga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Visað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlagu nr. 39/1978

Visað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Visað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Visað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnraðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Visað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Visað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Visað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998

Visað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Visað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðaneftnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.

A handwritten signature in blue ink. Above the signature, the text "Virðingarfylgst, f.h. landeigenda" is written. Below the signature, the name "Friðbjörn Garðarsson hrl." is written.

Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð

**Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík**

Reykjavík, 22. mars 2021

KRÖFULÝSING

f.h. eiganda Kvía ásamt eyðijörðum Lónafirði, L188886

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfum til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og síðan til dagsins í dag.

Aðild og fyrirsvar:

Eigandi jarðarinnar er:

Ættaróðalið Kvíar sf., kt. 480715-0550

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Kröfugerð:

Aðalkrafa landeigenda er, að Óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingum framlagðs þinglýsts landamerkjrabréfs auk landamerkjrabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

Frá Meleyri við sjó (1) beint til fjalls (2) þaðan er fjallinu fylgt á vatnaskilum móti Álfss töðum allt þar til vötnum hallar til Stranda á s.k. Hyrnukili (3) þaðan er vatnaskilum móti Bolungavík, Barðsvík, Smíðjuvík, Bjarnarnes, Látravík og Horni fylgt á móts við s.k. Ranghalaskarð (4). Þaðan er fjallshryggnum og síðar fjallinu fylgt á vatnaskilum móti Steig allt i klettadranginn Mann sem stendur úti í sjó yst við Kviarníp (5).

Til vara krefst landeigandi þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að formu og nýju, þ.á.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málkostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málkostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Kvíar eru forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í Landnámu, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Örygs Böðvarssonar, samkvæmt túlkun Haraldar Matthiassonar í riti sínu Landið og landnáma.

Af kröfulýsingu fjármálaráðherra má ráða, að ætlunin hafi ekki verið að lýsa kröfu í land jarðarinnar og íslenska ríkið virðist fallast á að allt hið umdeilda svæði hafi verið innan upphaflegs landnáms á svæðinu.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðaneftir (Svæði 1-9B) kemur fram á bls. VII, að nefndin telji, að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar, en hæpið að draga ályktanir á grundvelli takmarkaðra lýsinga Landnámu. Þessar niðurstöður nefndarinnar hafa verið staðfestar af dómstólum.

Landeigendur telja landamerkjalyssingu jarðarinnar sem og aðliggjandi jarða vera skýrar og greinargóðar. Fullyrðingu um annað í kröfulýsingu íslenska ríkisins er mótmælt sem röngu.

Landeigendur álita að meginástæðan fyrir kröfu íslenska ríkisins í land innan landamerkjja jarðarinnar sé ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún.

Íslenska ríkið hefur áður deilt við landeigendur um skilning á hugtakinu fjallsbrún fyrir Óbyggðaneftir, t.a.m. í málínu nr. 3-4/2004 um Kjalarnes og Kjós n.t.t. um landamerkjá á fjallinu Esju. Um þetta segir í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

...Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álítaefni hvernig túlka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknunum stað, t.d. í klettabruni. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar. ...Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðaneftir um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dæmum í seðlasafni Orðabókar Háskólans megi ráða að fjallsbrún geti bæði verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknunum stað. ...

Með heilstæðu mati á landamerkjabréfum umhverfis Esjuna hafnaði Óbyggðaneftir skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og þá niðurstöðu bar íslenska ríkið ekki undir dómstóla.

Landeigendur telja að það sama eigi við í því máli sem hér er til úrlausnar.

Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tíð verið undirþrópið beinum eignarrétti.

Landeigandi leggur áherslu á að þegar Óbyggðaneftir metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttta innan ummerkja jarðarinnar.

Landeigandi telur ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkjja jarðarinnar verði dregin í esa.

Landeigandi vísar til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðaþáttar Grágásar segir:

Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra aðæfá þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra mamma lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land aðæfji. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja

Í 3. kapítula landsbrigðaþáttar segir um merkjagöngu:

Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir returnætur hinum næstu esfir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nöttum fyrir. ... Eigi er skyld að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnsmóttó deilast á millum herada, og eigi er skyld að ganga úr búsfárgangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveisit hafa. Merkjagangan, sem framför eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalauga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfdu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalauga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins kom landeiganda þannig á óvart þar sem hann hesur athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalaugum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalyngingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinna séu uppfyllt og beri þegar af þeiri ástæðu að hafna kröfum ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telur landeigandi að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðaneftnd ljútur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og

að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigandi heldur því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margssinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigandi telur ennfremur að hafi ríkisvaldið einhværn tíma getað haft uppi vífengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slik krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrmingu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdaust.

Landeigandi hefur þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpíð fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeiri trú.

Til vara byggir landeigandi kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

Visað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Visað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar

Visað er til málsmæðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Visað er til landamerkjalauga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Visað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Visað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Visað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Visað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Visað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Visað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Visað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998


Visað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Visað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.



Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð

**Óbyggðanefnd
Hverfisgötu 4a
101 Reykjavík**

Reykjavík, 22. mars 2021

KRÖFULÝSING

f.h. eins eiganda Steig í Jökulfjörðum, L188963

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem felli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og síðan til dagsins í dag.

Aðild og fyrirsvar:

Kröfulýsandi er:

Konráð Guðmundur Eggertsson, kt. 180243-4299

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Kröggerð:

Aðalkrafa landeigenda er, að Óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu framlagðs þinglýsts landamerkjábréfs auk landamerkjábréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan eftirtalinnar merkja með vísan til tölusettu punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

Frá Ósi Veiðileysuár við sjó (1) eftir ánni í Hafnarskarð (2) þaðan er fylgt vatnaskilum móti Höfn og Horni á móts við s.k. Ranghalaskarð (3). Þaðan er fjallshrygnum og síðar fjallinu fylgt á vatnaskilum móti Kvíum allt í klettadranginn Mann, sem stendur úti í sjó yst við Kvíarnúp (4).

Til vara krefst landeigandi þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.a.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Steig eru forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í Landnámu, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Örlygs Böðvarssonar, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í ritinu Landið og landnáma.

Af kröfulýsingu fjármálaráðherra má ráða, að ætlunin hafi ekki verið að lýsa kröfu í land jarðarinnar og íslenska ríkið virðist fallast á að allt hið umdeilda svæði hafi verið innan upphaflegs landnáms á svæðinu.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðaneftndar (Svæði 1-9B) kemur fram á bls. VII, að nefndin telji, að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar, en hæpið að draga ályktanir á grundvelli takmarkaðra lýsinga Landnámu. Þessar niðurstöður nefndarinnar hafa verið staðfestar af dómstólum.

Landeigendur telja landamerkjalýsingu jarðarinnar sem og aðliggjandi jarða vera skýrar og greinargóðar. Fullyrðingu um annað í kröfulýsingu íslenska ríkisins er mótmælt sem röngu.

Landeigendur álíta að meginástæðan fyrir kröfu íslenska ríkisins í land innan landamerkja jarðarinnar sé ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún.

Íslenska ríkið hefur áður deilt við landeigendur um skilning á hugtakinu fjallsbrún fyrir Óbyggðaneftnd, t.a.m. í málunum nr. 3-4/2004 um Kjalarne og Kjós n.t.t. um landamerki á fjallinu Esju. Um þetta segir í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

...Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álitaefni hvernig tilka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrím sé þar sem halli breytist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrum. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrím sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar.

...Hér skal þess getið að i svari Gunnlaugs Ingólfssonar, frædimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðaneftndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dæmum í sedlasafni Orðabókar Háskólangs megi ráða að fjallsbrún geti bædi verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknum stað. ...

Með heildstæðu mati á landamerkjabréfum umhverfis Esjuna hafnaði Óbyggðaneftnd skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og þá niðurstöðu bar íslenska ríkið ekki undir dómstóla.

Landeigandi telur að það sama eigi við í því máli sem hér er til úrlausnar.

Gagnstætt því sem halddið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tíð verið undirþorpið beinum eignarrétti.

Landeigandi leggur áherslu á að þegar Óbyggðaneftnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttu innan ummerkja jarðarinnar.

Landeigandi telur ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í esa.

Landeigandi visar til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðabáttar Grágásar segir:

Ef maður rædur að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veidar og aðréttu ef eru, og allra aðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef adrír menn eigu i það land aðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja

Í 3. kapítula landsbrigðabáttar segir um merkjagöngu:

Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir returnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjó nótum fyrir. ... Eigi er skyld að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skyld að ganga ír búfjárgangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveisit hafa. Merkjagangan, sem framför eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvædi að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrri en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins kom landeiganda þannig á óvart þar sem hann hefur athugasemdalega og þinglýsta eignarheimild syrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalegri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinna séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telur landeigandi að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómógulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slikeflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slikum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oflast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigandi heldur því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigandi telur ennfremur að hafi ríkisvaldið einhværn tíma getað haft uppi vefsengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slik krafa er fyrir löngu fallin úr gildi syrir tömlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.

Landeigandi hefur þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpíð fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Til vara byggir landeigandi kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartima.

Helstu lagarök:

Visað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Visað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinna

Visað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Visað er til landamerkjalauga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Visað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlagarlauga nr. 39/1978

Visað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Visað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Visað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Visað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Visað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Visað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998


Visað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Visað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málkostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir Óbyggðaneftnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.



Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð



Kröfulýsing

til

óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október 2020, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

JÖRÐ: Steinólfssstaðir, lnr. 188964, fnr. 2250286, Ísafjarðarbæ.

EIGENDUR: Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Ásdís Svava Hrólfssdóttir	kt. 080939-3379
Birna Hjaltalín Pálsdóttir	kt. 090733-2149
Hans Guðmundur Hilaríusson	kt. 270235-2129
H. M. Wragell og Co	kt. 802798-AAA0
Kristinn Sigurjónsson	kt. 221063-2449
Marðareyri sf.	kt. 680414-0410

MÁLFLUTNINGSUMBOD: Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda, með umboði frá Marðareyri sf.

KRÖFUGERÐ: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Steinólfssstaða í Veiðileysufirði**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar, sbr. framlagt kröfulínukort ásamt hornpunktaskrá, séu samkvæmt landamerkjabréfi fyrir jörðina Steinólfssstaði, ódagsettu en innkomnu til þinglýsingar í Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu þann 28. apríl 1891, þar sem segir:

Merkin eru þessi: Norðan fram með Veiðileysufirði sem liggur að Marðareyrar landarleign, er út í Merkiseyrarlæk til fjallsbrúnar á hæðstu rögg fjallsins í kringum alla Steinólfssstaðadali, í Hlöðuvíkurskarð, og þaðan austur yfir fjallabrunir í Hafnarskarð, þaðan ofan eptir fjarðar ánni sem rennur í sjó í fjarðarbotninum og skilur Steigarland frá ofannefndri jörð Steinólfssstöðum. Fjara og reki með öllu landi er óskert

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Steinólfssstaða**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins

 LÖGMENN SUÐURLANDI

fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

SAGA JARDAR:

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns stendur um Steinólfssstaði að jörðin sé 12 hundruð að dýrleika og að eigandi sé lögrjettumaðurinn Ásgeir Sigurðsson að Ósi í Steingrímsfirði.

Í jarðamati 1804 segir um Steinólfssstaði í Veiðileysufirði:

Steenolfstad

Selvejer Jord tilhørende Biarne Jonsen paa Mardareyre

Dyrhed 6 hndr.

for nærværende 1804 ubeboet.

[...]

Af Fieldgræs kan her takes 1 Tonde pr Aar. –

Selhundefangst som afgiver 2/15 Tde Tran. –

Udmarken er underkastet Fieldskreed. –

p. n. her holdes 8 Lam.¹

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir að Steinólfssstaðir sé í beneficium, metin til 6 hdr. að dýrleika.²

Í jarðamati 1849-1850 segir um Steinólfssstaði við Veiðileysufjörð:

1849. Augúst 20 var jardamatþíng sett ad stad í Grunnavík af Sýslumanni Ísfirdíngi – hvar þá – var fyrirtekid:

ad meta jardir allar í Grunnavíkur hrepp ad dalatali.

[...]

8. Steinólfssstadir.

Móskurdur góður og búnýtjar eru þar, hægd til slægna og þar góðar og landrými nægilegt og ad flestu er kotid þægilegt og hætilegt.³

Landamerkjabréf Steinólfssstaða er ódagsett en innkomið til þinglysingar í Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu þann 28. apríl 1891, og er þar merkjum lýst:

Skýrsla um landamerki á jörðinni Steinólfstöðum í Grunnavíkurhreppi

Merkin eru þessi: Norðan fram með Veiðileysufirði sem liggar að Marðareyrar landarleign, er út í Merkiseyrarlæk til fjallsbrúnar á hæðstu rögg fjallsins í kringum alla Steinólfssstaðadali, í Hlöðuvíkurskarð, og þaðan austur yfir fjallabrénum í Hafnarskarð, þaðan ofan eftir fjarðar ánni sem rennur

¹ Steinólfssstaðir í Veiðileysufirði. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802–1804, bls. 127v).

² Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 204.

³ Nes í Grunnavík, Staður í Grunnavík, Faxastaðir í Grunnavík, Höfði í Jökulfjörðum, Leira í Leirufirði, Kjós í Jökulfjörðum, Kvíar í Lónafirði, Steinólfssstaðir í Veiðileysufirði, Barðsvík á Ströndum, Bolungarvík á Ströndum, Furuþjörður á Ströndum. (Íslenska stjórnardeildin, J/2-6, Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849–1850, án blaðsíðutals).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

í sjó í fjarðarbotninum og skilur Steigarland frá ofannefndri jörð Steinólfssstöðum. Fjara og reki með öllu landi er óskert.⁴

Í fasteignamati 1916-1918 fyrir Norður-Ísafjarðarsýsla, segir um Steinólfssstaði:

20 Fyrirtekið að meta jörðina Steinólfssstaðir Nr 16 6 hndr. f.m.

Eigendur: Vagn Benidiktsson Hesteyri 3 hndr. f.m.

– Albert Benidiktsson – 1 ½

– Hansina Tómasdóttir 1 ½ 6 hndr. f.m.

Ábúandi: Betúel Friðriksson

Lýsing jarðarinnar

[...]

II Jarðnytjar: Túnið talið 2 ha ½ slett grasgefið og i góðri rækt. Töðufall 50 hestar

Útengi: Grasgefið, greiðfært, þurlent og slétt Heyfall 200 hestar

Beitiland gott og fjörubeit góð

III. Önnur jarðargæði og hlunnindi

Mótak litið. Torfrista nokkur

[...]

Undan jörðinni var sold fyrir nokkrum árum, svokölluð Meleyri, norsku hvalveiðafélagi.

Landamerki: Í Merkiseyri og Fjarðará

Mat:

a. Jörðin 800 Kr.

b. Jarðarhús 400 1200 kr.

Hús ábúanda 500

Alls Krónur 1700

p.t. Ísafirði 7 des. 1917

[...].⁵

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Steinólfssstaði:

Í Veiðileysufirði norðan fram, Marðareyri, 6 Hdr. að dýrleika, engjalaus með nokkrum útigangi og hættulegum skriðuföllum og snjóflóðum, þar fjallið er mjög hátt og bratt. Undir sama fjalli, innar við fjörðinn, eru Steinólfssstaðir 6 Hdr. með góðu túni og engjum.⁶

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Steinólfssstaði sem Jóhann Hjaltason skráði haustið 1937, segir um landamerki milli Steinólfssstaða og Steigar:

⁴ Steinólfssstaðir í Veiðileysufirði. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1959, án bls., nr. 184).

⁵ Steinólfssstaðir í Veiðileysufirði. (Fjármálaráðuneytið – Fasteignamat, AA/7-2, Norður-Ísafjarðarsýsla, undirmat II 1916-1918, bls. 45).

⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfizkra áthagafélaga (1952), bls. 158.

LÖGMENN SUÐURLANDI

[...] Landamerki á milli Steigar og Steinólfssstaða eru við Fjarðará (6), sem aðrir nefna Veiðileysuá (7), og rennur hún af áður nefndum Veiðileysudal. [...]

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Steinólfssstaði sem Sölví Sveinsson skráði, dags. 25. júlí 1974, segir um landamerki Steinólfssstaða:

Landamerki Steinólfssstaða og Marðareyrar eru um Merkiseyri. [...]

Jökuldalir (15) eða Jökladalir (16) ná inn að Hlöðuvíkursskarði (17). [...] Þeir eru allir Steinólfssstaðamegin við Lónhorn (18), sem er nokkuð hátt fjall. Hinu megin takmarkast þeir af Bæjarhorni. [...]

Fyrir inna Lónið tekur Þrætupartur (28) við og nær alveg inn að Fjarðará (29) eða Veiðileysuá (30). Um hana eru landamerki Steinólfssstaða og Steigar. [...]

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

MÁLSÁSTÆDUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlagi nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu MSE, sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög háleit, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðanda míns byggir á máldögum, afsö lum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Steinólfssstaði í Veiðileysufirði** sem vísað er hér til. Einnig er vísað til þinglýsts landmerkjabréfs fyrir Steinólfssstaði, innkomið til þinglýsingar í Landmerkjabók Ísafjarðarsýslu þann 28. apríl 1891, sem ofangreind kröfulýsing byggir á.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landmerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlið) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsfrétt, (Hólafrétt).

Um **Steinólfssstaði** stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 12 hundruð að dýrleika og að eigandi sé lögrjettumaðurinn Ásgeir Sigurðsson að Ósi í Steingrímsfirði. Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 segir að jörðin sé 6 hundruð að dýrleika. Þá segir einnig í jarðatali Jóns Johnsen frá 1847 að Steinólfssstaðir sé beneficium og sé 6 hdr að dýrleika.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landmerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Steinólfssstöðum í Veiðileysufirði**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hefur umbjóðandi minn, ásamt sameigendum sínum, óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpíð fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vesfengingarkröfu á hendur eigendum **Steinólfssstaða**, þá sé ljóst að hún sé löngu

LÖGMENN SUDURLANDI

niður fallin vegna fyrningar og tömlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðanda míns verið þinglýst athugasemda laust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðanda míns sé ekki fullkominn eign hans og sameigenda hans.

Meðfylgjandi er uppráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalýsingu jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísad er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísad er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísad er til reglna um hefð.

MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 15. september 2020, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Steinólfssstaðir í Veiðileysufirði** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur að kröfusvæðum ríkisins, kröfusvæðin sem Steinólfssstaðir liggja að heita: **Álfstaðir, Kviar og Steig – Höfn og Horn – Hlöðuvík og Hælavík – Marðareyri og Hesteyrarfjröður**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Ísafjarðarsýslu** hafi frá landnámi verið undirorpíð beinum eignarrétti. Landamerki **Steinólfssstaða** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Steinólfssstaða** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpíð beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemda laust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar fyrir Steinólfssstaði frá 1937
4. Örnefnaskrá Sölva Sveinssonar fyrir Steinólfssstaði frá 25. júlí 2974
5. Þinglýsingarvottorð


LÖGMENN SUÐURLANDI

6. Fasteignamatsvottorð
7. Umboð

ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 22.03 2021


Ólafur Björnsson hrl.



Kröfulýsing

til

óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október 2020, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

JÖRÐ: Marðareyri, lnr. 188956, fnr. 225-0279, Ísafjarðarbæ.

EIGENDUR: Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Ásdís Svava Hrólfssdóttir	kt. 080939-3379
Birna Hjaltalín Pálsdóttir	kt. 090733-2149
Db. Stefáns Dan Óskarssonar	kt. 110647-7519
Magnús Guðmundsson	kt. 250347-3679
Marðareyri sf.	kt. 680414-0410
Eiríkur Benjamínsson	kt. 802805-AAA0
Benedikt Albert Benediktsson	kt. 802806-AAA0
Hansína Tómasdóttir	kt. 939417-AAA0
Albert Benediktsson	kt. 939418-AAA0

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ: Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda, með umboði frá Marðareyri sf. og Magnúsi Guðmundssyni.

KRÖFUGERÐ: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Marðareyrar við Veiðileysufjörð**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt eftirfarandi heimildum, sbr. framlagt kröfulínukort ásamt hornpunktaskrá;

Landamerkjrabréfi fyrir Steinólfssstaði, ódagsetti en innkomnu til þinglýsingar í Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu þann 28. apríl 1891, þar sem segir um landamerki milli Steinólfssstaða og Marðareyrar:

*Merkin eru þessi: Norðan fram með Veiðileysufjörði sem liggur að Marðareyrar landarleign,
er út í Merkiseyralæk til fjallsbrúnar á hæðstu rögg fjallsins [...]*

Örnefnaskrá fyrir jörðina Marðareyri sem Sölvi Sveinsson skráði eftir Bjarna Guðmundssyni, dags. 22. júlí 1974, en þar segir um landamerki milli Hesteyarfjarðar og Veiðileysufjarðar:

Landamerki Hesteyarfjarðar og Veiðileysufjarðar og hreppamörk Sléttuhrepps og Grunnavíkurhrepps eru um Lásfjall.

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Marðareyrar**, hafnað og þess krafist að innan landamerka jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

LÖGMENN SUÐURLANDI

MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

SAGA JARÐAR:

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, kemur fram að jörðin Marðareyri sé 12 hundruð að dýrleika og að eigandi sé lögrjettumaðurinn Ásgeir Sigurðsson að Ósi í Steingrímsfirði.

Í jarðamati 1804 segir um Marðareyri við Veiðileysufjörð:

Mardareyre

Selvejer Jord tilhörende Beboeren

Dyrhed. 6 hndr.

Selvejer Biarne Jonsen

[...]

Jngen anden Herligheder end

1 Hval hver 100 Aar. –

Udmarken er under kastet Fieldskreed.

p. n. her holdes 5 Lam.

Öde Jorden Giaalfadalur er her her under indbefattet.¹

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir að Marðareyri sé í beneficium, metin til 6 hdr. að dýrleika, enn fremur segir að eyðijörðin Gjálfadalur sé talin með.²

Í jarðamati 1849-1850 segir um Marðareyri við Veiðileysufjörð:

1849. Augúst 20 var jardamatþíng sett ad stad í Grunnavík af Sýslumanni Ísfirdíngi – hvar þá – var fyrirtekid:

ad meta jardir allar í Grunnavíkur hrepp ad dalatali.

[...]

5. Mardareyri.

Þar er slægnaleysi afarmikid og nær því algjörlegt, en beit og búgædi eru þar í góðu lagi.³

Landamerkjabréf Steinólfstaða er ódagsett en innkomið til þinglýsingar í Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu þann 28. apríl 1891, og er þar merkjum Marðareyrar m.a. lýst:

Skýrsla um landamerki á jörðinni Steinólfstöðum í Grunnavíkurhreppi

¹ Marðareyri við Veiðileysufjörð. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802–1804, bls. 128v).

² Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn*, 1847, bls. 204.

³ Oddsfót í Grunnavík (Kerlingarstaðir), Kollsá í Jókulfjörðum, Álfstaðir í Hrafnfirði, Stéig í Veiðileysufjörði, Marðareyri við Veiðileysufjörð, Smiðjuvík á Ströndum, Þaralátursjörður á Ströndum, Reykjarfjörður á Ströndum, Kirkjuból á Ströndum. (Íslenska stjórnardeildin, J/2–6, Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849–1850, án blaðsíðutals).

⚡ LÖGMENN SUÐURLANDI

Merkin eru þessi: Norðan fram með Veiðileysufirði sem liggar að Marðareyrar landarleign, er út í Merkiseyrarlæk til fjallsbrúnar á hæðstu rögg fjallsins í kringum alla Steinólfssstaðadali, í Hlöðuvíkurþóð, og þaðan austur yfir fjallabréði í Hafnarskarð, þaðan ofan eptir fjarðar ánni sem rennur í sjó í fjarðarbotninum og skilur Steigarland frá ofannefndri jörð Steinólfssstöðum. Fjara og reki með öllu landi er óskert.⁴

Í fasteignamati 1916-1918 fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, segir eftirfarandi um Marðareyri:

21 Fyrirtekið að meta jörðina Marðareyri Nr 17 – 6 hndr. f m.

Eigendur: Vagn Benidiktsson Hesteyri 1 hndr. 60 ál

– Albert – – 1 – 100 –

– Hansína Tómasdottir – 1 – 100

Ragnheiður Jónsdóttir Höfðaströnd 100 – 6 hndr. f.m

Notendur: Albert og Vagn Benidiktssynir Hesteyri

Lýsing jarðarinnar

Túnið lítið og þýft og fallið i órækt Töðufall 20 hestar

Útengi: Lítið, grýtt, en greiðfært Heyfall 90 hestar

Beitiland gott

Jörðin hefur verið í eyði síðan fyrir síðustu aldamót. Húsín fallin.

Jarðareigendur hafa selt fjjörulóð frá jörðinni, Jóni A Jónssyni bankastjóra Jsaf. og M. Thorberg símstjóra, fyrir 2500 Krónur

Mat. 400 Krónur

p.t. Ísafirði, 7. des. 1917

[...].

Í sóknarlýsingu Vestfjarða, lýsing á Staðarsókn, segir að afréttarland sé í Hesteyrarfirði sem er aðliggjandi Marðareyri.⁵

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Marðareyri:

Í Veiðileysufirði norðan fram, Marðareyri, 6 Hdr. að dýrleika, engjalaus með nokkrum útigangi og hættulegum skriðuföllum og snjóflóðum, þar fjallið er mjög hátt og bratt.⁶

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Marðareyri sem Jóhann Hjaltason skráði haustið 1937, að sögn Líkafróns Sigurgarðssonar bóna að Hrafnsfjarðareyri, segir um Marðareyrar:

Marðareyri, sem er eða réttar sagt var næsti bær fyrir utan Steinólfssstaði í Veiðileysufirði, hefur nú verið í eyði síðan um aldamót. Landamerki á milli Steinólfssstaða eru við læk einn, sem nefnist Vettlingalækur (1). [...]

⁴ Steinólfssstaðir í Veiðileysufirði. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1959, án bls., nr. 184).

⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfízkra átthagafélaga (1952), bls. 188-189.

⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfízkra átthagafélaga (1952), bls. 158.

LÖGMENN SUÐURLANDI

Fer þá undirlendinu að minnka eftir því sem nær dregur nesi því eða núp, sem þar verður á milli Veyðileysufjarðar og Hesteyrarfjarðar (11). Þar eru klettar miklir og kambar, snarbrattir í sjó. Nefnast þeir Arnarkambur (12), Sýrkambur (13) og Lás (14), sem er yzta nestáin og ókleift bjarg. [...]

Ath. Í jarðabók Á.M. segir m.a.a svo: „Gjálfurárdalur, kallast almennilega Gjálfrardalur, heitir eitt örnefni hér í landinu, sem menn meina að byggð hafi að formu verið, og sjást þar enn tóftarrústir, en girðinga litlar eða öngvar, þó sýnist líklegt að þar hafi tún verið, og brúkast nú til beitar frá Marðareyri. [...]

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Marðareyri sem Sölvi Steinsson skráði eftir sögn Bjarna Guðmundssonar, dags. 22. júlí 1974, segir um landamerki Marðareyri:

Landamerki Hesteyrarfjarðar og Veiðileysufjarðar og hreppamörk Sléttuhrepps og Grunnavíkurhrepps eru um Lásfjall (1). Það endar í klettanúp, sem heitir Lás (2). Ef til vill heitir hann svo, að gengt var að honum beggja megin í fjöru, en ekki fyrir hann. Hann er gróinn framan til, og verpir þar svartbakur og fyll.

Sýrkambur (3) er klettabrík sem gengur fram í sjó. Gengið var fyrir ofan hann. [...] Hann er nokkur hundruð metrum innar en Lásinn. Fyrir innan hann er smávik, sem er uppi um fjöru.

Folaldakambur (4) er dálítið innar, ca. 300-400 m. Hann er klettur, sem nær ekki alveg í sjó. Hann er tvær til þrjár mannhæðir og allmiklu minni en klettar þarna í nágrenninu. Rétt utan til við klettinn rennur Folaldaá (5) í sjóinn. Hún á upptök sín í Folaldalægðum (6) sem eru uppi á fjallinu.

Dálítið innar er Arnarkambur (7). Hann er nokkuð hár klettur upp úr fjöru. Í honum varp ör. Litlikambur (8) er milli Arnarkambs og Folaldakambs. Hlíðin upp af þessum klettur, allt frá Lásnum að Gjálfardal (sjá síðar), heitir Öskjuhlíð (9). [...]

Gjálpardalur (13) er nokkru utar en Marðareyri. [...] Í fjörunni fyrir neðan dalinn voru verbúið Marðareyrarbænda. [...] Utan til í Gjálpardal, þar sem Öskjuhlíð endar, er klettabelti, sem heitir Gjálpardalshorn (15). Þar sem dalurinn endar hinum megin, heitir Marðareyararfjall (16). Það nær allt inn að Merkiseyri (sjá síðar).

[...] Á Marðareyri var búið til 1906. Síðasti ábúandinn het Hansína Tómasdóttir.

Frá Marðareyri að Merkiseyri (21) heitir Marðareyrarbugur (22). [...] Um Merkiseyri liggja landamerki Marðareyrar og Steinólfssstaða. Bjarna minnir, að bein lina upp á fjallsbrún frá steini á miðri Merkiseyri skipti löndum fremur en Vettlingalækur (23), sem er rétt innan hennar.

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Marðareyri sem Sölvi Steinsson skráði eftir sögn Eiríks Benjamínssonar, dags. 24. júlí 1974, þar sem örnefnaskrá Bjarna Guðmundssonar var höfð til hliðsjónar og gerðar athugasemdir við og bætt, segir um landamerki Marðareyri:

[...] Vettlingslækur (27) er rétt utan við Merkiseyrina. Hann á upptök sín upp á fjalli í svonefndum Vettlingslægðum (28).

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

MÁLSÁSTÆDUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlagi nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hárent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðanda míns byggir á máldögum, afsö lum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Marðareyri við Veiðileysufjörð** sem vísað er hér til. Landamerkjabréf fyrir jörðina Marðareyri hefur þó enn ekki fundist. Hins vegar er vísað til landamerkjabréfs fyrir jörðina Steinólfssstaði, sem er ódagsett en innkomið til þinglýsingar í Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu þann 28. apríl 1891, en Steinólfssstaðir eru aðliggjandi Marðareyri. Þar er landamerkjum á milli Marðareyrar og Steinólfssstaðar lýst, og þau sögð ná „til fjallsbrúnar á hæstu rögg fjallsins“. Jafnframt er vísað til örnefnaskrár fyrir jörðina Marðareyri sem Sölví Sveinsson skráði eftir Bjarna Guðmundssyni, dags. 22. júlí 1974, en þar segir um landamerki milli Hesteyrarfjarðar og Veiðileysufjarðar að þau liggi „um Lásfjall“. Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Marðareyri í heild sinni, en rétt er að nefna í þessu tilliti að á svæðinu virðist hafatíðkast að landamerkjum hafi verið lýst sameiginlega fyrir nágrannajarðir, líkt og gert var í landamerkjabréfi Steinólfssstaða fyrir Steinólfssstaði og Marðareyri samkvæmt framangreindu, en síður gerð landamerkjabréf þar sem heildarlandamerkjum tiltekinnar jarðar út af fyrir sig var lýst.

Á því er byggt að jörð með þinglýstum landamerkjum sem styðjast við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í mali 2/2009 um Kolbeinsdalsáfrétt, (Hólaafrétt).

Um **Marðareyri** stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 12 hundruð að dýrleika og að eigandi sé lögrjettumaðurinn Ásgeir Sigurðsson að Ósi í Steingrímsfirði. Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 segir að jörðin sé 6 hundruð að dýrleika og að eigandi sé Bjarni Jónsson, enn fremur segir að eyðijörðin Gjálfardalur sé metin með. Þá segir einnig í jarðatali Jóns Johnsen frá 1847 að Marðareyri sé beneficium og sé 6 hrað að dýrleika, enn fremur segir að eyðijörðin Gjálfardalur sé talin með.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málínu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Marðareyri við Veiðileysufjörð**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hefur umbjóðandi minn, ásamt sameigendum sínum, óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margssinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirþróð fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Marðareyrar**, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðanda míns, og sameigenda hans, verið þinglýst athugasemda laust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðanda míns og sameigenda hans sé ekki fullkominn eign þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalyssingu jarðarinnar.

LÖGMENN SUÐURLANDI

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 15. september 2020, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Marðareyri við Veiðileysufjörð** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er **Marðareyri og Hesteyrarfjörður**. Þjóðlendumkröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkjja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Ísafjarðarsýslu** hafi frá landnámi verið undirþipið beinum eignarrétti. Landamerki **Marðareyrar** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornnum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Í kröfulýsingu ríkisins virðist þjóðlendumkröfa ríkisins einkum byggja á því að ekki liggi fyrir landamerkjabréf fyrir Marðareyri og að erfitt hafi að finna skýra landfræðilega afmörkun sem hægt var að styðja kröfulínu við aðra en hæðarlínu sem miðuð er við 200 metra í kröfulýsingu ríkisins.

Eins og áður hefur komið fram hefur ekki fundist landamerkjabréf fyrir Marðareyri í heild sinni, en rétt er að nefna í þessu tilliti að á svæðinu virðist hafa tíðkast að landamerkjum hafi verið lýst sameiginlega fyrir nágrannajarðir, líkt og gert var í landamerkjabréfi Steinólfssstaða fyrir Steinólfssstaði og Marðareyri samkvæmt framangreindu, en síður gerð landamerkjabréf þar sem heildarlandamerkjum tiltekinnar jarðar út af fyrir sig var lýst. Vísað er til þess sem kemur fram í landamerkjabréfi fyrir jörðina Steinólfssstaði, innkomnu til þinglýsingar þann 28. apríl 1891, þar sem fram kemur að merki jarðanna nái „*til fjallsbrúnar á hæstu rögg fjallsins*“. Samkvæmt þessu orðalagi telur umbjóðandi minn ljóst að umþrætt landsvæði tilheyri landareign Marðareyrar, enda skýrt að um merki jarðarinnar hafi verið miðað við hæstu fjallsbrúnir og má af því ráða að þau liggi á vatnaskilum.

Jafnframt ber í þessu samhengi að benda á það sem kemur fram í örnefnaskrám fyrir jörðina, og þá einkum þess sem kemur fram í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar, dags. 22. júlí 1974 þar sem segir um landamerki milli Hesteyrarfjarðar og Veiðileysufjarðar að þau liggi „*um Lásfjall*“.

Rétt er að nefna í þessu tilliti að á þessu svæði eru almennt mjög skýr náttúruleg merki á milli jarða, en hver og ein jörð afmarkast tíðast af fjallgörðunum í kring og þar tekur næsta jörð við. Landamerkjabréf jarða á svæðinu miða skýrlega við slík merki, og á það við um ofangreint landamerkjabréf sem lýsir merkjum Marðareyrar ásamt fyrirliggjandi örnefnaskrám um jörðina. Telur landeigandi rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki að þessu leyti, til samræmis við orðalag fyrirliggjandi landamerkjabréfa og legu jarða á svæðinu almennt.

Landeigendur telja þannig rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt er á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað er við hvert regndropi fellur, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari – Jökulsár). Landeigendur áréttu að almennt er miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og þótti almennt ekki rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð.

Því er harðlega mótmælt að staðsetning landsvæðisins á landinu, eða landfræðileg lega og gróðurfar svæðisins að öðru leyti og ágiskanir um nýtingu þess í gegnum árin út frá því, geti leitt til þess að svæðið

 LÖGMENN SUÐURLANDI

teljist þjóðlenda líkt og ríkið virðist byggja á í kröfulýsingu sinni. Bent er sérstaklega á í þessu tilliti að landsvæðið er ekki frábrugðið fjölmögum svæðum sem talin hafa verið til eignarlanda. Af fyrirliggjandi gögnum má jafnframt ráða, eins og rakið er hér að framan, að byggð hefur verið í Marðareyri síðustu árhundruðin.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Marðareyrar** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpíð beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.


Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar fyrir Marðareyri frá árinu 1937
4. Örnefnaskrá Sólva Sveinssonar fyrir Marðareyri, dags. 22. júlí 1974
5. Örnefnaskrá Sólva Sveinssonar fyrir Marðareyri, dags. 24. júlí 1974
6. Þinglýsingarvottorð
7. Fasteignamatsvottorð
8. Umboð

ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selvfossi 22.07. 2021

Ólafur Björnsson hr.



ALMENN RÁÐGJÓF



FASTEIGNASALA



SLYSA- OG BÓTAMÁL

Kröfulýsing**til****óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október 2020, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

JÖRÐ: Hesteyri, Ísafjarðarbæ.

EIGENDUR: Jörðin Hesteyri er í eigu eigenda neðangreindra spildna, en jörðinni hefur verið skipt upp í eftirfarandi hluta:

Hesteyri/Reyrhóll, lnr. 189290, fnr. 2250414

Sölvi Rúnar Sólbergsson	kt. 190559-4919
-------------------------	-----------------

Hesteyri/Langivöllur, lnr. 189026, fnr. 2250465

Dþ. Jakobínu Sigurðardóttur	kt. 080718-4549
Dþ. Fríðu Áslaugar Sigurðardóttur	kt. 111240-2729
Dþ. Kristjáns Sigurðssonar	kt. 141124-3669
Dþ. Baldvins Lúðvíks Sigurðssonar	kt. 260128-2059
Dþ. Sigríðar S. Sigurðardóttur	kt. 260722-4339
Dþ. Sigurborgar Sigurðardóttur	kt. 290819-2029
Dþ. Ásdísar Sigurðardóttur	kt. 291020-2839
Guðný Sigrún Sigurðardóttir	kt. 010245-4279
Hrafnhildur Ingólfssdóttir	kt. 030652-2829
Sigrún Hjartardóttir	kt. 050654-4519
Birgir Ingólfsson	kt. 091249-2439
Guðmundur Hjartarson	kt. 120855-7869
Guðrún Edda Kjartansdóttir	kt. 150499-3139
Örn Ingólfsson	kt. 191058-2839
Ingibjörg Hjartardóttir	kt. 250562-4119
Stefanía Hjartardóttir	kt. 270856-5869
Lilja Hjartardóttir	kt. 290553-3349
Gunnhildur Hjartardóttir	kt. 291057-3149
Skarphéðinn Þór Hjartarson	kt. 291163-7269

Hesteyri/Heimabær 1, lnr. 189306, fnr. 2250424

Guðmundur Jón Jónsson	kt. 060952-3459
-----------------------	-----------------

Hesteyri/Heimabær 2, lnr. 189298, fnr. 2250423

Ingibjörg Guðmundsdóttir	kt. 090263-3749
Hólmfríður Guðmundsdóttir	kt. 130464-2629
Dóra Guðmundsdóttir	kt. 150765-4209

LÖGMENN SUDURLANDI

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ: Undirritaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda, með umboði frá Sólva Rúnari Sólbergssyni.

KRÖFUGERÐ: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Hesteyrar við Hesteirarfjörð**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt eftirfarandi heimildum, sbr. framlagt kröfulínukort ásamt hornpunktaskrá;

Landamerkjabréfi Sléttu í Jökulfjörðum frá 12. ágúst 1889, auk fyrirliggjandi landamerkjabréfa annarra aðliggjandi jarða Hesteyrar, en í landamerkjabréfi Sléttu segir um landamerki milli Hesteyrar og Sléttu:

Að austanverðu (sem að Hesteyri veit) skilur lönd rauður klettur við sjó fram; þaðan er sein sjónhending upp eptir Deildarfjalli; þaðan er rétt stefna utanvert við Nónfallsbungu upp eptir Tóarbrekku og i Klaufa

Örnefnaskrá fyrir Hesteyri sem Ari Gíslason skráði, þar sem segir m.a. um Hesteyri:

Vestasti fjörðurinn af Jökulfjörðunum (1) svonefndu heitir Hesteyrarfjörður (2) nú, eins og fyrr getur, má finna, að hann hefur verið nefndur Norðfjörður (3) áður fyrr. Hann stefnir frá suðvestri til norðausturs og er allur í landi Hesteyrar

Örnefnaskrá fyrir jörðina Hesteyri sem Jóhann Hjaltason skráði í frumriti haustið 1940 eftir sögn Hjálmars Gíslasonar á Hesteyri, en hreinritað og aukið samkvæmt handriti Guðmundar Sigurðssonar frá Látrum haustið 1966, þar sem segir m.a. um landamerki Hesteyrar:

Land Hesteyrar nær yfir allan Hesteyrarfjörð allt frá Lás, sem er yst við fjörðinn að austanverðu og út að svo nefndri Deild vestan megin fjarðar, á milli Hesteyrar og Sléttu.

Örnefnaskrá fyrir jörðina Marðareyri sem Sölvi Sveinsson skráði eftir Bjarna Guðmundssyni, dags. 22. júlí 1974, þar sem segir um landamerki milli Hesteyrarfjarðar og Veiðileysufjarðar:

Landamerki Hesteyrarfjarðar og Veiðileysufjarðar og hreppamörk Sléttuhrepps og Grunnavíkurhrepps eru um Lásfjall.

Einnig fasteignamati 1916-1918 fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem landamerkjum Hesteyrar er lýst:

[...]

Landamerki: Lás að austan, Slettubjarg að vestan.

[...]

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Hesteyrar**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarrekningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingi í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

SAGA JARÐAR:

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að kemur fram að jörðin Hesteyri sé 12 hundruð að dýrleika og að eigandi sé lögrjettumaðurinn Ásgeir Sigurðsson að Ósi í Steingrímsfirði.

Í jarðamati 1804 segir um Hesteyri við Hesteyrarfjörð:

Hesteyre

Selvejer Jord tilhörende Thorvard Gudmundsen paa Nes

Dyrhed 24 hndr.

Lejlænding Odd Jonsen Jslev Jslevsen og Jon Jonssen

[...]

Fieldgræs og Fiskerie som ved foregaaende. —

Havkalvefangst gives ikke.

Selhundefangst til 2/15 Tde Tran. —

En Hval hver 100 Aar. —

Kratskov til eget brug.

p. n. her holdes 8 Lam. —

Öde Hialejen Langevöllur er her under indbefattet.¹

Í jarðatali Johnsns frá 1842 segir að Hesteyri sé í beneficium, metin til 24 hdr. að dýrleika, enn fremur segir að sýslumaður telur helming af Hesteyrar dýrleika á hjáleigunni, Lángavelli.²

Í jarðamati 1849-1850 segir um Hesteyri við Hesteyrarfjörð:

Ár 1849, 22 ágúst, var jarðamatsþing sett að Látrum í Sléttuhreppi af Sýslumanni Isfirðinga samkv. tilsk.

27da maí 1848 – hvar þá – var fyrirtekið

að meta jarðir allar í Sléttuhreppi að dalatali

[...]

1. Hesteyri.

Slægnaleysi mjög mikið og sandágangr á þær þokar jörð þessari niðrúr meðalkostum

[...].³

Á manntalsþingi Hornstrendinga og Aðalvíkinga á þingstaðnum Sléttu, dags. 9. júní 1852, er Hesteyrar getið, þar segir:

Ar 1852, þann 9 Júni, var reglulegt manntalsþing sett að Sljettu, Þingstað rjettum Aðalvíkinga og Hornstrendíngu – hvar þá – var af Sýslumanni Isfirðinga, eptir að Þing gridum var yfirlýst fyrirtekið:

¹ Hesteyri við Hesteyrarfjörð. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802–1804, bls. 133v).

² Jón Johnsen, Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 204.

³ Hesteyri við Hesteyrarfjörð, Garðar í Aðalvík, Þverdalur í Aðalvík, Efri-Miðvík í Aðalvík, Neðri-Miðvík í Aðalvík, Stakkadalur í Aðalvík, Tunga í Fljótavík, Glúmsstaðir í Fljótavík, Atlastaðir í Fljótavík, Höfn í Hornvík. (Íslenska stjórnardeildin, J/2-6, Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849–1850, án blaðsíðutals).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

[...]

d. Spurt var um friðlysingar Lagna og ædarvarps? fridlýst var fyrir Hesteyrar Landi öllu; æðarvarp þókti ei til vera.

[...].⁴

Á manntalsþingi Hornstrendinga og Aðalvíkinga á þingstaðnum Sléttu, dags. 1. júní 1854, er Hesteyrar getið, þar segir:

Árið 1854, hinn 1. dag júnímánaðar, setti sýslumaður Ísfirðinga hið árlega manntalsþing Aðalvíkinga og Hornstrendinga á þingstaðnum Sljettu, – hvar þá – eptir að þingfriði og griðum var yfir lýst, var fyrir tekid að lesa lagaboð konungs:

[...]

b. 1., var spurt um friðlysingar eggvera og lagna, – og var friðlýst fyrir Hesteyrarlandi eptir því, sem áður hefur verið gjört.

[...].⁵

Á manntalsþingi Hornstrendinga og Aðalvíkinga á þingstaðnum Sléttu, dags. 30. maí 1856, var m.a. Hesteyarfjarðar getið, en þar segir:

Ár 1856 þann 30. Mai, setti sýslumaður Ísfirðinga hið vanalega árlega manntalsþing Hornstrendinga og Aðalvíkinga á þingstaðnum Sljettu, hvar þá – eptir að þingfriði var yfirlýst í 4 undirskrifadra votta vidurvist var fyrirtekið að auglýsa:

[...]

5. Friðlýst fyrir Hesteyarfyrði, frá Lás og i Eyrar

[...].⁶

Á manntalsþingi haldið að Sléttu í Sléttuhreppi var „*Friðlýst lögnum á öllum Hesteyarfirði.*“⁷

Í landamerkjabréf Steinólfssstaða, ódagsett, sem er aðliggjandi Hesteyri, er merkjum þeirrar jarðar lýst „*til fjallsbrúnar á hæstur rögg fjallsins*“.⁸

Í landamerkjabréfi Sléttu í Jökulfjörðum, dags. 12. ágúst 1889, er landamerkjum á milli Sléttu og Hesteyrar lýst svo:

Að austanverðu (sem að Hesteyri veit) skilur lönd rauður klettur við sjó fram; þaðan er sein sjónhending upp eptir Deildarfjalli; þaðan er rétt stefna utanvert við Nónfjallsbungu upp eptir Tóabrekku og í Klaufa; þaðan sem fjallsbrúnin heldur út að Fannardal, þar sem vötnum hallar út á Hnúka, eptir hæztu rönd þeirra

⁴ Almenningar vestari á Hornströndum, Hesteyri í Hesteyarfirði, Staður á Snæfjallaströnd. Manntalsþing 9. júní 1852. (Sýsl. Ísafj., GA/2–2, Dóma- og þingbók Ísafjarðarsýslu 1848–1854, bls. 207–208).

⁵ Almenningar vestari á Hornströndum, Hesteyri í Hesteyarfirði, Staður á Snæfjallaströnd. Manntalsþing 1. júní 1854. (Sýsl. Ísafj., GA/2–2, Dóma- og þingbók Ísafjarðarsýslu 1848–1854, bls. 272–273).

⁶ Almenningar eystri á Hornströndum, Almenningar vestari á Hornströndum, Hesteyri í Hesteyarfirði, Staður í Grunnavík, Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp. Manntalsþing 30. maí 1856. (Sýsl. Ísafj., GA/2–3, Dóma- og þingbók Ísafjarðarsýslu 1854–1859, bls. 86r).

⁷ Almenningar vestari á Hornströndum. Manntalsþing 6. júlí 1859. (Sýsl. Ísafj., GA/3–1, Dóma- og þingbók Ísafjarðarsýslu 1858–1867, bls. 33–34).

⁸ Steinólfssstaðir í Veiðileysufirði. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 184).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

vestur á Teistubrún. Þaðan ræður löndum Teistarönd að sunnanverðu ofan á Teistatítu. Frá henni er sein sjónhending niður á Sleppu við sjó fram innan vert við Hafnir.⁹

Í landamerkjabréfi Efri-Miðvíkur í Aðaldal, dags. 19. október 1889, sem er aðliggjandi Hesteyri, er merkjum lýst svo:

Að landamerki Efri-Miðvíkur eru þessi: Til suðvesturs, suðurs og suðausturs ráða fjallabréfir, [...]¹⁰

Í landamerkjabréfi Neðri-Miðvíkur í Aðaldal, dags. 19. október 1889, sem er aðliggjandi Hesteyri, er merkjum lýst svo:

Að landamerki Neðri-Miðvíkur eru sem nú segir: Milli Miðvíkur og Stakkadals í Kleif og í Klömp fram úr Kleifinni, og þaðan sjónhending eptir Mannhrygg, og svo sem fjallagarðsbrúnir segja.¹¹

Í landamerkjabréfi Stakkadals í Aðaldal, dags. 29. apríl 1891, sem er aðliggjandi Hesteyri, er merkjum lýst svo:

[...] að landamerki milli Stakkadals og neðri Miðvíkur eru í Kleif og í Klömp fram úr Kleifinni, og þaðan sjónhending eptir Mannhrygg, og svo sem fjallagarðsbrúnir segja.¹²

Í landamerkjabréfi Glúmsstaða í Fljótavík, dags. 19. október 1889, sem er aðliggjandi Hesteyri, er merkjum lýst svo:

Að landamerki þjóðjarðarinnar Glúmsstaða eru, og skulu ævinlega haldast, svo sem hér greinir: Milli Glumstaða og Atlastaða ræður Reiðará merkjum úr svo nefndu Fljótsskarði, unz hún rennur í eystra horn Fljótsstöðuvatnsins.¹³

Í landamerkjabréfi Atlastaða í Fljótavík, dags. 19. október 1889, sem er aðliggjandi Hesteyri, er merkjum lýst svo:

Að landamerki téðrar jarðar eru, og skulu af öllum haldast, svo sem nú segir: Frá Kögurtá við sjó fram upp á fjallsbrún, og svo sem Fjallabréfir segir fram í Fljótsskarð. Frá Fljótsskarði ræður Reiðará merkjum milli Atlastaða og Glúmsstaða, unz hún rennur í eystra horn Fljótsstöðuvatnsins.¹⁴

Í landamerkjabréfi Kjaransvíkur á Hornströndum, dags. 12. júní 1887, sem er aðliggjandi Hesteyri, er merkjum lýst svo:

Merki milli Hlöðuvíkur og nefndrar jarðar er Hvalsker í sjó fram og uppí Litlakamb, sem er utanhalt við Álfssfell, og uppá hátind og eptir fjallsbrúnnum í Kjaransvíkurskarð, og svo norður eptir fjallsbrúnnum vestan fram við vikina heilt á Kjalaranúp, þar niður til sjóar í Selvog.¹⁵

Í fasteignamati 1916-1918 fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, segir um Hesteyri:

1. Fyrirtekið að meta 1 ½ hndr. f. m i jörðinni Hesteyri og Langivöllur Nr 1

Eigandi og abúandi: Albert Beníktsson

⁹ Sléttu í Jökulfjörðum. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 199).

¹⁰ Efri-Miðvík í Aðalvík. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 96).

¹¹ Neðri-Miðvík í Aðalvík. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 94).

¹² Stakkadalur í Aðalvík. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 185).

¹³ Glúmsstaðir í Fljótavík. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 92).

¹⁴ Atlastaðir í Fljótavík. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 93).

¹⁵ Kjaransvík á Hornströndum. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 57).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Lýsing jarðarinnar

[...]

II. Jarðnytjar: Túnið talið $\frac{1}{2}$ ha, grasgefið og greiðfært Töðufall 10 hestar.

Útengi: Lítið og a víð og dreif um bithaga Heyfall 20 hestar

Beitiland: Gott og fjörubeit góð

III. Ónnur jarðargæði og hlunnindi:

Mótak gott. Torfrista litil. Skógar nokkur i Hesteyrarfirði. Hlutfallslegar tekjur af grunnsköttum (140 krónur) = 9 Kr. árl.

[...]

Landamerki: Lás að austan, Slettubjarg að vestan.

Mat:

a. Jörðin 450 kr.

b Mannvirki 50 –

c Jarðarhús 2300 –

Alls Krónur 2800

p.t. Ísafirði, 9. des. 1917

[...]

2. Fyrirtekið að meta 3 hndr. f. m í jörðinni Hesteyri og Langivöllur Nr 1

Eigandi: Sigurður Pálsson verzlunarstj. Hesteyri

Ábúendur: Sigurður Pálsson 1 $\frac{1}{2}$ hndr. f. m.

– Ketilriður Veturliðadóttir 1 $\frac{1}{2}$ –

Lýsing jarðarinnar

[...]

II. Jarðnytjar: Túnið talið ca 1 ha, ennfremur ræktuð og girt lóð ca 1 ha sem gefur af sér 20 hesta töðu. Túnið i góðri rækt og mest alt slétt Töðufall 20 hestar.

Útengi Lítið og á dreif um bithaga Heyfall 40 hestar

Beitiland: Sumarbeit góð og fjörubeit nokkur –

III. Ónnur jarðargæði og hlunnindi.

Mótak gott. Torfrista litil. Skógar nokkur i Hesteyrarfirði. Hlutfallslegar tekjur af grunnsköttum 18 krónur árl.

[...]

Landamerki. Lás að austan, Sléttubjarg að vestan

Mat: a. Jörðin 860 kr.

b. Mannv. 140 –

c Lóðin 400 1400 Kr.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

d. Hús Ketilriðar 1300 –

Alls Krónur 2700

Ísafirði, 9. des. 1917

[...]

3. Fyrirtekið að meta 5 hndr. f.m. i jörðinni Hesteyri og Langivöllur Nr 1

Eigendur: Rósá Gisladóttir Hesteyri 2 hndr. f. m.

– Guðm. J. Guðmundsson – 1 –

– Bæring Bæringsson – 1

– Betúel Betúelsson Hofn 1 5 hndr. –

Ábúandi: Guðm. J. Guðmundsson

Lýsing jarðarinnar:

[...]

II. Jarðnytjar: Túnið ca 1 ½ ha, mest alt slétt, grasgefið og í goðri rækt. Töðufall 35 hestar

Útengi: Snöggengl, slétt og á dreif um bithaga Heyfall 70 hestar

Beitiland: Sumarbeit góð og fjörubeit góð

III Ónnur jarðargæði og hlunnindi:

Mótak gott. Torfrista litil. Skogur nokkur í Hesteyrarfirði: Foss í landi jarðarinnar, sem nota mætti til raflysingar.

Hlutfallslegar tekjur af grunnsköttum 30 krónur

[...]

Landamerki: Lás að austan, Sléttubjarg að vestan

Mat: a. Jörðin 1500 kr.

b. Mannv. 200 1700 kr.

c Hús ábúanda 2200 –

Alls krónur 3900

p.t. Ísafirði, 9. des. 1917

[...]

4 Fyrirtekið að meta 3 hndr. f m i jörðinni Hesteyri og Langivöllur Nr 1

Eigendur: Jósef Þorsteinsson Hesteyri. 2 hndr. f. m.

– Guðjón Jósefsson – ½

– Sigríður Jósefsdóttir – ½ 3 hndr.

Ábúandi: Guðjón Jósefsson

Lýsing jarðarinnar

 LÖGMENN SUDURLANDI

[...]

II. Jarðnytjar: Túnið talið 1 1/3 ha, mest alt slétt, grasgefið og í góðri rækt. Töðufall 25 hestar

Útengi Lítið og á dreif um bithaga Heyfall 40 hestar

Beitiland: Sumarbeit góð og fjörubeit nokkur.

III Ønnur jarðargæði og hlunnindi:

Mótak gott. Torfrista lítil. Skógar nokkur i Hesteyrarfirði. Hlutfallslegar tekjur af grunnsköttum 18 krónur

[...]

Landamerki: Lás að austan, Sléttubjarg að vestan

Mat: a. Jörðin 900 kr.

b. Mannv. 100 – 1000 kr

b. Hús ábúanda 2300 –

Alls Kronur 3300

Ísafirði 9. des 1917

[...]

5 Fyrirtekið að meta 4 hndr. i jörðinni Hesteyri og Langivöllur Nr 1

Eigendur: Jens Guðmundsson Hesteyri 2 hndr. f.m.

– Sturla Guðmundsson – 1 –

– Ingibjörg Guðmundsdóttir – 1 = 4 hndr. f. m.

Ábúandi. Jens Guðmundsson

Lysing jarðarinnar:

[...]

II Jarðnytjar: Túnið talið 1 ½ ha, mest alt slétt, grasgefið og í góðri rækt. Töðufall 35 hestar.

Útengi: Litið og á dreif um bithaga Heyfall 80 hestar

Beitiland: Sumarbeit góð og fjörubeit nokkur

III. Ønnur jarðargæði og hlunnindi:

Mótak gott. Torfrista lítil. Skógar nokkur i Hesteyrarfirði. Hlutfallslegar tekjur af grunnsköttum 24 krónur

[...]

Landamerki: Lás að austan, Sléttubjarg að sunnan

Mat: a Jörðin 1280 kr.

b. Mannvirki 120 – 1400 kr.

c. Hús ábúanda 2500

Alls Krónur 3900

p.t. Ísafirði, 9. des. 1917

[...]

 LÖGMENN SUÐURLANDI

6 Fyrirtekið að meta 1 hndr. f.m. í jörðinni Hesteyri og Langivöllur Nr 1

Eigandi og ábúandi. Vagn Benidiktsson

Lýsing jarðarinnar:

[...]

II Jarðnytjar: Tunið talið ½ ha mest alt slétt, grasgefið og í góðri rækt. Töðufall 12 hestar

Útengi: Lítið og á dreif um bithaga Heyfall 15

Beitiland: Sumarbeit goð og fjörubeit nokkur

III. Önnur jarðargæði og hlunnindi

Mótak gott. Torfrista lítil. Skógur nokkur í Hesteyrarfirði Hlutfallslegar tekjur af lóðum og grunnsköttum 6 kronur árl.

[...]

Landamerki: Lás að austan. Sléttubjarg að vestan

Mat: a. Jörðin 330 Kr.

b. Mannv. 70

c Jarðarhús 1500

Alls Kronur 1900

p.t. Ísafirði, 9. des. 1917

[...]

7 Fyrirtekið að meta 2 hndr. í jörðinni Hesteyri og Langivöllur Nr 1

Eigendur: Guðbjartur Guðmundsson Hesteyri 1 hndr. f.m.

– Rósa Gisladóttir – 1 2 – f. m

Ábúandi: Guðbjartur Guðmundsson

Lýsing jarðarinnar

[...]

II. Jarðnytjar: Túnið talið 1 ha, grasgefið, mest alt slétt og í góðri rækt. Töðufall 15 hestar Ennfremur útrækt, sem gefur af sér 125 hesta töðu

Útengi: Lítið og á dreif um bithaga Heyfall 45 hestar

Beitiland: Sumarbeit goð og fjörubeit nokkur

III. Önnur jarðargæði og hlunnindi:

Mótak gott. Torfrista lítil. Skógur nokkur í Hesteyrarfirði. Hlutfallslegar tekjur af lóðum og grunnsköttum 12 Krónur árl.

[...]

Landamerki: Lás að austan, Sléttubjarg að vestan

Mat:

 LÖGMENN SUÐURLANDI

- a. Jörðin 800 Kr.
- b. Mannvirki 200 – 1000 Kr.
- c Hús abúanda 2000
- Alls Kronur 3000 –
- Ísafirði, 9. des 1917
- [...]

8 Fyrirtekið að meta 3 hndr. f.m i jörðinni Hesteyri og Langivöllur Nr 1

Eigandi og ábúandi: Benidikt Jónsson

Lýsing jarðarinnar:

[...]

II. Jarðnytjar: Túnið talið 1 ½ ha mest alt slétt, grasgefið og i góðri rækt. Töðufall 35 hestar

Útengi: Lítið og á dreif um bithaga. Heyfall 50 hestar.

Beitiland: Sumarbeit góð og fjörubeit nokkur.

III. Önnur jarðargæði og hlunnindi

Motak gott. Torfrista lítil. Skógar nokkur i Hesteyrfirði. Hlutfallslegar tekjur af lóðum og grunnsköttum 18 krónur

[...]

Landamerki: Lás að austan, Sléttubjarg að vestan

Mat: a. Jörðin 1000 Kr.

b. Mannvirki 100

c Hús jorðin 2300

Alls Kronur 3400.

Ísafirði, 9. Des 1917

[...]

9 Fyrirtekið að meta 1 ½ hndr. f. m. i jörðinni Hesteyri og Langivöllur Nr 1

Eigandi og ábúandi: Guðjón Kristjánsson

Lýsing jarðarinnar:

[...]

II. Jarðnytjar Túnið talið 1 ha, mest alt slett, grasgefið og greiðfært gefur af sér 20 hestar töðu

Útengi: Lítið og á dreif um bithaga Heyfall 35 hestar

Beitiland: Sumarbeit góð og fjörubeit nokkur

III Önnur jarðargæði og hlunnindi:

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Mótak gott. Torfrista litol. Skógor nokkur i Hesteyrarfirði. Hlutfallslegar tekjur af lóðum og grunnsköttum
9 Krónur

[...]

Landamerki: Lás að austan, Sléttubjarg að vestan

Mat:

a. Jörðin 520 Kr.

b. Mannvirki 50 –

c. Jarðarhús 1430 –

Alls Krónur 2000 –

Ísafirði, 9. des. 1917

[...].¹⁶

Í sóknarlýsingu Vestfjarða, lýsing á Staðarsókn, segir m.a. um afréttarlönd:

32. Afréttarlönd eru: Hesteyrarfjörður. Hann liggar undir Hesteyri.¹⁷

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Hesteyri:

8. Hesteyri, heimajörð (24 Hdr. öll), 12 Hdr. að dýrleika, stendur á sjóarbakka fyrir utan Hesteyrará. Túnið nær ofan að sjó og er allgott. Útheysslægjur í minna lagi og reitingslegar. Útigangur í meðallagi með syrk af fjöru. Skaðaveður kom þar aldregi. Mótak er þar lítið. Selveiði nokkra mætti hafa þar, ef skot legðust niður. Til fiskjar nær þar nokkuð lítið.¹⁸

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Langavöll, hjáleigu frá Hesteyri:

9. Langivöllur, (hjáleiga frá Hesteyri) 12 Hdr. að dýrleika. Bærinn stendur utar, jafnvel frá sjó. Tún er þar enn betra; allt annað er eins og á heimajörðinni. Báðum þeim jörðum er svo varið að landlagi, að þar er fjáróspekt einhver hin stakasta.¹⁹

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Hesteyri sem Jóhann Hjaltason skráði í frumriti haustið 1940 eftir sögn Hjálmars Gíslasonar á Hesteyri, en hreinritað og aukið samkvæmt handriti Guðmundar Sigurðssonar frá Látrum haustið 1966, segir um landamerki Hesteyrar:

[...]

Land Hesteyrar nær yfir allan Hesteyrarfjörð allt frá Lás, sem er yst við fjörðinn að austanverðu og út að svo nefndri Deild vestan megin fjarðar, á milli Hesteyrar og Sléttu. [...]

Þess var fyrr getið, að syðri landamerki Hesteyrar væru yzt við fjörðinn að austanverðu, við fjallsnúpinn Lás (6), sem er þverhnípt bjarg í sjó, á milli Hesteyrarfjarðar (7) og Veiðileysufjarðar (8). Þar er einnig hreppamæti Sléttuhrepps og Grunnvíkurhrepps, Jökulfjarðarmegin. Þegar ofar dregur er Lásfjall (9) [...] Inn af Lásfjalli er Skálafell (10) og Skálafjall (11). [...]

¹⁶ Hesteyri við Hesteyrarfjörð. (Fjármálaráðuneytið – Fasteignamat, AA/7-2, Norður-Ísafjarðarsýsla, undirmat II 1916–1918, bls. 59–67).

¹⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfizkra áthagafélaga (1952), bls. 188-189.

¹⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfizkra áthagafélaga (1952), bls. 184-185.

¹⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfizkra áthagafélaga (1952), bls. 185.

 LÖGMENN SUDURLANDI

Inn og upp af Seleyri og Belti skerst dalverpi inn í fjallið, svo nefndur Svínadalur (21) [...] í dal þessum er töluvert beitar- og slægnaland. Mælt er að dalurinn dragi nafn af því, að Hesteyraríngar hinir fornu hafi haft þar svín sín, er gengið hafi að mestu sjálfala í dalnum, árið um kring.

Fyrir inna Seleyri og Svínadal er brött fjallshlíð, alla leið inn í fjarðarbotn. [...] Fyrir innan Svínadal eru tveir smádalir eða lægðir neðan fjallsbrúnar, er nefnist Jökuldalur (23) og Einhamarsdalur (24). [...]

Inn í svo nefndum Fjarðarbotni (28) er mjög lítið láglendi, en á rennur þar niður, sem kemur undan fönnum í Kjaransvíkur-skarði og nefnist hún Fjarðará (28). [...]

[...] Upp af Kúsbrekku er bungumyndaður hryggur, sem nefnist Digrihryggur (54), en upp af honum er hátt einstakt fell með klettabrúnum, sem kallast Kistufell (55). Alllangt í vestur þaðan, eða aðeins í norðvestur, er anað hátt fell, er kallast Kagrafell (56). Landið á milli þessara fella er einu nafni nefnt Hryggir (57), en efst heitir Kjöllur (58). Dálítill lægð er niður í Kjöllinn og heitir þar Fljótsskarð (59), sem leið liggur um norður til Glúmsstaða í Fljóti. [...]

Þegar Hryggir enda við Kagrafell tekur við Langahlíð (60) að Hvolfhjöllum (61), sem eru neðarlega í Kagrafelli. [...] Á milli Kagrafells og Búrfells (63), sem er upp af Hesteyri, myndast lágt dalverpi, er nefnist Hesteyrardalur (64), þar sem dalurinn endar efst er nefnst Hesteyrarskarð (65). Úr skarðinu liggja leiðir niður í Miðvíkur og um Stakkadalsfjall til Stakkadals. [...]

[...] Á milli Heimabæjar (93), Oddhóls (94), Reyrhóls (95) og Hjallhundraðs (96) er svo nefnd Mjóaveita (97). En á milli Reyrhóls, Hjallhundraðs og Langavallar (98), sem var ytri bær Hesteyrar, er svo nefnd Vísísvæta (99). [...]

(Fyrri hluti frásagnar Hjálmars Gíslasonar)

Landamerki á milli Hesteyrar og Sléttu eru við svo nefnda Deild (1) og Deildarstein (2) við sjóinn. Þar upp af heita Brúnir (3) eða Hesteyrarbrúnir (4). [...] Fjallið þar upp af nefnist Nóngilsfjall (14) og gil í fjallinu er nefnt Nóngil (15). [...] Hjalli (24) heitir fyrir ofan Hesteyri og Tó (25), þar sem fjallið endar. Þá er Nautateigur (26), Móar (27) Stúlkihjalli (28), Litlafell (29), Búrfell (30) og Búrfellsþækir (31). [...]

Síðan er Hesteyrardalur (36) og Hesteyrarskarð (37), sem farið er norður til Miðvíkna og Látra. Síðan er Kagrafell (38), Kagrafellshjalli (39) [...]. Síðan kemur svo nefnd Hvilst (42) og þar fyrir ofan Hryggir (43) og Kjöllur (44) þar sem hæst ber í fjallgarðinn. Þar sem Hryggjimir enda heitir Digrihryggur (45).

Fram í Kagrafelli heitir Langahlíð (46). Ártunguár (47) eru tvær, koma þær ofan frá Hryggjum og renna í Hesteyrará (48). [...]

Í örnefnaskrá Hesteyrar sem Ari Gíslason skráði, segir m.a. um Hesteyri:

Austasta jörðin í sunnanverðum Sléttuhreppi. Land jarðarinnar er beggja vegna við Hesteyarfjörð og hallar til hans. Bærinn stendur vestan fjarðarins, sunnan við Hesteyrará, undir hallandi hlíð móta austri. Bærinn er nefndur „við Jökulfjörðu“ í jarðabók Árna Magnússonar. Einnig má geta þess hér, að sums staðar er fjörður þessi nefndur Norðfjörður, t.d. 1595-1668, en fyrir 1733 breytist nafnið. Í jarðabók Árma er einnig sagt frá því, að hér sé bænahús, er enn stóð 1710, þó að ekki hafi hér tildeir verið veittar í manna minnum. Þess má einnig geta, að um síðustu aldarmót var kirkja byggð að Hesteyri [...].

Þann 3. maí 1458 er jörðin talin með eignum Vatnsfjarðar-Kristínar eins og aðrar jarðir hreppsins, nema Látrar, Sléttu, Horn og Höfn. Hefur hún fengið jarðir þessar að erfum eftir föður sinn, Björn Jórsalafara, og hann eftir Einar Eiríksson, föður sinn, er ekki hægt að rekja það nánar hér. Síðan verður hún eign Björns ríka og að lokum Solveigar Björnsdóttur, dóttur hans. Árið 1710 býr þar Jón Ólafsson, sem þar hafði búið um 40 ár, hann á nokkur börn, meðal þeirra er Bjarni Jónsson, sem þá er talinn eiga 9 hdr. í jörðinni, systir hans Vigdís Jónsdóttir á 3 hdr., svo á Ólöf Jónsdóttir, kona Sigurðar Jónssonar sýslumanns í á Hvítárvöllum, 12 hdr. [...]

 LÖGMENN SUDURLANDI

Árið 1710 er metið 24. hdr. Þar inn í falin hjáleigan Langivöllur, var í eyði frá Stórubólu 1707 [...]. Langivöllur byggðist aftur síðar. [...]

[...] Vestasti fjörðurinn af Jökulfjörðunum (1) svonefndu heitir Hesteyrarfjörður (2) nú, eins og fyrr getur, má finna, að hann hefur verið nefndur Norðfjörður (3) áður fyrr. Hann stefnir frá suðvestri til norðausturs og er allur í landi Hesteyrar [...] Nokkuð út frá bæ, út með Hesteyrarfirði, er leiti eða hvarf, smáskriðubunga, sem heitir Deild (4). Framan við hana aðeins innar, er svo rauður lítill sandbergskelttur, sem heitir Rauðiklettur (5). [...]

Ytri hluti jarðarinnar hét Langivöllur (29). Sagnir herma, að þar hafi verið búið fyrir svartadauða; má það vel vera, en fyrst hefir verið getið um, að öruggar heimildir eru fyrir því, að jörðin fer eyði í stórubólu. [...] Upp af Sóruveitu er hóll, sem heitir Reyrhóll (31) [...]

[...] Innan við Fjósatungur miðjar heitir Heimabær (41), það er, þar sem bærinn hefur staðið frá alda öðli, nokkuð hár hóll, er hallar af til suðurs. [...]

[...]

Nú er búið að fara hér lægt, og verður nú aftur byrjað frá upp af Deildinni. Er þá fyrst að nefna Bjargbrún (60) eða Bjargbrúnir (61), en þar er átt við meira en brúnina sjálfa, heldur svæðið, sem farið er um, er hér nefnt Ytri-Hesteyrarbrúnir (62), þær innri eru inn með Hesteyrarfirði [...]. Upp af Stórun, sem fyrr er nefnd, neðan við Grasdalina, er hjalli, sem heitir Kolviðarhjalli (65). Bendir nafn hans á, að hér hafi verið gert til kola; enn var 1710 skógar til kolgerðar bjarglegur á Hesteyri [...]

[...] Ofan og innan við Raggirmar og upp og inn af Grænudöllum heitir Nóngilsfjall (73). Þar upp af til norðvestur er svo hækandi land upp á Búrfell (74), er síðar getur; það er mest um sig og jafngrösugast af fellum þeim, sem hér eru á vatnaskilum móti Aðalvík.

[...] Framan við Nóngilslægðirnar fyrnefndu og taglið, sem liggur a Nóngilsfjalli upp undir Búrfell, er svæði með grasgeirum og smálækjum niður hlíðina, þetta heita Búrfellslækir (96) og renna svo niður móana. En vestan við lækina er lægð upp í fellið, sem heitir Klauf (97). Þar eru smábilettir, sem áður fyrr voru stundum slegnir, var þá kallað að fara upp í Klauf.

[...]

Hesteyrarár hefur fyrr verið getið og að hún kemur eftir Hesteyrardal (101), efri hluti dalsins er ofast nefndur Efridalur (102). [...] Á Efridalnum eru litlar slægjur.

[...] Við endann á Stúlkuhjalla hefst svo Efridalurinn, er svo liggur fram undir Hesteyrarskarð (110), sem myndast milli Kagrafells og Búrfells. Efst í því kemur Hesteyrará upp og heitir hér Dalsá (111) og heldur því nafni, þar til Ártungnaá kemur í hana. [...]

Nokkuð norðan við það, sem þverá rennur í Hesteyrará, kemur önnur á í hana að sunnan; sú heitir Lægri-Ártungnaá (112). Tökum við þá fyrst tungu þá, sem hér myndast milli Dalsár og Ártungnaár upp á vatnaskil. [...] Austan við Hesteyrarskarð gnæfir við hátt fell, sem heitir Kagrafell (114). Norðaustur af því er lægð sem heitir Dagmálaskarð (115), þá hækkar landið aftur, og er þar Háheiði (116) á vatnaskilum, sem svo enn lækkar þar, sem heitir Glúmstaðakjölur (117) upp af Ártungunum austast.

[...]

Nú skulum við aftur færa okkur upp í Kagrafell; austur með fellinu alveg í Dagmálaskarð, sem fyrr er nefnt, er läng og grýtt hlíð, sem heitir Langahlíð (128). Dalurinn undir Lönguhlíð heitir svo Lönguhlíðardalur (129). Eftir þessum dal rennur svo Ártungnaáin. Hér austar í dalbotni, beggja vegna ár, eru grjót og urðaröldur, sem heita einu nafni Hryggir (130). Tveir hryggirnir hafa nöfn, Litlihryggur (131) og Digrihryggur (132), sem eru niður undan Kistufelli, er síðar verður betur getið um. Kistufell (133) er hæst fella þeirra, sem umkringja þetta svæði, sem hér hefur verið talið, Búrfells, Kagrafells og Kistufells, sem verður áberandi hátt mótt suðri og vestri.

 LÖGMENN SUDURLANDI

Upp af Hesteyrarbrúnum til austurs taka nú við brekkur, sem heita Andbrekkur (186), og ná þær upp í Kjaransvíkurskarð (187) [...]. Kjaransvíkurskarð var mjög fjölfarin leið áður fyrr. Norðan við skarðið er hátt fell, sem heitir Geldingafell (188), undir því felli vestanverðu lá svo hjalli, er Geldingahjalli (189) heitir. Eftir honum var farið, er menn fóru úr Kjaransvíkurskarði í Fljótaskarð (190), sem var í fjallgarðinn, er hér uppi heitir Fannalágarfjall (191). [...]

Öxlin austanverðu við Kjaransvíkurskarð ber ekki neitt sérstakt nafn. Þegar dregur þar niður fyrir, koma þar Jökuldalir (192) Utan við hann [svo] er klettahnúkur sem heitir Einhamar (193). Lítt dalur utan hans heitir Einhamarsdalur (194), er svo opnast inn í Svínadal (195), er síðar getur.

[...] Fyrir botni Svínadals er hátt fjall, sem heitir Svínafell (201).

[...] og nokkru utar er svo klettur í sjó fram, sem heitir Lás (214) [...] og fjallið hér heitir Lásfjall (216). Hér er því komið á merkin, en hér norðar, sunnan Svínadals, er fjallið nefnt Skálafell (217). [...].

Í Örnefnaskrá fyrir jörðina Marðareyri sem Sölvi Sveinsson skráði eftir Bjarna Guðmundssyni, dags. 22. júlí 1974, segir um landamerki milli Hesteyrarfjarðar og Veiðileysufjarðar:

Landamerki Hesteyrarfjarðar og Veiðileysufjarðar og hreppamörk Sléttuhrepps og Grunnavíkurhrepps eru um Lásfjall.

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlagi nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hárent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðanda míns byggir á máldögum, afsö lum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Hesteyri** við **Hesteyrarfjörð** sem vísað er hér til. Hins vegar er vísað til landamerkjrabréfs fyrir jörðina Sléttu, innkomnu til þinglysingar í Landamerkjjabók Ísafjarðarsýslu þann 24. desember 1891, en jörðin Slétta er aðliggjandi Hesteyri, auk fyrirliggjandi landamerkjrabréfa annarra aðliggjandi jarða Hesteyrar. Jafnframt er vísað til örnefnaskrár fyrir jörðina Marðareyri sem Sölvi Sveinsson skráði eftir Bjarna Guðmundssyni, dags. 22. júlí 1974, en þar segir um landamerki milli Hesteyrarfjarðar og Veiðileysufjarðar að þau liggi „*um Lásfjall*“. Jafnframt er vísað til örnefnaskrár fyrir Hesteyri sem Ari Gíslason skráði, þar sem segir m.a. að Hesteyrarfjörður sé „*allur í landi Hesteyrar*“, og örnefnaskrár fyrir jörðina Hesteyri sem Jóhann Hjaltason skráði í frumriti haustið 1940 eftir sögn Hjálmars Gíslasonar á Hesteyri, en hreinritað og aukið samkvæmt handriti Guðmundar Sigurðssonar frá Látrum haustið 1966, þar sem segir m.a. um landamerki Hesteyrar að land hennar nái „*yfir allan Hesteyrarfjörð allt frá Lás, sem er yst við fjörðinn að austanverðu og út að svo nefndri Deild vestan megin fjarðar, á milli Hesteyrar og Sléttu.*“

Ekki hefur fundist landamerkjrabréf fyrir Hesteyri í heild sinni, en rétt er að nefna í þessu tilliti að á svæðinu virðist hafa tíðkast að landamerkjum hafi verið lýst sameiginlega fyrir nágrannajarðir, líkt og gert var í landamerkjrabréfi Sléttu fyrir Sléttu og Hesteyri samkvæmt framangreindu, en síður gerð landamerkjrabréf þar sem heildarlandamerkjum tiltekinnar jarðar út af fyrir sig var lýst.

Á því er byggt að jörð með þinglýstum landamerkjum sem styðjast við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í málí 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Um **Hesteyri** stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 12 hundruð að dýrleika og að eigandi sé lögrjettumaðurinn Ásgeir Sigurðsson að Ósi í Steingrímsfirði. Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 segir að jörðin sé 24 hundruð að dýrleika. Þá segir einnig í jarðatali Jóns Johnsen frá 1847 að Hesteyri sé beneficium og sé 24 hdr. að dýrleika, enn fremur segir að sýslumaður telur helming af Hesteyrar dýrleika á hjáleigunni, Lángavelli.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málínu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Hesteyri við Hesteyrarfjörð**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hefur umbjóðandi minn, ásamt sameigendum sínum, óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margssinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpíð fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vesfengingarkröfu á hendur eigendum **Hesteyrar**, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðanda míns, og sameigenda hans, verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðanda míns og sameigenda hans sé ekki fullkominn eign þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjálýsingu jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 15. september 2020, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Hesteyri við Hesteyrarfjörð** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er **Marðareyri** og **Hesteyrarfjörður**. Þjóðlendumkröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Ísafjarðarsýslu** hafi frá landnámi verið undirorpíð beinum eignarrétti. Landamerki **Hesteyrar** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í formum ritum.

Í kröfulýsingu ríkisins virðist þjóðlendumkrafa ríkisins einkum byggja á því að ekki liggi fyrir landamerkjabréf fyrir Hesteyri og að erfitt hafi að finna skýra landfræðilega afmörkun sem hægt var að styðja kröfulínu við aðra en hæðarlínu sem miðuð er við 200 metra í kröfulýsingu ríkisins.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Eins og áður hefur komið fram hefur ekki fundist landamerkjabréf fyrir Hesteyrar í heild sinni, en rétt er að nefna í þessu tilliti að á svæðinu virðist hafa tilkast að landamerkjum hafi verið lýst sameiginlega fyrir nágrannajarðir, líkt og gert var í landamerkjabréfi Sléttu fyrir Sléttu og Hesteyri samkvæmt framangreindu, en síður gerð landamerkjabréf þar sem heildarlandamerkjum tiltekinnar jarðar út af fyrir sig var lýst. Vísað er til þess sem kemur fram í landamerkjabréfi fyrir jörðina Sléttu, innkomnu til þinglýsingar þann 24. desember 1891, þar sem fram kemur að merki jarðanna nái „*til fjallsbrúnar á hæstu rögg fjallsins*“. Jafnframt er vísað til örnefnaskrár fyrir Hesteyri sem Ari Gíslason skráði, þar sem segir m.a. að Hesteyrarfjörður sé „*allur i landi Hesteyrar*“, og örnefnaskrár fyrir jörðina Hesteyri sem Jóhann Hjaltason skráði í frumriti haustið 1940 eftir sögn Hjálmars Gíslasonar á Hesteyri, en hreinritað og aukið samkvæmt handriti Guðmundar Sigurðssonar frá Látrum haustið 1966, þar sem segir m.a. um landamerki Hesteyrar að land hennar nái „*yfir allan Hesteyrarfjörð allt frá Lás, sem er yst við fjörðinn að austanverðu og út að svo nefndri Deild vestan megin fjarðar, á milli Hesteyrar og Sléttu.*“ Samkvæmt þessu orðalagi telur umbjóðandi minn ljóst að umþrætt landsvæði tilheyri landareign Hesteyrar, enda skýrt að um merki jarðarinnar hafi verið miðað við hæstu fjallsbrúnir og má af því ráða að þau liggi á vatnaskilum.

Rétt er að nefna í þessu tilliti að á þessu svæði eru almennt mjög skýr náttúruleg merki á milli jarða, en hver og ein jörð afmarkast tíðast af fjallgörðunum í kring og þar tekur næsta jörð við. Landamerkjabréf jarða á svæðinu miða skýrlega við slík merki, og á það við um ofangreint landamerkjabréf sem lýsir merkjum Hesteyrar ásamt fyrirliggjandi örnefnaskrám um jörðina. Telur landeigandi rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki að þessu leyti, til samræmis við orðalag fyrirliggjandi landamerkjabréfa og legu jarða á svæðinu almennt.

Í kröfulýsingu ríkisins virðist byggt á umfjöllun í sóknarlýsingu Vestfjarða, þar sem fjallað er um afréttarlönd í Grunnavíkursókn, þess efnis að afréttarland sé í Hesteyrarfjörði. Í ljósi þessa vill umbjóðandi minn áréttu að íslenska ríkið hefur ekki sýnt fram á landamerki þess svæðis og að það komi skýrlega fram í sóknarlýsingunni að Hesteyrarfjörður liggi undir Hesteyri, sem bendi til þess að hér sé um að ræða landssvæði sem háð er beinum eignarrétti. Ekki er því um þjóðlendu að ræða. Að því er varðar eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur bendir umbjóðandi minn á að í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geta allt eins verið eignarlönd, eins og margdæmt hefur verið, sbr. meðal annars Hrd. 448/2006 (Stórhöfði) og Hrd. 536/2006 (Hvítmaga).

Því er harðlega mótmælt að staðsetning landsvæðisins á landinu, eða landfræðileg lega og gróðurfar svæðisins að öðru leyti og ágiskanir um nýtingu þess í gegnum árin út frá því, geti leitt til þess að svæðið teljist þjóðlenda líkt og ríkið virðist byggja á í kröfulýsingu sinni. Bent er sérstaklega á í þessu tilliti að landsvæðið er ekki frábrugðið fjölmögum svæðum sem talin hafa verið til eignarlanda. Af fyrirliggjandi gögnum má jafnframt ráða, eins og rakið er hér að framan, að byggð hefur verið á Hesteyri síðustu árhundruðin.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Hesteyrar við Hesteyrarfjörð** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpíð beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.


FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Örnefnaskrár Jóhanns Hjaltasonar fyrir Hesteyri frá árinu 1940, hreinritað og aukið samkvæmt handriti Guðmundar Sigurðssonar frá árinu 1966
4. Örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Hesteyri
5. Örnefnaskrá Sölva Sveinssonar fyrir Marðareyri, dags. 22. júlí 1974
6. Þinglýsingarvottorð
7. Fasteignamatvottorð
8. Umboð

ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 22. 03 2021



Ólafur Björnsson hrl.



L A G A H V O L L

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu 9. október 2020 er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð:

Jörð: Slétta í Sléttuhreppi Jökulfjörðum í Ísafjarðarbæ.

Eigendur: Jörðin Slétta í Jökulfjörðum er í eigu eigenda eftirfarandi aðila en jörðinni hefur verið skipt upp í eftirfarandi hluta:

Slétta, sumarhús merking 010101, fastanúmer F2250343
Slétta ehf., kt. 660276-1069.

Slétta, sumarhús merking 020101, fastanúmer F2250344
Dagný Guðnadóttir, kt. 271154-2089
Selma Guðnadóttir, kt. 220257-3559
Njáll Flóki Gíslason, kt. 021274-5189
Oddur Karl Heiðarsson, kt. 290394-3689
Db. Gísla Jónssonar, kt. 080137-7299
Marinó Freyr Arnórsson, kt. 220771-5719
Jóna Emilía Arnarósdóttir, 090456-5989
Gunnar Albert Arnórsson, kt. 301152-4349
Sölvi Arnar Arnórsson, kt. 170862-5629
Sigurður Guðmundur Arnórsson, kt. 120359-4879
Db. Hermanns Alberts Jónssonar, kt. 120440-3149
Egill Jónsson, kt. 090296-3379
Edda Ýr Guðnadóttir, kt. 231066-4389
Jón Ólafur Guðnason, kt. 141169-5389
Db. Maríu Guðnadóttur, kt. 210259-2799

Slétta, fastanúmer F2250345
Dagný Guðnadóttir, kt. 271154-2089
Njáll Flóki Gíslason, kt. 021274-5189
Oddur Karl Heiðarsson, kt. 290394-3689
Marinó Freyr Arnórsson, kt. 220771-5719
Jóna Emilía Arnarósdóttir, 090456-5989
Gunnar Albert Arnórsson, kt. 301152-4349
Sölvi Arnar Arnórsson, kt. 170862-5629
Sigurður Guðmundur Arnórsson, kt. 120359-4879
Hans Guðmundur Hilaríusson, kt. 270235-2129
Edda Ýr Guðnadóttir, kt. 231066-4389
Jón Ólafur Guðnason, kt. 141169-5389
Db. Maríu Guðnadóttur, kt. 210259-2799
Selma Guðnadóttir, kt. 220257-3559
Db. Hermanns Alberts Jónssonar, kt. 120440-3149
Slétta ehf., kt. 660276-1069.
Egill Jónsson, kt. 090296-3379



Málflutningsumboð: Undirritaður, Jóhann Tómas Sigurðsson lögmaður, fer með mál þetta f.h. Sléttu ehf. skv. umboði.

Kröfugerð: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar Sléttu í Sléttuhreppi, Jökulfjörðum, Ísafjarðarbæ, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt framlögðu kröfulínukorti. Jafnframt er þess krafist að þjóðlendukröfu ríkisins, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar Sléttu, verði hafnað og þess krafist að innan landamerka jarðarinnar samkvæmt framlögðu kröfulínukorti sé enga þjóðlendu að finna.

Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi óbeinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar Sléttu í Sléttuhreppi, Jökulfjörðum, Ísafjarðarbæ, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt framlögðu kröfulínukorti.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðarnefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarrekningi eða mati nefndarinnar.

Heimildir: Krafa landeigenda byggir m.a. þinglýstri eignarheimild og eftirfarandi lýsingu úr landamerkjabók um Ísafjarðarsýslu frá 12. ágúst 1889

„Að austanverðu (sem að Hesteyri veit) skilur lönd rauður klettur við sjó fram; þaðan er sein sjónhending upp eptir Deildarfjalli; þaðan er rétt stefna utanvert við Nónfjallsbungu upp eptir Tóarbrekku og í Klaufa; þaðan sem fjallsbrúnin heldur út að Fannardal, þar sem vötnum hallar út á Hnúka, eptir hæztu rönd þeirra vestur á Teistubrún. Þaðan ræður löndum Teistarönd að sunnanverðu ofan á Teistatítu. Frá henni er sein sjónhending niður á Sleppu við sjó fram innan vert við Hafnir.“

Þá er einnig vísað til annarra gagna sem óbyggðanefnd hefur aflað og liggja fyrir, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Annað: Eigendur áskilja sér rétt og óska eftir fresti til að skila inn greinargerð í málinu þar sem fram koma helstu málsatvik, frekari heimildir, málsástæður og lagarök.

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit yfir þinglýsa eigendur
2. Drög að kröfulínukorti með landamerkjum jarðarinnar
3. Fasteignamatsvottorð
4. Umboð lögmanns

Áskilnaður Umbjóðendur okkar áskilja sér rétt til að skila inn greinargerð með málsástæðum og lagarökum til stuðnings kröfugerð sinni ásamt uppfærðu kröfulínukorti sem og að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar.

Reykjavík, 4. júní 2021

Jóhann Tómas Sigurðsson, lögmaður
(rafrænt undirritað)

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Sæból í Aðalvík. Ísafjarðabæ, fasteignanúmer F2249371, áður í Sléttuhreppi.

Kröfuna gerir/gera:

Jörðin Sæból, Ísafjarðabæ, Sléttuhreppi fastanr. F2249371 er í eigu á annað hundrað manns. Eignarluti hvers og eins er tengdur einhverju af húsum þeim sem standa á jörðinni. Því var farin sú leið að hópa eigendur eftir húsum og einn fulltrúi hvers húss gerir kröfuna fyrir hönd sinna meðeigenda. Margir eigendur koma fram á veðbókavottorði en mikill fjöldi er einnig á bak við dánarbúin sem tilgreind eru í veðbókavottorðinu (meðfylgjandi). Haft hefur verið samband við allar ættir og munnlegt eða rafrænt samþykki frá þeim. Óskað er eftir að leggja kröfulýsinguna svo fram án formlegra umboða. Fari nefndin fram á umboð hvers og eins er óskað eftir rúnum tíma til þess án þess að kröfulýsingunni sé vísað frá vegna formgalla.

Fyrir hönd eigenda Ystabæjar	Guðmundur Hjálmarsson
Fyrir hönd eigenda Bólshúss	Guðrún Pálsdóttir
Fyrir hönd eigenda Fjósatungu	Erling Ásgeirsson
Fyrir hönd eigenda Jónshúss	Finnbjörn A. Hermannsson
Fyrir hönd eigenda Hjálmfriðarbóls	Jónína Vala Kristinsdóttir
Fyrir hönd eigenda Steinhússins	Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Fyrirsvar:

Sömu aðilar og gera kröfur. Tengiliður Finnbjörn A. Hermannsson.

Kröfugerð:

Þess er krafist að viðurkennt verði að fyrnefndir þinglýstir eigendur jarðarinnar Sæbóls í Aðalvík eigi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar Sæbóls innan landamerkjana og viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar til fjalls séu við vatnaskil milli Sæbóls og þjóðlendu.

Heimildir:

Sæból - jarðamörk skv. landamerkjálýsingu frá 24. febrúar 1887.

Landamerkjaskrá f. Sæból í Aðalvík.

Þinglýst á manntalsþingi að Sléttu 14. júní 1887 Sk. Thoroddsen

No 58.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Sæbóli í Sléttuhreppsþinghá innan Ísafjarðarsýslu, sem er að dýrleika eptir nýju mati 13,2 hundruð með sínum gömlu landamerkjum, sem greinir:

Sæbólsland aðskilur frá Skáldalslandi við sjóinn Hvalsker það, sem nefnt er, undir

Skáladalsbjargi, þaðan í Sæbólssker, þaðan með sjó fram að Selastellum, svo aptur frá

Sigmundarlæk yfir í Staðará, sem dregur nafn af því, að á þessi rennur fram úr Staðarvatni og heilt til sjóar og aðskilur Sæbólsland frá Þverdalslandi, og eru slægjulönd beggja jarðanna

hversvegar við. Sæból á land allt frá fyrnefndri á yfir í Sigmundarlæk, og það heilt fram í Grjóthóla og í hólma, sem er í ánni neðanhalt við og þar í stein hinsvegar á árbakkanum, svo neðan eptir greindum holtum þessum upp Stúfhjalla og í gil, sem er í fjallbrúninni neðan til við Lækjarland og eptir þeiri fjallbrú að Garðahorni, sem nefnt er, þaðan niður fjallið og yfir hólana undir þessu fjalli og í Hrútlæk, sem að skilur slægjuland Sæbóls og Garðar vestan fram við Sigmundarlæk, og rennur Hrútlækur í þennan læk, og á Sæból slægjuland fyrir framan hann, en Garðar fyrir heiman, og er gamalt örnefni þar meðfylgjandi, sem Gísla staðir eru nefndir og fylgja þessu Sæbólslandi að framverðu.

Ennfremur verður að geta, að Sæból á land frá Traðará, sem rennur niður með Sæbólstúninu að framanverðu og uppi er merki milli bæjanna og er þar nefnd Andradeita, sem aðskilur, og sniðhalt neðan uppí túngarð gamlan utan til við Garðartúnið, það neðan eptir merkjum upp Ásahlíðina framan til uppá ása, það neðan á leiðina, sem nefnd er, á fjallinu og út eptir fjallinu á áður nefndan tind og beint niður bjargið á hið fyrnefnda Hvalsker.

Landi þessu fylgja engin ítök.

Sæbóli, 24. Febrúar 1887

Eigendur:

Guðmundur H. Finnbjarnarson, Siguðsson (Páll), Hermann Sigurðsson, Sigfús Finnbjarnarson, Magnús Finnbjarnarson, Finnbogi Finnbjarnarson, Benedikt Jónsson

Næstu eigendur: Jósef Gíslason, María Benóníson, Judit Bjarnadóttir
heimild:

Jardavefur Þjóðskjalasafns Íslands – Landamerkjabækur, sjá nánar netslóðina:
<http://jardavefur.skjalasafn.is/landamerkjabækur/#pg-1>
 Ísafjarðarsýsla, vestur 1919-1957 - Landamerkjabók Vesturland 1919 - 1957

Annað:

Ráða má þá meginreglu af fyrri úrskurðum Óbyggðanefndar að vatnaskil hafa verið látin ráða skilum milli lands í einkaeigu og þjóðlenda. Á sú regla við hér.

Fylgiskjöl:

Landamörk Sæbóls,

Örnefnaskrár eru fengnar frá Örnefnastofnun Íslands fyrir Sæból.

Fyrsta skrá er gerð af Ara Gíslasyni eftir Markúsi Finnbjarnarsyni í Þverdal 1952 og Guðmundi Hermannssyni á Sæbóli. Önnur skráin er *Örnefni, sagnir og landlýsing*, eftir sögn Guðmundar Snorra Finnbogasonar, bónda í Þverdal, skráð 1940 af Jóhanni Hjaltasyni og aukin að frásögn 1966. Þriðja skráin er gerð við lýsingu frá Ágústi Ísleifssyni sem fæddur var Sléttu 1. ágúst 1893 en hann flutti að Sæbóli árið 1913 og bjó þar til ársins 1950. Þann 12. ágúst 1974 voru örnefnalýsingar Sæbóls lesnar fyrir Ágúst þar sem hann gerði athugasemdir, sem Sölví Sveinsson skrásetti.

Loftmynd af jörðinni þar sem merkt er annars vegar krafa landeigenda og hins vegar krafa óbyggðanefndar. Ennig hafa örnefni verið færð inn á loftmyndakort

Við skráningu örnefna á Sæbóli hefur verið stuðst við allar þessar 3 aðal örnefnalýsingar.

Í örnefnaskránum koma fram margvíslegar upplýsingar um nytjar á jörðinni og nær skráningin til útmarka jarðarinnar eins og eigendur þekkja best til.

Veðbókavottorð fyrur jörðina Sæból frá 16.02.2021

8. mars 2021

Guðmundur Hjálmarsson.

F. hönd eigenda Ystabærar

Guðmundur Hjálmarsson kt. 090247-2479

Guðrún Pálsdóttir

F. hönd eigenda Bólhus

Guðrún Pálsdóttir kt. 071256-4489

Erling Ásgeirsson

F. hönd eigenda Fjósatungu

Erling Ásgeirsson kt. 290545-7499

Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson

F. hönd eigenda Jónshúss

Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson kt. 130154-2129

S 8976581 – netfang finnbjorn@byggidn.is

Jónína Vala Kristinsdóttir

F. hönd eigenda Hjálmfríðarbóls

Jónína Vala Kristinsdóttir kt. 120852-3889

() Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

F. hönd eigenda Steinhúss

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson kt. 240650-4019

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Garðar, Aðalvík / svæði 10B - Ísafjarðarsýslur

Kröfuna gerir/gera:

66% landeigenda Garða:

Birna Jóhnnesdóttir, kt. 190957-6089; Ingibjörg Betúelsdóttir, kt. 270226-2729;
Hrafnhildur Inga Guðjónsdóttir, kt. 230433-4889 (f.h. dánarbús Betúels Betúelssonar);
Hrafnhildur R Jósefsdóttir, kt. 230852-2439; Jósef Smári Jósefsson, kt. 270955-2319;
Erna K. Þorkelsdóttir, kt. 080647-3799; Hildur Þorkelsdóttir, kt. 300952-2759;
Gerður Þorkelsdóttir, kt. 270357-4829; Fanney Þorkelsdóttir, kt. 080259-4419.

Fyrirsvar:

Þorleifur Finnsson, kt. 250351-2599, Lundi 13, 200 Kópavogi.

Kröfugerð:

Gerð er krafa um að landamerki milli þjóðlendu og Garða verði dregin við vatnaskil (hábrún) á fjöllum (Tindafjalli, Mannadalsfjalli, Darra, Lækjarfjalli) sbr. meðfylgjandi upprátt.

Heimildir:

Vísað er til heimilda sem hafa verið lagðar fram af óbyggðanefnd.

Annað:

Í Landamerkjabréf Garða dags. 9. janúar 1890 er landamerkjum lýst á fjalli þannig að ávallt er talað um hábrún („eru landamerkin i beina stefnu uppá hábrún fyrir utan Garðadal og svonefnda Leið, eptir fjallinu ræður hábrúnin merkjum“).

Á grundvelli landamerkjálýsingar í landamerkjabréfi gera landeigendur Garða kröfu um að landamerki þjóðlendu og Garða liggi frá hábrún fyrir utan Garðadal við svonefnda Leið, fylgir þaðan vatnaskilum (hábrún) eftir Tindafjalli og Mannadalsfjalli milli Garðadals og Skáladals upp að vatnaskilum (hábrún) við Darra á Mannadalsfjalli. Fylgir þaðan vatnaskilum (hábrún) á Darra austur eftir Mannadalsfjalli fyrir Garðadal og í Borgir á Lækjarfjalli, þar sem landamerki Garða mætir landamerki Sæbóls.

Gerð er krafa um beinan eignarrétt á því landi sem gagnkrafa tekur til eins og verið hefur fram til þessa.

Fylgiskjöl:

Uppdráttur af gagnkröfu eigenda: *Garðar-Aðalvík-Landamerki* (í viðhengi).

Umboð eigenda vegna umfjöllunar óbyggðanefndar.

19. mars 2021,

Þorleifur Finnsson

Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2021.

KRÖFULÝSING

í máli óbyggðanefndar á svæði 10B

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar og 10. gr. laga nr. 58/1998 um þjóölendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóölendna og afréttu, er hér með lýst neðangreindri kröfu.

KRÖFUNA GERA:

Berta Gerður Guðmundsdóttir	kt. 070666-4649	Lágaleiti 5, Reykjavík
Edda G Garðarsdóttir	kt. 200843-4959	Ásbúð 81, Garðabæ
Erla Gígja Garðarsdóttir	kt. 010460-4259	Bæjargili 31, Garðabæ
Garðar Snorri Guðmundsson	kt. 040967-4789	Heiðarbakka 14, Reykjanesbæ
Gauti Magnússon	kt. 240757-5089	Danmörk
Guðrún Elsa Garðarsdóttir	kt. 110654-4999	Bæjarási 5, Mosfellsbæ
Guðrún Magnúsdóttir	kt. 130750-3709	Jörfabakka 10, Reykjavík
Gylfi Magnússon	kt. 240757-5169	Melabraut 31, Seltjarnarnesi
Db. Hannesar Garðarssonar	kt. 261250-3149	Tjarnarbóli 4, Seltjarnarnesi
Hansína Sigurðardóttir	kt. 021154-3429	Árholti 3, Ísafirði
Harpa Rós Guðmundsdóttir	kt. 200573-4049	Lyngmóa 14, Reykjanesbæ
Helgi Steinar Helgason	kt. 030482-3449	Fálkagötu 21, Reykjavík
Jónína Garðarsdóttir	kt. 101039-3909	Sóltúni 1, Reykjavík
Kjartan Páll Guðmundsson	kt. 070869-5439	Geirsgötu 2, Reykjavík
Kolbrún Finnsdóttir	kt. 131047-2909	Laugarnesvegi 89, Reykjavík
Kolbrún Sigurðardóttir	kt. 241139-2559	Aðalgötu 5, Reykjanesbæ
Kristín Linda Sveinsdóttir	kt. 180967-3549	Heimalind 20, Kópavogi
Magnea Gerður Sveinsdóttir	kt. 070951-2909	Aspardal 1, Reykjanesbæ
Ruth Örnólfssdóttir	kt. 090668-3909	Uglugötu 30, Mosfellsbæ
Sjöfn Sóley Sveinsdóttir	kt. 130448-3139	Úlfarsbraut 96, Reykjavík
Smári Sveinsson	kt. 260460-2189	Jakaseli 24, Reykjavík
Snorri Hjálmarsson	kt. 280445-2079	Syðstu-Fossum 3, Borgarnesi
Snaðís Guðmundsdóttir	kt. 170774-5239	Steinási 34, Reykjanesbæ
Sólveig Lilja Guðmundsdóttir	kt. 301276-5759	Stórkri 6, Garðabæ
Örnólfur Örnólfsson	kt. 200674-4569	Skeljatanga 12, Mosfellsbæ

VEGNA:

Jarðarinnar Þverdals, landnr. L188858.

FYRIRSVAR:

Birgir Már Björnsson hrl., LEX, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með kröfu þessa fyrir hönd landeigenda.

KRÖFUGERÐ:

Landeigendur telja til beins eignarréttar yfir því landi sem lýst er innan neðangreindra merkja. Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan téðra merkja er því mótmælt. Stangist hnittsettir punktar eða uppdrættir samkvæmt þeim á við þinglýst landamerkjabréf, ræður landamerkjabréfið.

Samkvæmt landamerkjabréfi:

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Þverdal, dags. 28. apríl 1895, er landamerkjum jarðarinnar lýst svo:

„Með sjó fram, frá Staðará og yfir í Löngusker (1), þaðan beint upp í hyrnuna á fjalli því er Hvarfnúpur heitir, milli jarðanna Miðvíkur og Þverdals, svo skilur fjallsröndin (2-7) fram á Langahjalla (8-11), þaðan yfir Drög, svokölluð (12-13), yfir í Nasa (14-15), svo út eptir Nasanum út fyrir Miðhorn sem kallað er. Þaðan ofaní Sjónarhló, þaðan eptir Merkjahrygg ofaní Dumbuvað eða Keldunefi, sem er í streng, þeim er kallaður er, sem rennur úr Staðarávatni í Staðará, og þaðan skiptir áin til sjóar, og eru þessi merki að gamalla manna máli rétt gerð. Vjér viljum geta þess, að núverandi prestur á Stað Páll Sívertsen, vill telja sem sína eign stykki frá jörðinni, frá fyrnefndum merkjahrygg og ofan að öðrum hrygg þar í holtunum í Þverdalslandi, og hafa engir prestar gert það fyrir og þessvegna þykir okkur það mjög ósamkvæmt af hans hendi.“

Samkvæmt uppdrætti:

Vísað er til uppdráttar sem fylgir kröfulýsingu þessari. Um staðsetningu einstakra merkjapunkta er vísað til númera hér að ofan í lýsingu samkvæmt landamerkjabréfi, svo og samsvarandi númera á meðfylgjandi uppdrætti.

Landeigendur gera kröfu um greiðslu málskostnaðar, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998

MÁLAVEXTIR:

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 27. nóvember 2019, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 10B til meðferðar, Ísafjarðarsýslur, og íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 1. mars 2021. Var fresturinn framlengdur nokkrum sinnum og síðast til 15. mars 2021.

Svæðið afmarkast með eftifarandi hætti, sbr. fyrnefnt bréf óbyggðanefndar:

Sýslumörkum Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu er fylgt frá hafi við Geirólfssnúpur milli Skjaldbjarnarvíkur og Reykjafjarðar til suðvesturs og síðan suðurs þar til komið er að norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er mörkum milli NorðurÍsafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandarsýslu fylgt til vesturs þar til komið er að mörkum Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er síðastnefndum sýslumörkum fylgt til vesturs að hafi við Langanes við Arnarfjörð. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Þann 15. september lýsti íslenska ríkið kröfum sínum um þjóðlendur á ofangreindu svæði. Með tilkynningu sem birt var í Lögbirtingarblaði 9. október skoraði óbyggðanefnd á þá er teldu til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, á því landsvæði sem félli innan

þjóölendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd. Hefur sá frestur síðast verið framlengdur til 15. mars 2021.

Eigendur jarðarinnar Þverdals telja til eignarréttinda á því landsvæði sem fellur innan þjóölendukröfu ríkisins, enda gerir íslenska ríkið kröfu um að hluti jarðarinnar teljist þjóölenda í skilningi laga nr. 58/1998. Er landeigendum því nauðsynlegt að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

MÁLSÁSTÆÐUR:

Landeigendur byggja á því að umrætt land hafi verið numið í öndverðu og sé því fullkomioð eignarland. Byggja landeigendur á því að rekja megi það eignarhald óslitið allt frá landnámi og til vorra daga. Sé landið nú undirþrópið eignarétti þeirra og verði ekki af þeim tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Landeigendur byggja á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið var til forna sé ekki minna en það land sem þeir telja til eignarréttinda yfir í dag. Þá sýni önnur gögn, þ. á m. máldagar, lögfestur og dómbækur, ótvírætt fram á að umrætt land hafi alltaf verið háð einkaeignarétti og að sá eignarréttur hafi flust aðila á milli með hefðbundnum hætti. Í samræmi við það hafi aldrei verið litið svo á að umrætt land hafi verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

Landeigendur byggja á því að nýting landsins, lega þess og staðhættir almennt, styðji stöðu þess sem eignarlands. Þá hafi afmörkun þess í landamerkjalyssingum og þinglýsing ekki sætt andmælum. Sæti því furðu að íslenska ríkið skuli gera kröfu um að hluti jarðarinnar verði úrskurðaður þjóölenda í skilningi laga nr. 58/1998. Er því sjálfgefið að landeigendur mótmæli öllum kröfum ríkisins um þjóölendur innan landamerka þess lands sem þeir telja til beinna eignaréttinda yfir og gera þær kröfur að þeim verði hafnað og einkaeignaréttur þeirra að landinu verði viðurkenndur.

HEIMILDIR OG GÖGN:

Kröfur sínar byggja landeigendur á þinglýstum og athugasemdalausum landamerkjabréfum fyrir umrætt landsvæði. Þá byggja landeigendur kröfur sínar á Landnámu, lögfestum, máldögum, landamerkjalyssingum, afsalsgerningum, lögum, dónum, heimildarskjölum og bæði fornum og nýum vitnisburði, sem og öðrum gögnum s.s. fræðiritum. Landeigendur munu gera nánari grein fyrir þeim heimildum og gögnum sem þeir byggja kröfur sínar á í greinargerð þeirra til óbyggðanefndar.

LAGARÖK:

Til stuðnings kröfum sínum vísa landeigendur til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá vísa landeigendur til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Landeigendur vísa enn fremur til ákvæða laga nr. 46/1905 um hefð og til vatnalaga nr. 15/1923. Þá vísa landeigendur til ákvæða laga nr. 58/1998 um þjóölendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóölendna og afréttu og til laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Landeigendur vísa og til landamerkjalauga nr. 41/1919 og eldri laga um sama efni nr.

5/1882, sem og til girðingarlaga nr. 135/2001 og til eldri laga um sama efni nr. 10/1965. Landeigendur vísa einnig til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

ÁSKILNAÐUR:

Landeigendur áskilja sér allan rétt til þess að rökstyðja kröfu þessa frekar og styðja hana frekari gögnum, heimildum, málsástæðum og lagarökum, bæði á síðari stigum sem og í greinargerð landeigenda til óbyggðanefndar. Þá áskilja landeigendur sér allan rétt til þess að auka við kröfur sínar, breyta þeim og lagfæra, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til. Þá áskilja landeigendur sér enn fremur allan rétt til þess að gera kröfu um allan þann kostnað sem þeir hafa og kunna að verða fyrir við að gæta réttar síns gagnvart kröfum íslenska ríkisins.

Virðingarfyllst,



Birgir Már Björnsson hrl.

Hjálagt:

1. Umboð landeigenda til handa lögmanni.
2. Útprentun úr fasteignabók Lánstraust v. Þverdals landnr. L188858
3. Landamerkjabréf fyrir jörðina Þverdal, dags. 28. apríl 1895.
4. Kaupsamningur um hluta jarðarinnar Þverdals, dags. 31. ágúst 1919.
5. Örnefnaskrá fyrir jörðina Þverdal, frá árinu 1966.
6. Uppdráttur Landform vegna kröfulína.

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Efri Miðvík, Ísafjarðabæ, áður Sléttuhreppi.. fastanr. F2250059

Kröfuna gerir/gera:

F.hönd dánarbús Þórunnar Finnbjarnardóttur kt. 010220-2119	Finnbjörn A. Hermannsson
F. hönd dánarbús Friðgerðar Finnbjörnsdóttur kt. 220718-3449	Finnbjörn A. Hermannsson
F. hönd dánarbús Kristjáns Finnbjörnssonar kt. 140421-4809	Finnbjörn A. Hermannsson
F. hönd dánarbús Mikkalínu Finnbjörnsdóttur kt. 0312223039	Finnbjörn A. Hermannsson
F. hönd dánarbús Guðmundar F. Sölvasonar kt. 240722-5509	Hilmar Rafn Sölvason
F.. hönd dánarbús Guðrúnar Margrétar Sölvadóttur kt. 210723-3319	Hilmar Rafn Sölvason
F. hönd dánarbús Eiríks Sölvasonar kt. 120428-2849	Hilmar Rafn Sölvason
F. hönd Karitas Sölvadóttur Häsler kt. 230526-4789	Hilmar Rafn Sölvason
F. hönd Ástu Maríu Sölvadóttur kt. 140730-3869	Hilmar Rafn Sölvason
Hilmar Rafn Sölvason kt. 261236-3629	
F. h dánarbús Elíasar Þorbergssonar kt. 220926-5839	Valgeir Ómar Jónsson
F.h dánarbús Þóreyjar Þorbergsdóttur kt. 220926-5089	Valgeir Ómar Jónsson
F.h. dánarbús Jóns Hálfdáns Þorbergssonar kt. 120931-5049	Valgeir Ómar Jónsson
F.h. Ragnars Þorbergssonar kt. 150328-4039	Valgeir Ómar Jónsson
F.h Karls Guðmundar Kjartanssonar kt. 061169-3699	Valgeir Ómar Jónsson
F.h. Eyrúnar Hafdíasar Kjartansdóttur kt. 130360-7349	Valgeir Ómar Jónsson
F.h. Þorláks H Kjartanssonar kt. 191252-7649	Valgeir Ómar Jónsson
F.h. Þorbergs Kjartanssonar kt. 210856-2349	Valgeir Ómar Jónsson
F.h. Elísabetar Halldorsdóttur kt. 061164-5370	Valgeir Ómar Jónsson
F.h. Sigurðar Halldórssonar kt. 100857-2009	Valgeir Ómar Jónsson
F.h. Þorbergs Halldórssonar kt. 170961-7149	Valgeir Ómar Jónsson
F.h. Rannveigar G. Halldórsdóttur kt. 190655-5989	Valgeir Ómar Jónsson
F.h. Ingu Jónu Halldórsdóttur kt. 220759-4749	Valgeir Ómar Jónsson

Fyrirsvar:

Finnbjörn A. Hermannsson kt. 130154-2129

Email: finnbjorn@byggidn.is sími 897-6581

Kröfugerð:

Þess er krafist að viðurkennt verði að fyrnefndir þinglýstir eigendur jarðarinnar Efri Miðvíkur í Aðalvík eigi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar Efri Miðvíkur innan landamerka og viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar til fjalls séu við vatnaskil milli Efri Miðvíkur og Þjóðlendu og Efri Miðvíkur og Þverdals.

Sjá meðfylgjandi kort.

Heimildir:

Efri Miðvík - jarðamörk skv. landamerkjalsingu frá 19. okt. 1889.

No 96.

Landamerkjaskrá þjóðjarðarinnar Efri-Miðvíkur í Sléttuhreppi.

Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og umboðsmaður þjóðjarða í Sléttuhreppi kunngjörir að landamerki Efri-Miðvíkur eru þessi: Til suðvesturs, suðurs og suðausturs ráða fjallabrunir, en að norðanverðu eru merki milli Efri- og Neðri-Miðvíkur á, sem breytist í ós þegar kemur ofan á flatlendið og þá með sjó frá ósnum og í svo kölluð Lóngusker. Til staðfestingu er nafn mitt og embættisinnsgli skrifstofu Ísafjarðarsýslu 19. ock. 1889.

Skúli Thoroddsen umráðamaður Efri- og Neðri-Miðvíkur.

heimild:

Jardavefur Þjóðskjalasafns Íslands – Landamerkjabaekur
sjá nánar netslóðina: <http://jardavefur.skjalasafn.is/landamerkjabaekur/#pg-1>
Ísafjarðarsýsla, vestur 1919-1957 - Landamerkjabók Vesturland 1919 - 1957

Annað:

Árið 1946 þegar jörðin Efri Miðvík fór í eyði áttu hana þrír bræður, Finnbjörn Þorbergsson, Sölvi Þorbergsson og Þorbergur Þorbergsson.. Í dag er hún í eigu niðja þessara bræðra. Í stað þess að allir eigendur geri kröfuna koma þrír aðilar, hver fyrir hönd niðja hvers bróður fram fyrir hönd þeirra. Ef óskað er eftir að hver og einn leggi fram umboð þurfa aðilar að fá tíma til þess, án þess að krafan verði dæmd frá máli vegna formgalla.

Landamörk Efri Miðvíkur,

Örnefnaskrá eru fengnar frá Örnefnastofnun Íslands fyrir Efri – Miðvík.

Jörð í Sléttuhreppi næst norðan Þverdals, víkin liggar austur úr Aðalvík, 1848 er þetta nefnt Miðvíknabás. Jörðin er ein þeirra sem koma til skipta eftir Vatnsfjarðar-Kristínu. 1508, 17. Maí eignast Gottskálk biskup jörðina og Neðri-Miðvík líka en 1541 tekur Konungur þessar jarðir og fleiri er síðar getur til sín af eignum Ögmundar, síðan er jörðin konungseign og 1710 er hún það þá er hún í eyði, síðan í bólu 1707 og stundum fyrr segir jarðabókin. Þá er hún metin á 16 hdr.

Upplýsingar um örnefni gaf Sölvi Þorbergsson í Hnífsdal og bróðir hans Finnbjörn Þorbergsson í Keflavík en þeir voru aldir upp á jörðinni og bjuggu á henni frá 1927-1948.

Jafnramt er stuðst við örnefnaskrá *Örnefni, sagnir og landlýsing*, eftir sögn Sigurlínu Guðmundsdóttur, húsfreyju í Efri-Miðvík sem skráð var í frumriti haustið 1940 af Jóhanni Hjaltasyni kennara á Snæfjallaströnd en hreinrituð og aukin að frásögn haustið 1966.

Örnefni hafa verið færð inn á loftmyndakort. Í örnefnaskránum koma fram margvíslegar upplýsingar um nytjar á jörðinni og nær skráningin til útmarka jarðarinnar eins og eigendur þekkja best til.

Fylgiskjöl:

Örnefnaskrá höfð eftir Finnbirni Þorbergssyni og Sölva Þorbergssyni

Örnefnaskrá höfð eftir Sigurlínu Guðmundsdóttur, konu Sölva

Ljósrit af blaðsíðum úr landamerkjabók þar sem Skúli Thoroddsen lýsir jörðinni Efri Miðvík.

Kort af Miðvíkinni með landamerkjum annars vegar eins og eigendur gera tilkall til og hins vegar kröfu óbyggðanefnar. Auk þess er örnefnum bætt í kortið.

Veðbókavottorð fyrir jörðina Efri Miðvík frá 16.02.2021

1. mars 2021

Finnbjörn H. Hermannsson
Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson kt. 130154-2129

Hilmar R. Sölvason
Hilmar Rafn Sölvason kt. 261236-3629

Valgeir Ómar Jónsson
Valgeir Ómar Jónsson kt. 230755-7369

**Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík**

Reykjavík, 22. mars 2021

KRÖFULÝSING

f.h. eiganda Tungu Fljótavík, L189049

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtíngablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfum til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og síðan til dagsins í dag.

Aðild og fyrirsvar:

Eigandi Tungu í Fljótavík er:

1. Edward H Finnsson, kt. 020747-2189

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Kröfugerð:

Aðalkrafa landeiganda er, að Óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt hans á landi jarðarinnar í samræmi við merkjálýsingu framlagðs þinglýsts landamerkjrabréfs auk landamerkjrabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

Úr Fljótsósi (1) eftir Fljótinu þangað til komið er á móts við Hvíltardalsá, þaðan í ós Hvíltardalsár við Fljótið (2) þaðan er ánni fylgt að upptökum og þaðan í háfjallið (3) þaðan eftir háfjallinu til sjávar við Hvestutá (4).

Til vara krefst landeigandi þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.a.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarrekningi lögmanns landeigenda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Tunga er forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í Landnámu, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Geirmundar heljarskinns, sem nam land frá Rytagnúp vestan til Horns og þaðan austur til Straumness, samkvæmt túlkun Haraldar Matthiassonar í riti sínu Landið og landnáma.

Af kröfulýsingu fjármálaráðherra, einkum bls. 174, má ráða að helstu röksemdir fyrir kröfugerðinni er eftirfarandi:

- a. Að vísað sé til Hvestudala sem afréttarlands í sóknarlýsingu Vestfjarða
- b. Að hið umkrafða landsvæði liggi utan við landamerkjalyssingu Tungu, Látra og Rekavíkur bak Látra.
- c. Að staðhættir og landfræðileg lega sem gefi vísbindingu um að landið hafi ekki verið nýtt sem eignarland.

Landeigandi bendir á að Óbyggðaneftnd og dómstólar hafa þegar vegið allar röksemdir íslenska ríkisins í eldri úrskurðum og dónum, sbr. almennar niðurstöður nefndarinnar og léttvægar fundið.

Þá vekur athygli að íslenska ríkið virðist fallast á að allt hið umdeilda svæði hafi verið innan upphaflegs landnáms á svæðinu.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðaneftndar (Svæði I-9B) kemur fram á bls. VII, að nefndin telji, að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar, en hæpið að draga ályktanir á grundvelli takmarkaðra lýsinga Landnámu. Þessar niðurstöður nefndarinnar hafa verið staðfestar af dómstólum.

Landeigandi álítur landamerkjalyssingu jarðarinnar skýra og greinargóða. Innan þeirrar lýsingar fellur hið umdeilda landsvæði, Hvestudalir. Fullyrðingu um annað í kröfulýsingu íslenska ríkisins er mótmælt sem röngu.

Þá er því sértaklega mótmælt að í rétti Staðar í Grunnavík til beitar á svæðinu felist að landið teljist utan eignarlanda. Þvert á móti bendir það til þess að landið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti og er þar engum öðrum til að dreifa en eiganda Tungu.

Þá er ráðstöfun réttar s.s. til lambauppreksturs skýr vísbinding um að landið hafi verið nýtt sem eignarland, enda er grundvöllur óbeinna eignarréttinda eins og beitar hinn beini eignarréttur.

Gagnstætt því sem halddið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.

Landeigandi leggur áherslu á að þegar Óbyggðaneftnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttta innan ummerkja jarðarinnar.

Landeigandi telur ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkjja jarðarinnar verði dregin í efa.

Landeigandi vísar til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðaþáttar Grágásar segir:

Ef madur ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veðar og afréttu ef eru, og allra aðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land aðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja

Í 3. kapítula landsbrigðaþáttar segir um merkjagöngu:

Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir returnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nöttum fyrir. ... Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búsfárgangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveisit hafa. Merkjagangan, sem framför eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvædi að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins kom landeiganda þannig á óvart þar sem hann hefur athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdaleiðum landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskráinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeiri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telur landeigandi að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigandi heldur því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margssinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigandi telur enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefsengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slik krafð er fyrir löngu fallin úr

gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.

Landeigandi hefur þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpíð fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Til vara byggir landeigandi kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

Visað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Visað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinna

Visað er til málsméðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Visað er til landamerkjalauga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Visað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Visað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Visað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Visað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Visað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Visað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð i þeim

Visað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998


Visað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Visað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda visast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.


Virðingarfyllst,
f.h. landeiganda
Friðbjörn Garðarsson hrl.

Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Löggemannsumboð



ALMENN RÁBGJÓF



FASTEIGNASALA



SLYSÁ- OG BÓTAMÁL

Kröfulýsing

til

óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október 2020, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

JÖRÐ: Rekavík bak Höfn, lnr. 189040, fnr. 2250655, Ísafjarðarbær.

EIGENDUR: Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Db. Bjargar Bjarndísar Sigurðardóttur	kt. 170933-4199
---------------------------------------	-----------------

Ásgerður Ósk Júlíusdóttir	kt. 060558-2139
---------------------------	-----------------

Sigrún Alda Júlíusdóttir	kt. 081256-4979
--------------------------	-----------------

Ingibjörg Bára Júlíusdóttir	kt. 200153-5889
-----------------------------	-----------------

Heiða Björk Júlíusdóttir	kt. 221061-3149
--------------------------	-----------------

Lilja Hrönn Júlíusdóttir	kt. 310160-2379
--------------------------	-----------------

Gylfi Sigurður Geirsson	kt. 080453-2649
-------------------------	-----------------

Sævar Þór Geirsson	kt. 150152-4619
--------------------	-----------------

Ingibjörg Guðrún Geirdóttir	kt. 221258-5419
-----------------------------	-----------------

Jóhanna Elka Geirdóttir	kt. 280256-4129
-------------------------	-----------------

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ: Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda, með umboði frá Ásgerði Ósk Júlíusdóttur, Sigrúnu Öldu Júlíusdóttur, Ingibjörgu Báru Júlíusdóttur, Heiða Björk Júlíusdóttur og Lilju Hrönn Júlíusdóttur.

KRÖFUGERÐ: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Rekavík bak Höfn**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar sé usamkvæmt landamerkjabréfi fyrir Rekavík bak Höfn frá 6. júní 1922, sbr. framlagt kröfulínukort ásamt hornpunktaskrá, þar sem segir:

1. Landamerki að innanverðu sem liggur að Höfn eru merkji milli áðurnefndra er háfjallgarður sem hallar til víkanna á báðar hliðar og beint fram eftir því á Kallsnös beina sjónhendingu niður í svo kallaðan Tröllakamb sem er einstakur klettur sem nær langt fram í sjó á um flóð og fjöru.

2. Að utanverðu eru landamerki eftir háfjallgarð utan til við Hvannadal sem kallaður er hærri festaskarðatindur, og fram eftir honum beina sjónhendingu niður bjargströndina í svokallaðan Súlnastapa sem er stakur klettur í sjó fram en þó nokkra faðma frá landi.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Rekavíkur bak Höfn**, hafnað og þess krafist að innan landamerkjá jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðendum mínum að skaðlausu.

MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfum sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

SAGA JARÐAR:

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Rekavík bak Höfn:

Rekavík bak Höfn, í eyði síðan bóluna.

Jarðardýrleiki iiiii c [...]

[...]¹

Í jarðamati 1804 segir um Rekavík bak Höfn:

Rekavig

Kirke Jord til Myrar

Dyrhed 4 hndr.

har lagt ode henved i 100 aar

[...]

Om Jorden kunde beboes vilde for Fiskeri og Havalvefangst være at udføre det samme som ved foregaaende.

Drivtømmer falder til Værdie 2 ½ Rdrl aarlig. –

Selhundefangst som kan afgive 1/15 Tde Tran pr Aar. –

1 Hval hver 100 Aar. –

Denne Jord er under kastet Fieldskreed hvor af den saa at sige er ødelagt ellers bruges den med.²

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir að Rekavík bak Höfn sé í Mýrakirkjueign í Dýraf., metin 4 hdr. að dýrleika.³

Í jarðamati 1849-1850 segir um Rekavík bak Höfn:

Ár 1849, 22 ágúst, var jarðamatsþing sett að Látrum í Sléttuhreppi af Sýslumanni Isfirðinga samkv. tilsk. 27da maí 1848 – hvar þá – var fyrirtekið
að meta jarðir allar í Sléttuhreppi að dalatali

¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 303-304.

² Rekavík bak Höfn. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802–1804, bls. 130v).

³ Jón Johnsen, Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 204.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

[...]

8. Rekavík bak Höfn.

Viðarreki að góðum mun og útigangr gera kot þetta, sem að öðru leyti er kostarírt, skárra enn í meðallagi að öllu samanlögðu.⁴

Í jarðamatinu 1849-1850 segir enn fremur um Rekavík bak Höfn:

Ár 1850 þann 1sta Mai var á Jsafirði sett rannsóknarþíng jarðamats þess, er árið áður í Ísafjarðarsýslu hafði framfarið af Sýslumann Ísfirðinga, vóru þá mættir þeir, samkvæmt tilskipun frá 27 Mai 1848, útnefndu ransóknarmenn,

[...]

Því nærst vóru upplesnar jarðamatsbækurnar úr sýslu þessari, gjörðu þá ransóknarmenn jafnframt athugasemdir við jarðir þær í hverjum hrepp, sem heim annaðhvört vyrtist að ofhátt eða þá oflágð væru metnar, ellegar kvartanir voru fyrir þá framkomnar um. Það vóru þá þessar jarðir sem á þennan hátt komu til umræðu

[...]

14. Sléttuhreppur:

[...]

d. Rekavík, þikir rannsóknarmönnum ofhátt metinn, sem lélegt kot, virðist því hæfilegt að lækka hana um 3rbd hundraðið, verður þá jarðarskikinn alls á - - - - 100rbd

[...].⁵

Landamerkjabréf Rekavíkur bak Hafnar er dags. 6. júní 1922, þar sem merkjum er lýst:

Jeg Jónas Dósópeusson hreppstjóri í Sljettuhreppi gjöri landamerki fyrir jörðinni Rekavík bak Höfn, liggjandi í Sljettuhreppi, eftir skipunarbrjefi sýslumannsins yfir Ísafjarðarsýslu dags. 12. maí 1922.

1. Landamerki að innanverðu sem liggur að Höfn eru merkji milli áðurnefndra er háfjallgarður sem hallar til víkanna á báðar hliðar og beint fram eftir því á Kallsnös beina sjónhendingu niður í svo kallaðan Tröllakamb sem er einstakur klettur sem nær langt fram í sjó á um flóð og fjöru.

2. Að utanverðu eru landamerki eftir háfjallgarð utan til við Hvannadal sem kallaður er hærri Festaskarðatindur, og fram eftir honum beina sjónhendingu niður bjargströndina í svokallaðan Súlnastapa sem er stakur klettur í sjó fram en þó nokkra faðma frá landi.⁶

Í sóknarlýsingu Vestfjarða, lýsing á Staðarsókn, segir m.a. um afréttarlönd:

32. Afréttarlönd eru: [...] Víknamenn reka á Almenninga. En þeir í Hafnarbásum í Horndali (Yzta- Mið- og Innsta-dal). Engir utansveitarmenn eiga eða hafa þar upprekstur. Þar er engin rétt hlaðin, engar réttir haldnar og engin regla á fjallgöngum.⁷

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Rekavík bak Höfn:

⁴ Skáladalur við Aðalvík, Lækur í Aðalvík, Staður í Aðalvík, Rekavík bak Látur, Kjaransvík á Hornströndum, Hælavík á Hornströndum, Rekavík bak Höfn, Horn við Hornbjarg. (Íslenska stjórnardeildin, J/2-6, Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849-1850, án blaðsíðutals).

⁵ Skáladalur við Aðalvík, Staður í Aðalvík, Kjaransvík á Hornströndum, Rekavík bak Höfn. (Íslenska stjórnardeildin, J/2-6, Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849-1850, án blaðsíðutals).

⁶ Rekavík bak Höfn. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1959, án bls., nr. 270).

⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestlizkra áttihagafélaga (1952), bls. 188-189.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

21. Rekavík bak Höfn, 4 Hdr. að dýrleika, fram á sjóarbakka í víkinni, fyrir utan ána. Nærri túnlaust, slægjur talsverðar, nálægar og loðnar, en heldur votar. En trautt verður þar hafður hestur vetrarlangt. Þeir, sem þar haf verið, hafa hrapað ofan af bökkunum vegna brattleiks og hálku. Grasbeit er þar lítil vetrardag, en 14 vikna fjara. Verður koma þar mikil af vestri. Brimsamt af norðri. Lítið um fisk, en viðarreki til góðra nota. Móskurður er líttill. 4 Hdr. að dýrleika, fram á sjóarbakka í víkinni, fyrir utan ána. Nærri túnlaust, slægjur talsverðar, nálægar og loðnar, en heldur votar. En trautt verður þar hafður hestur vetrarlangt. Þeir, sem þar haf verið, hafa hrapað ofan af bökkunum vegna brattleiks og hálku. Grasbeit er þar lítil vetrardag, en 14 vikna fjara. Verður koma þar mikil af vestri. Brimsamt af norðri. Lítið um fisk, en viðarreki til góðra nota. Móskurður er líttill.⁸

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Rekavík bak Höfn skráð af Ara Gíslasyni, segir um jörðina:

Jörð í Sléttuhreppi næst austan Hælavíkur og sunnan við Hælavíkurbjarg. Er nefnd 1397; þá á Holt í Önundarfirði reka hér. Svo er hún eign Vatnsfjarðar-Kristínar 1458. 1710 er hún í eyði síðan bólum 1707, og er þá eign Mýrarkirkju í Dýrafirði og talin 4 hdr. [...]

Utast á merkjum er niður við sjó hár klettur frammi í sjó, sem heitir Tröllakambur (1) [...].

Þar utar tekur svo við Stapabót (58) og Súlnastapi (59). Þetta er hvort tveggja á merkjum.

Í örnefnaskrá fyrir Rekavík bak Höfn sem Jóhann Hjaltason ritaði eftir sögn Sumarliða Betúelssonar í frumriti haustið 1940, hreinritað og aukið sumarið 1966, segir um landamerki Rekavíkur bak Höfn:

Rekavík bak Höfn er stór hvilft eða kvos, á milli Rekavíkurfjallsins (1) að norðvestan og Hafnarfjalls að suðaustan. [...]

[...] Landamerki á milli Hafnar í Hornvík og Rekavíkur eru við Tröllakamb og Tröllaskarð, sem nefnd eru í örnefnaskrá Hafnar. Þar upp af er fjallsmúlinn Kollur (2), sem er yzti hluti Hafnarfjalls. [...] Þar fyrir framan eru klettar í brúnum og hár hamratindur nokkru vestar, sem nefnist Einbúi (4). [...] Þvert fyrir víkurbotninum er svo hamrabrúnir miklar, er eigi bera sérstök nöfn, en vestan við þær er há klettaöxl, er kallast Darri (7). Norðan við hann er klettalaust skarð í fjallgarðinn, en þó allbratt uppgöngu og nefnist það Atlaskarð (8). [...]

Alllangt þar fyrir utan og nokkuð frá landi er drangur mikill sem heitir Súlnastapi (30) [...]. Þar upp af er bugur líttill inn í landið og kallast Stapabót (31). Er þá komið í syðsta hluta Hælavíkurbjargs (32), sem nefnist Hvannadalabjarg (33), og er það norður og niður af Hvanndölum.

Þó að öll veiði og eggjataka í Hælavíkurbjargi sé talin almenningur, eins og í Hornbjargi, þá hefur Hvannadalabjarg ávallt verið álitíð tilheyra Rekavík, og öllum óheimilt að síga þar fyrir fugl eða egg nema með leyfi bónadans í Rekavík.

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málínus.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlagi nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hárent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra átthagafélaga (1952), bls. 187-188.


LÖGMENN SUÐURLANDI

Krafa umbjóðenda minna byggir á máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Rekavík bak Höfn** sem vísað er hér til. Einnig er vísað til þinglýsts landamerkjrabréfs fyrir Rekavík bak Höfn, þinglesið að Hesteyri 14. júní 1924 og innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu, sem ofangreind kröfulýsing byggir á.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjrabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í mali 2/2009 um Kolbeinsdalsfrétt, (Hólaafrétt).

Um **Rekavík bak Höfn** stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 4 hundruð að dýrleika. Hið sama kemur fram í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 ásamt því að hún sé Mýrarkirkju eign. Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir að Rekavík bak Höfn sé í Mýrarkirkjueign í Dýraf., metin 4 hdr. að dýrleika.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málínu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Rekavík bak Höfn**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mírir og sameigendur þeirra óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margssinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpíð fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Rekavík bak Höfn**, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna og sameigenda þeirra verið þinglýst athugasemdaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkominn eign umbjóðenda minna og sameigenda þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalýsingu jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnavarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 15. september 2020, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Rekavík bak Höfn** er ein þeirra jarða sem á land sem liggar að kröfusvæðum ríkisins sem nefnast annars vegar **Hlöðuvík og Hælavík** og hins vegar **Höfn og Horn**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna. Með kröfugerð ríkisins virðist farið inn á landsvæði jarðarinnar nyrst á jörðinni við syðsta hluta Hælavíkurbjargs eða Hvannadalabjargs. Þess er krafist að kröfulínur verði samræmdar að þessu leyti, en fyrirliggjandi landamerkjalýsingar lýsa skýrlega merkjum með þeim

 **LÖGMENN SUÐURLANDI**

hætti sem kröfulínur landeigenda miða við. Um þetta er vísað sérstaklega til eftirfarandi lýsingar í landamerkjabréfi jarðarinnar; „*Að utanverðu eru landamerki eftir háfjallgarð utan til við Hvannadal sem kallaður er hærri festaskarðatindur, og fram eftir honum beina sjónhendingu niður bjargströndina í svokallaðan Súlnastapa sem er stakur klettur í sjó fram en þó nokkra faðma frá landi.*”

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Ísafjarðarsýslu** hafi frá landnámi verið undirþið beinum eignarrétti. Landamerki **Rekavík bak Höfn** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Rekavík bak Höfn** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirþið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjólum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætið verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Rekavík bak Höfn
4. Örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar fyrir Rekavík bak Höfn frá 1940, hreinritað og aukið sumarið 1966
5. Þinglýsingarvottorð
6. Fasteignamatvottorð
7. Umboð

ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðendur míni áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 22.03 2021



Olafur Björnsson hrl.
Jón Ólafsson hrl.



ALMENN RÁDGJÓF



FASTEIGNASALA



SLYSA- OG BÓTAMÁL

Kröfulýsing

til

óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október 2020, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

JÖRÐ: Höfn í Hornvík, lnr. 189031, Ísafjarðarbæ.

EIGANDI: Jörðin er í eigu Hafnarbáss ehf., kt. 460594-2439.

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ: Undirritaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeiganda.

KRÖFUGERÐ: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindur þinglýstur eigandi ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Hafnar í Hornvík**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt eftirfarandi heimildum, sbr. framlagt kröfulínukort ásamt hornpunktaskrá:

Landamerkjabréfi fyrir Rekavík bak Höfn frá 6. júní 1922, þar sem segir;

1. Landamerkjí að innanverðu sem liggur að Höfn eru merkji milli áðurnefndra er háfjallgarður sem hallar til víkanna á báðar hliðar og beint fram eftir því á Kallsnös beina sjónhendingu niður í svo kallaðan Tröllakamb sem er einstakur klettur sem nær langt fram í sjó á um flóð og fjöru.

Örnefnaskrá fyrir jörðina Höfn skráð af Ara Gíslasyni, þar sem m.a. segir:

Byrjað verður á merkjum móti Horni. Þar er þá fyrst klettur sá, sem þeir nefna ýmist Skipaklett (2) eða Skiptaklett (3). Upp af honum er svo brekka eða hlið inn að Drífandisdal (4), en hliðin sjálf heitir svo Brattijaðar (5), það eru skriður og smágrasblettir. [...]

Fyrir ofan Skipaklett er hliðin, eins og fyrr segir, nefnd Brattijaðar. Þar upp af er hátt fell, sem heitir Dögundarfell (18). Smáklettanaggar eru þar á brúninni og hjallar upp, sem nefndir eru Drífandishjallar (19). Fossinn Drífandi er fyrr nefndur og fellur niður á nesið, og þar undir er klettur; hann er 9 álna hár og er á merkjum (ath.: eftir merkjabréfi á Höfnin aðeins að fossinum, en Sölvi taldi henni land að Skipakletti). Upp af fossinum er svo dalur, sem heitir Drífandisdalur, og upp úr honum er skarð yfir hálendið, sem heitir Hestskarð (20) [...]. Suður að Hestskarði er klettaraninn nafnlaus að næsta skarði, sem heitir Kýrskarð (21) [...] Framan við Kýrskarð rís upp tindur, sem heitir Gathyrna (22), og bak við hana er skarð sem heitir Kerlingarskarð (23). [...]

Svo eru nafnlausar lægðir og hryggir að næsta klettalausa skarði, en það heitir Breiðaskarð (24). [...] Vestan við Breiðaskarð er svo Breiðaskarðshníkur (26), en til vestur, eftir brúnunum, kemur Ranghalaskarð (27). [...]. Svo er nafnlaus klettabréf að Tindaskörðum (29) [...]. Þá er næst stórt skarð og nokkuð djúpt, sem heitir Hafnarskarð (30); þar er leiðin austur í

Veiðileysufjörð. Hlíðin niður af þessu skarði heitir Svörtuklettahlíð (31). Þar áfram vestur er svo Hafnarfjall (32) upp af Svörtuklettahlíð. Svo lækkar það, og þá kemur þar skarð, sem heitir Einbúaskarð (33), yfir í Rekavík; svo er Einbúi (34), klettastrýta þar upp, þá Hádegisbunga (35) og svo Kollur (36). [...]

[...] Niður undan Kollinum, sem fyrr var nefndur, er sandklettur í sjó fram á merkjum, og heitir hann Tröllakambur (70). Ofan hans er skarð, sem heitir Tröllaskarð (71) [...]. Smágil er rétt innan við Tröllakamb, og heitir það Kollgil (72) (það er þó ekki þetta Krákugil?), nær aðeins niður að klettum.

Örnefnaskrá fyrir Höfn sem Jóhann Hjaltason ritaði eftir sögn Sumarliða Betúelssonar í frumriti haustið 1940 en hreinritað og aukið sumarið 1966, þar sem segir m.a. um landamerki Hafnar:

Landamerki á milli Horns og Hafnar eru oft talin vera við Ófærur, sem nefnar eru í örnefnaskrá Horns, en munu þó að réttu lagi vera við ána Drifandi (5), sem fellur um Drifandisdal (6), skammt innan við Ófærur. [...]

[...] Kýrskarð (15) heitir austur úr dalnum yfir til Látravíkur. [...]

Hér að framan hefur það fallið niður, að upp af Standahlíð á milli Drifandisdals og Kýrdals, eru klettabrúnir þær, sem nefnast Raggir (42). [...]

[...] Skammt fyrir utan Hafnarnes er klettur við sjóinn og síðan meiri og minni klettahjallar, með tindum og skörðum, upp alla fjallshlíðina og heitir þar Tröllakambur (55), en Tröllaskarð (56) heitir skarð það, sem vegurinn liggar um á einum breiðasta og neðsta hjallanum.

Fjallsmúlinn þar upp af nefnist Kollur (57) og er það yzti hluti Hafnarfjalls, sem liggar á milli Hafnar og Rekavíkur. [...]

Fallið hefur niður hér að framan örnefnið Svörtuklettar (58), en þeir eru í hinni hömrum settu fjallsbrún inn til við tindinn Einbúa og beint í vestur upp frá Fremra-Koti. Ennfremur má þess geta, að sunnan við Kýrskarð er hamrabrún mikil eða fjallsbrík, sem Gathyrna (59) nefnist. [...] Austan við Gathyrnu er Kerlingarskarð (60), sem einnig er nefnt Kistuskarð (61). [...]

Örnefnaskrá um Höfn og nágrenni sem Sumarliða Betúelsson skráði, þar sem segir um landamerki jarðarinnar;

Drifandi (1) er lækur nefndur, sem rennur niður Drifandisdal (2), sem rennur fram af klettum rétt fyrir innan landamerki Horns og Hafnar. Og fjallið upp af honum heitir Dögundursfell (3). Þegar fjallið lækkar, myndast í það skarð, sem nefnt er Hestskarð (4). Svo hækkar fjallið aftur yfir svonefndum Röggum (5). Svo lækkar það aftur, og myndast annað skarð, er heitir Kýrskarð (6) [...] Fyrir miðum dalnum myndast í fjallið klettastrengur, sem myndar dálitla hæð upp úr fjallinu, og í þessum klettastreng er gat í gegnum fjallið, sem við köllum Gathyrna (9). Og innar í fjallið myndast breitt skarð, sem heita Breiðuskörð (10), sem ná að háu fjalli, er heitir Snókur (11). [...]

Svo höldum við áfram eftir fjöllunum frá Snóknunum yfir nokkuð háan og langan fjallakamb, sem hallar að lokum niður í Rangalaskarð (16). Svo hækkar fjallið aftur, þangað til við komum í Tindaskörð (17) [...] Svo lækkar fjallið aftur, þangað til að hallar niður í Hafnarskarð (18). Svo hækkar það aftur með mörgum og háum kelttum, sem nefnist Svörtuklettahlíð (19), sem nær

 LÖGMENN SUÐURLANDI

alla leið að Kollskarði (20). Og út frá því er fjall, sem nær alla leið i sjó fram. Og nú erum við búnir að fara eftir fjöllunum, sem mynda jörðina Höfn í Hornavík.

Við enda Kolls (21) gengur klettur i sjó fram, hár og sérkennilegur með skarð niður í, sem hægt er að ganga í gegnum og heitir Tröllaskarð (22), og kamburinn sjálfur heitir Tröllakambur (23).

[...]

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Hafnar í Hornvík**, hafnað og þess krafist að innan landamerkjá jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigandur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfum sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

SAGA JARÐAR:

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, kemur fram um Höfn að jörðin sé 12 hundruð að dýrleika og að eigandi sé lögrjettumaðurinn Ásgeir Sigurðsson að Ósi í Steingrímsfirði.

Í jarðamati 1804 segir um Höfn í Hornvík:

Höfn

Kirke Jord til Eyre

Dyrhed 8 hndr.

Lejlænding Repstyr Thorsteen Stephensen

[...]

Af Fieldgræs kan her tages 3de Tder aarlig. –

Fiskere og Havkalvefangst som ved forrige. –

Drivtommer til Værdie 1rd

I Hval hver 100 Aar. –

Forellefangst haves, men saa ubetydelig at den ikke kan evalueres. –

Hiemme marken er underkastet Fieldskreed og Udmarken Elvebrud. –

p. n her holdes 6 Lam¹

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir að Höfn sé í Eyrarkirkjueign í Seyðisf., metin 8 hdr. að dýrleika.²

Í jarðamati 1849-1850 segir um Höfn í Hornsvík

¹ Höfn í Hornvík. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802-1804, bls. 130v).

² Jón Johnsen, Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 204.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Ár 1849, 22 ágúst, var jarðamatsþing sett að Látrum í Sléttuhreppi af Sýslumanni Isfirðinga samkv. tilsk.
27da maí 1848 – hvar þá – var fyrirtekið

að meta jarðir allar í Sléttuhreppi að dalatali

[...]

11. Höfn.

Sandfok, túnleysi, árennsli og vetrarþyngsli valda því, að jörð þessa skortir svo mjög við meðaljarðir.

[...].³

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Rekavík bak Höfn, dags. 6. júní 1922, er merkjum milli jarðanna Rekavíkur bak Höfn og Höfn lýst:

Jeg Jónas Dósóþeusson hrepptjóri í Sljettuhreppi gjöri landamerki fyrir jörðinni Rekavík bak Höfn, liggjandi í Sljettuhreppi, eftir skipunarbrjefi sýslumannsins yfir Ísafjarðarsýslu dags. 12. maí 1922.

1. Landamerkji að innanverðu sem liggar að Höfn eru merkji milli áðurnefndra er háfjallgarður sem hallar til víkanna á báðar hliðar og beint fram eftir því á Kallsnös [svo] beina sjónhendingu niður í svo kallaðan Tröllakamb sem er einstakur klettur sem nær langt fram í sjó í um flóð og fjöru.⁴

Í sóknarlýsingu Vestfjarða, lýsing á Staðarsókn, segir m.a. um afréttarlönd:

32. Afréttarlönd eru: [...] Víknamenn reka á Almenninga. En þeir í Hafnarbásunum í Horndali (Yzta- Mið- og Innsta-dal). Engir utansveitarmenn eiga eða hafa þar upprekstur. Þar er engin rétt hlaðin, engar réttir haldnar og engin regla á fjallgöngum.⁵

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Höfn:

22. Höfn, 8 Hdr. að dýrleika, lítið eitt frá sjó, norður undir Kollinum. Tún snöggt mjög sandorpið. Engjar miklar og góðar. Útigangur enginn, fjara því nær. Reki í minna lagi. Móskurður enginn. Jafnviðri mest af norðri, ofsi af vestri, brimlaust. Lítið um fisk..⁶

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Höfn skráð af Ara Gíslasyni, segir um Höfn:

Jörð í Sléttuhreppi næst austan við Rekavík bak Höfn, en sú jörð er nefnd 1397, svo þá hlýtur Höfn að hafa verið til sem jörð. Árið 1710 er jörðin 8 hdr. og eign Eyrarkirkju í Seyðisfirði. [...]

[...] Í jarðabók 1710 er nefnt Krákugil (1), er sé oftast ófært á vetrum; ekki er vitað, hvar það gil er.

Byrjað verður á merkjum móti Horni. Þar er þá fyrst klettur sá, sem þeir nefna ýmist Skipaklett (2) eða Skiptaklett (3). Upp af honum er svo brekka eða hlíð inn að Drífandisdal (4), en hlíðin sjálf heitir svo Brattijaðar (5), það eru skriður og smágrasblettir. Frá Skipakletti heim með sjó, heim að Hafnarós (6), eru smáklettasandar. Þetta svæði þarna meðfram sjó er nefnt Ófæra (7). [...] Þá er komið inn að Drífanda (11), sem kemur úr Drífandisdal, er liggar alla leið upp í Dögundarfell, er síðar getur.

Inn við Drífandann (það er foss í læknum, sem heitir þetta) og inn af Hafnarós er láglent nes, sem heitir Grænanes (12). [...]

Fyrir ofan Skipaklett er hlíðin, eins og fyrr segir, nefnd Brattijaðar. Þar upp af er hátt fell, sem heitir Dögundarfell (18). Smáklettanaggar eru þar á brúninni og hjallar upp, sem nefndir eru Drífandishjallar

³ Hesteyri við Hesteyrarfjörð, Garðar í Aðalvík, Þverdalur í Aðalvík, Efri-Miðvík í Aðalvík, Neðri-Miðvík í Aðalvík, Stakkadalur í Aðalvík, Tunga í Fljótavík, Glúmsstaðir í Fljótavík, Atlastaðir í Fljótavík, Höfn í Hornvík. (Íslenska stjórnardeildin, J/2-6, Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849-1850, án blaðsíðutals).

⁴ Rekavík bak Höfn. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1959, án bls., nr. 270).

⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áthagaflaga (1952), bls. 188-189.

⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áthagaflaga (1952), bls. 188.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

(19). Fossinn Drífandi er fyrr nefndur og fellur niður á nesið, og þar undir er klettur; hann er 9 álna hár og er á merkjum (ath.: eftir merkjabréfi á Höfnin aðeins að fossinum, en Sölví taldi henni land að Skipakeltti). Upp af fossinum er svo dalur, sem heitir Drífandisdalur, og upp úr honum er skarð yfir hálendið, sem heitir Hestskarð (20) [...]. Suður að Hestskarði er klettaraninn nafnlaus að næsta skarði, sem heitir Kýrskarð (21) [...] Framan við Kýrskarð rís upp tindur, sem heitir Gathyrna (22), og bak við hana er skarð sem heitir Kerlingarskarð (23). [...]

Svo eru nafnlausar lægðir og hryggir að næsta klettalausa skarði, en það heitir Breiðaskarð (24). [...] Vestan við Breiðaskarð er svo Breiðaskarðshnúkur (26), en til vestur, eftir brúnunum, kemur Ranghalaskarð (27). [...]. Svo er nafnlaus klettabrún að Tindaskörðum (29) [...]. Þá er næst stórt skarð og nokkuð djúpt, sem heitir Hafnarsskarð (30); þar er leiðin austur í Veiðileysufjörð. Hlíðin niður af þessu skarði heitir Svörtuklettahlíð (31). Þar áfram vestur er svo Hafnarfjall (32) upp af Svörtuklettahlíð. Svo lækkar það, og þá kemur þar skarð, sem heitir Einbúaskarð (33), yfir í Rekavík; svo er Einbúi (34), klettastrýta þar upp, þá Hádegisbunga (35) og svo Kollur (36). [...]

[...]

Bæjarmegin við Víðrisá, undir hlíðinni, eru Hvammar (62). Svo er þar heim eftir, í aflíðandi halla, Fremrikot (63) og Heimrikot (64). Þetta eru gömul bæjarstæði, því alltaf hefur byggðin verið að færast fram, elsta sjóinn, því fjöruborðið er alltaf að færast hér utar og landið að stækka. [...]

[...] Niður undan Kollinum, sem fyrr var nefndur, er sandklettur í sjó fram á merkjum, og heitir hann Tröllakambur (70). Ofan hans er skarð, sem heitir Tröllaskarð (71) [...]. Smágil er rétt innan við Tröllakamb, og heitir það Kollgil (72) (það er þó ekki þetta Krákugil?), nær aðeins niður að klettum.

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Rekavík bak Höfn skráð af Ara Gíslasyni, segir um landamerki jarðanna Hafnar og Rekavíkur bak Höfn:

Byrjað verður austast á merkjum móti Höfn og haldið vestur eftir. [...]

Utast á merkjum er niður við sjó hár klettur frammi í sjó, sem heitir Tröllakambur (1) [...].

Þar utar tekur svo við Stapabót (58) og Súlnastapi (59). Þetta er hvort tveggja á merkjum.

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Horn skráð af Ara Gíslasyni, segir um landamerki jarðanna Hafnar og Horns:

Jörð í Sléttuhreppi næst austan við Höfn og um leið austasta jörð hreppsins. [...]

[...] Þegar kemur fyrir Múlann og Kálfatinda, opnast allbreiður dalur, sem heitir Innstidalur (102). Að honum heldur að sunnanverðu Dögundarfell, sem fyrr getur. [...] Svo er ekki meira hér, nema brekkurnar upp undir Almenningaskarð heita Hjallar (110). Þeir eru þrír klettahjallar norðvestan í Dögundarfellinu og ná upp undir Skófnaberg. Brattijaðar (111) heitir hlíðin frá Innstadal að Drífandisdal (112) Þetta eru skriður, sem ná svo neðst að sjó við Drífandisfoss (113).

[...]

Lækurinn, sem myndar Drífandisfoss, er nafnlaus, en fossinn sjálfur er fallegur. Þá taka við klettar út með sjónum, sem heita Ófæra (114). Þeir ná frá fossinum að Skipakletti (115), en það er sker fram í sjó, sem brýtur á í brimi. [...]

[...]

Til athugunar er, að í landamerkjabréfi er nefnt „Skipaklettur með sjó að Kóngsá (143), þá að Byrðingshlein (144), svo að Karli“ Hvað er þetta? Er Kóngsá sama og Hornsá, Byrðingarhlein sama og Hlein og Karl, Karlinn, sem við höfum?

 LÖGMENN SUDURLANDI

Í örnefnaskrá fyrir Höfn sem Jóhann Hjaltason ritaði eftir sögn Sumarliða Betúelssonar í frumriti haustið 1940 en hreinritað og aukið sumarið 1966, segir m.a.:

Á milli Hælavíkurbjargs að vestan og skaga þess að austan sem myndar Hornbjarg, er stór vík, þ.e. Hornvík (1). Fyrir víkurbotninum er allvíðáttumikið láglendi [...] Í Hornvík er láglendið hæst út við sjóinn og er þar sandur mikill og gróðurlaus að kalla, en ofar við hann lækkar landið næstum í sjávarhæð, og eru þar hin beztu engjalönd. Upp frá sléttlendinu eru svo brattar undirhlíðar og há klettafjöll, sem leiðir liggja um vestur til Jökulfjarðar, í gegnum þróng hamraskörð [...]. Öll er því víkin lukt háum hamrafjöllum eins og aðrar byggðir norður þar.

Umhverfis víkina eru þrír bærir. Við hana austan megin, laust fyrir utan miðja vík, er bærinn Horn. Þar er ekkert eiginlegt láglendi heldur fjallahlíðar, sem aðeins eru grónar upp til miðs, en bakkar með sjó og sums staðar klettar. Sandurinn fyrir botni víkurinnar nefnist einu nafni Hafnarsandur (2), en engjalönd ofan hans hafa ýmis nöfn, er síðar greinir. Dálítinn spöl frá suðvesturhorni víkurinnar stendur bærinn Höfn (3) á láglendi undir háu fjall, sem einu nafni nefnist Hafnarfjall (4), þótt einstakir hlutar þess hafi sín sérheiti. Nokkuð út með Hornvíkinni að vestan, gengur bugur eða öllu heldur bót inn í landið, með allstórrri hvilft eða fjallakvos upp af. Vestan megin við bót þessa er bærinn Rekavík bak Höfn, og stendur á sjávarbökkum eins og Hornsbær, en miklu brattari og hærri.

Landamerki á milli Horns og Hafnar eru oft talin vera við Ófærur, sem nefnar eru í örnefnaskrá Horns, en munu þó að réttu lagi vera við ána Drífandi (5), sem fellur um Drífandisdal (6), skammt innan við Ófærur. [...]

[...] Um Kýrdal rennur Kýrdalsá (14), en Kýrskarð (15) heitir austur úr dalnum yfir til Látravíkur. Á láglendinu niður frá mynni Kýrdals er tóttabrot og rústir af fornri byggð, er heitir Stefánskofi (16) og er þar enn rækt í grasi. [...]

[...]

Hér að framan hefur það fallið niður, að upp af Standahlíð á milli Drífandisdals og Kýrdals, eru klettabrúnir þær, sem nefnast Raggir (42). [...]

[...] Fyrir heiman Hvamminn er svo nefnt Kot (48), sem skiptist í Fremra-Kot (49) og Heimra-Kot (50).

[...] Skammt fyrir utan Hafnarnes er klettur við sjóinn og síðan meiri og minni kletthjallar, með tindum og skörðum, upp alla fjallshlíðina og heitir þar Tröllakambur (55), en Tröllaskarð (56) heitir skarð það, sem vegurinn liggur um á einum breiðasta og neðsta hjallanum.

Fjallsmúlinn þar upp af nefnist Kollur (57) og er það yzti hluti Hafnarfjalls, sem liggur á milli Hafnar og Rekavíkur. [...]

Fallið hefur niður hér að framan örnefnið Svörtuklettar (58), en þeir eru í hinni hömrum settu fjallsbrún inn til við tindinn Einbúa og beint í vestur upp frá Fremra-Koti. Ennfremur má þess geta, að sunnan við Kýrskarð er hamrabrún mikil eða fjallsbrík, sem Gathyrna (59) nefnist. [...] Austan við Gathyrnu er Kerlingarskarð (60), sem einnig er nefnt Kistuskarð (61). [...]

Jóhann Hjaltason og Gísli Magnússon gerðu einnig viðbætur og athugasemdir við örnefnaskrá Ara Gíslasonar um Höfn, eftir sögn Sumarliða Betúelssonar og Guðbjartar Betúelssonar. Þar segir m.a. um landamerki Hafnar:

Heimildarmaður: Sumarliði Beturelsson [...]

Drífandisfoss (79) er í Drífandi (11), rétt við Ósinn ((36) Jóh.Hj.).

[...]

Bunulækur ((18) Jóh.Hj.), Drífandi, Drífandislækur (81) og Mígandi (15) er einn og sami lækurinn.

 LÖGMENN SUDURLANDI

[...]

Dögundursfell kallar Sumarliði Dögundarfellið. Það er í landi Horns.

[...]

Barð (84), skarð eða gil vestalega í Kollinn, og skiptir merkjum milli Rekavíkur og Hafnar. [...]

[...]

Heimildarmaður Guðbjartur Betúelsson [...]

Breiðaskarðshnjúkur (26) sama og Snókur (109). [...]

[...].

Jóhann Hjaltason tók einnig saman mismun á ofangreindum örnefnaskráum um Höfn og skráði eftir sögn Guðmundar Guðnasonar, frá Hælavík. Um landamerki Hafnar kemur þar fram:

[...] Nr. 3, 4 og 5 er ekki eitt skarð heldur þrjú og heita því Breiðuskörð, önnur örnefni sem af þeim eru dregin því í samræmi við það. Auk þess eru skörðin ekki í Hafnarlandi, heldur í landi Látravíkur og því öðrum hreppi, það er Grunnavíkurhreppi

Nr. 9 Dögundarfell, er allt í landareign Horns, en ekki Hafnar, þótt það auðvitað sjáist frá Höfn.

[...]

Nr. 19. Hestaskarð, heitir ekki svo heldur Hestskarð, eftir fjallinu Hestur, sem er nálega beint upp af Látavík, enda í hennar landi en ekki Hafnar, og því í Grunnavíkurhreppi eins og Breiðuskörð.

[...]

Nr. 28 Ófæra, er í Horns landi, en ekki Hafnar.

Nr. 31 Skiptaklettur, heitir Skipaklettur og hef ég engan heyrt nefna hann öðru nafni og ekki heldur heyrt að landamerki Horns og Hafnar væru þar, heldur við Drífandisá, og er kletturinn því í Hornslandi.

[...]

Nr. 2 Brattijaðar, er í landi Horns en ekki Hafnar.

[...]

Nr. 29 Rangahalaskarð, getur raunar ekki frekar talist í Hafnarlandi, en Kvía í Lónafirði, því að dalskora sú eða ranghali, sem skarðið ber nafn af er öll í Kvíalandi og heitir Ranghali. [...]

Í örnefnaskrá um Höfn og nágrenni sem Sumarliði Betúelsson skráði segir um landamerki jarðarinnar:

Drífandi (1) er lækur nefndur, sem rennur niður Drífandisdal (2), sem rennur fram af klettum rétt fyrir innan landamerki Horns og Hafnar. Og fjallið upp af honum heitir Dögundursfell (3). Þegar fjallið lækkar, myndast í það skarð, sem nefnt er Hestskarð (4). Svo hækkar fjallið aftur yfir svonefndum Röggum (5). Svo lækkar það aftur, og myndast annað skarð, er heitir Kýrskarð (6) [...] Fyrir miðjum dalnum myndast í fjallið klettastrengur, sem myndar dálitla hæð upp úr fjallinu, og í þessum klettastreng er gat í gegnum fjallið, sem við köllum Gathyrna (9). Og innar í fjallið myndast breitt skarð, sem heita Breiðuskörð (10), sem ná að háu fjalli, er heitir Snókur (11). [...]

Svo höldum við áfram eftir fjöllunum frá Snóknum yfir nokkuð háan og langan fjallakamb, sem hallar að lokum niður í Rangalaskarð (16). Svo hækkar fjallið aftur, þangað til við komum í Tindaskörð (17) [...] Svo lækkar fjallið aftur, þangað til að hallar niður í Hafnarskarð (18). Svo hækkar það aftur með mörgum og háum kelttum, sem nefnist Svörtuklettahlíð (19), sem nær alla leið að Kollskarði (20). Og út frá því er

 LÖGMENN SUDURLANDI

fjall, sem nær alla leið í sjó fram. Og nú erum við búnir að fara eftir fjöllunum, sem mynda jörðina Höfn í Hornavík.

Við enda Kolls (21) gengur klettur í sjó fram, hár og sérkennilegur með skarð niður í, sem hægt er að ganga í gegnum og heitir Tröllaskarð (22), og kamburinn sjálfur heitir Tröllakambur (23).

[...]

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeiganda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hárent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðanda míns byggir á máldögum, afsöлum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Höfn í Hornvík** sem vísað er hér til. Hins vegar er vísað til landamerkjabréfs fyrir jörðina Rekavík bak Höfn, þinglesnu að Hesteyri 14. júní 1924 og innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu, sem er aðliggjandi Höfn að vestanverðu. Þar er landamerkjum milli Rekavíkur og Hafnar lýst, og þau sögð ná upp á háfjallagarðinn „*sem hallar til vikanna á báðar hliðar*“. Jafnframt er vísað til fyrilliggjandi örnefnaskráa, og þá einkum örnefnaskráa fyrir Höfn rituðum af Ara Gíslasyni, Jóhanni Hjaltasyni frá 1940 og Sumarliða Betúelssonar.

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Höfn í heild sinni, en rétt er að nefna í þessu tilliti að á svæðinu virðist hafa tíðkast að landamerkjum hafi verið lýst sameiginlega fyrir nágrannajarðir, líkt og gert var í landamerkjabréfi Rekavíkur bak Höfn fyrir Rekavík og Höfn samkvæmt framangreindu, en síður gerð landamerkjabréf þar sem heildarlandamerkjum tiltekinnar jarðar út af fyrir sig var lýst. Sérstaklega er bent á í þessu tilliti að í örnefnaskrám Ara Gíslasonar fyrir Höfn og Horn er vísað til þess að fyrir liggi landamerkjabréf um jarðirnar og að samkvæmt landamerkjabréfi eigi Höfn land „*að fossinum*“, en Horn eigi land sem afmarkist að hluta með eftirfarandi hætti „*Skipaklettur með sjó að Kóngsá, þá að Byrðingshlein, svo að Karli.*“ Landamerkjabréf virðist þannig sannanlega hafa verið gert fyrir jarðirnar, þó þau hafi enn sem komið er ekki fundist við gagnaflun við meðferð málss þessa fyrir óbyggðanefnd.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólafrétt).

Um **Höfn** stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 12 hundruð að dýrleika og að eigandi sé lögrjettumaðurinn Ásgeir Sigurðsson að Ósi í Steinrímsfirði. Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 að jörðin sé 8 hundruð að dýrleika og eign Eyrarkirkju. Einnig segir í jarðatali Johnsens frá 1842 að Höfn sé í Eyrarkirkjueign í Seyðisf., metin 8 hdr. að dýrleika.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Höfn í Hornvík**.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Samkvæmt ofangreindum heimildum hefur umbjóðandi minn óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margssinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkjja, sé undirorpíð fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Hafnar**, þá sé ljóst að sé hún löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðanda míns verið þinglýst athugasemdaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðanda míns sé ekki fullkominn eign hans.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalýsing jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísad er til meginreglna í eignarrétti og til stjórmarskrár, einkum 72. gr. Vísad er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísad er til reglna um hefð.

MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 15. september 2020, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Höfn í Hornvík** er ein þeirra jarða sem á land sem liggar innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er **Höfn og Horn**, einnig liggar hún að kröfusvæðum sem nefnast **Hlöðuvík og Hælavík** að vestanverðu, **Álfstaðir**, **Kviar og Steig** að sunnanverðu og **Almenningar eystri**, (**Látravík og Bjarnarnes**) **Smiðjuvík**, **Barðsvík** og **Bolungarvík** að austanverðu. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeiganda að allt land í **Ísafjarðarsýslu** hafi frá landnámi verið undirorpíð beinum eignarrétti. Landamerki **Hafnar í Hornvík** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Í kröfulýsingu ríkisins virðist þjóðlendukrafa ríkisins einkum byggja á því að ekki liggi fyrir landamerkjalýsing fyrir hluta Hafnar. Tekur ríkið síðan þá handahófskenndu ákvörðun að miða við 200 metra hæðarlínu í kröfulýsing sinni.

Eins og áður hefur komið fram hefur ekki fundist landamerkjabréf fyrir Höfn í heild sinni, en rétt er að nefna í þessu tilliti að á svæðinu virðist hafa tíðkast að landamerkjum hafi verið lýst sameiginlega fyrir nágrannajarðir, en síður gerð landamerkjabréf þar sem heildarlandamerkjum tiltekinnar jarðar út af fyrir sig var lýst. Sérstaklega er bent á í þessu tilliti að í örnefnaskrám Ara Gísla fyrir Höfn og Horn er vísad til þess að fyrir liggi landamerkjabréf um jarðirnar og að samkvæmt landamerkjabréfi eigi Höfn land „*að fossinum*“, en Horn eigi land sem afmarkist að hluta með eftirfarandi hætti „*Skipaklettur með sjó að Kóngsá, þá að Byrðingshlein, svo að Karli.*“ Landamerkjabréf virðist þannig, eins og áður segir, sannanlega hafa verið gert fyrir jarðirnar, eftir atvikum fyrir þær sameiginlega, þó þau hafi enn sem komið er ekki fundist við gagnaöflun við meðferð málss þessa fyrir óbyggðanefnd.

 LÖGMENN SUDURLANDI

Vísað er til jafnframt þess sem kemur fram í landamerkjabréfi fyrir Rekavík bak Höfn, þinglesnu að Hesteyri 14. júní 1924. Þar er landamerkjum milli Rekavíkur og Hafnar lýst, og þau sögð ná upp á háfjallagarðinn „*sem hallar til vikanna á báðar hliðar*“. Einnig er vísað til fyrirliggjandi örnefnaskráa, og þá einkum örnefnaskráa fyrir Höfn rituðum af Ara Gíslasyni, Jóhanni Hjaltasyni frá 1940 og Sumarliða Betúelssonar. Í öllum þessum örnefnaskrám er miðað við að landamerki Hafnar afmarkist að mestu leyti af háeggjum fjallgarðsins sem umlykur jörðina.

Samkvæmt orðalagi framatalinna heimilda telur umbjóðandi minn ljóst að umþrætt landsvæði tilheyri landareign Hafnar, enda skýrt að um merki jarðarinnar hafi verið miðað við hæstu fjallsbrúnir og má af því ráða að þau liggi að mestu leyti á vatnaskilum.

Rétt er að nefna í þessu tilliti að á þessu svæði eru almennt mjög skýr náttúruleg merki á milli jarða, en hver og ein jörð afmarkast tíðast af fjallgörðunum í kring og þar tekur næsta jörð við. Landamerkjabréf jarða á svæðinu miða skýrlega við slík merki, og á það við um ofangreind landamerkjabréf sem lýsa merkjum Hafnar ásamt fyrirliggjandi örnefnaskrám um jörðina. Telur landeigandi rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki, að teknu tilliti til og til samræmis við orðalag fyrirliggjandi landamerkjabréfa og legu jarða á svæðinu almennt.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpíð beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Þinglýsingarvottorð
3. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
4. Örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Höfn
5. Örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Rekavík bak Höfn
6. Örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Horn
7. Örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar fyrir höfn frá 1940, hreinritað og aukið sumarið 1966
8. Viðbætur og athugasemdir Jóhanns Hjaltasonar og Gísla Magnússonar við örnefnaskrá Ara Gíslasonar
9. Samantekt Jóhanns Hjaltasonar um mismun á örnefnaskrám
10. Örnefnaskrá Sumarliða Betúelssonar um Höfn og nágrenni
11. Fasteignamatsvottorð
12. Umboð

 LÖGMENN SUDURLANDI

ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 22. 03 2021


Ólafur Björnsson hr.



ALMENN RÁDGJÖF



FASTEIGNASALA



SLYSA- OG BÓTMÁL

Kröfulýsing

til

óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október 2020, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

JÖRÐ: Horn við Hornbjarg, lnr. 189029, fnr. 2250468, Ísafjarðarbæ.

EIGENDUR: Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Hallfríður Ragúelsdóttir	kt. 010762-5029
Guðríður H Benediktsdóttir	kt. 020850-4349
Magnús Kristinsson	kt. 060133-3879
Rannveig Ragúelsdóttir	kt. 090560-5499
Þórir Bergmundsson	kt. 090953-5329
Ásthildur Gunnarsdóttir	kt. 130241-4179
Bergþóra Bergmundsdóttir	kt. 160748-3549
Freyja Haraldsdóttir	kt. 170142-7999
Jóna Benediktsdóttir	kt. 180162-5509
Anna Stígsdóttir	kt. 200625-3239
Elfa Björk Benediktsdóttir	kt. 240756-2349
Db. Haraldar Stígssonar	kt. 270414-4279
Stígur Stígsson	kt. 280430-7819
Viggó Benediktsson	kt. 280851-7369
Iðunn Haraldsdóttir	kt. 301144-3509
Rebekka R. Frímannsdóttir	kt. 290432-2279
Jón Ingí Óskarsson	kt. 419140-AAA0
Halldór Gunnarsson	kt. 419145-AAA0
Halldís Gunnarsdóttir	kt. 419146-AAA0
Frímann Benediktsson	kt. 419147-AAA0
Kolbrún Benediktsdóttir	kt. 419148-AAA0
Guðmunda Guðmundsdóttir	kt. 419747-AAA0
Guðbjörg Stefánsdóttir	kt. 419748-AAA0
Grímur Oddmundsson	kt. 419749-AAA0

 LÖGMENN SUDURLANDI

Harpa Harðardóttir	kt. 010246-7419
Gígja Harðardóttir	kt. 020349-3449
Gunnlaugur Kristinn Hreiðarsson	kt. 040643-4359
Friðgerður Ebba Sturludóttir	kt. 040765-8409
Jónína Sturludóttir	kt. 041149-7369
Db. Gunnlaugs Gunnarssonar	kt. 050136-3459
Soffia Hrönn Gunnarsdóttir	kt. 050384-2259
Ívan Jökull Pallé	kt. 050700-2590
Jóna Ragnhildur Ragúelsdóttir	kt. 060569-5099
Guðjón Elí Sturluson	kt. 070759-2769
Vigdís Unnur Gunnarsdóttir	kt. 080743-2469
Helgi Már Hreiðarsson	kt. 091252-3259
Stígur Arnórsson	kt. 110852-3479
Írena Hlín Júlíusdóttir	kt. 110902-3870
Frímann A Sturluson	kt. 120647-2619
Davíð Arnar Stefánsson	kt. 150972-3969
Stefán Hagalín Ragúelsson	kt. 160664-4369
Svanfríður Arnórsdóttir	kt. 180354-3529
Hjalti Allan Sverrisson	kt. 200269-4979
Stefán Jökull Stefánsson	kt. 200388-2249
Björk Sverrisdóttir	kt. 200961-4129
Guðný Jórunn Gunnarsdóttir	kt. 200985-2229
Stígur Haraldur Sturluson	kt. 201053-6259
Elfa Dís Arnórsdóttir	kt. 210757-2799
Db. Ernu Gunnarsdóttur	kt. 221138-3259
Andrea Sigrún Harðardóttir	kt. 270668-5189
Guðmundur Bjartur Júlíusson	kt. 290600-2940
Birna Guðrún Sverrisdóttir	kt. 290757-5339
Jóhann Valdimarsson	kt. 290762-2439

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ: Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda, með umboði frá Svanfríði Arnórsdóttur, Rebekku R. Frímannsdóttur, Viggó Benediktssyni, Önnu Stígsdóttur og Ásthildi Gunnarsdóttur.

KRÖFUGERÐ: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Horns við Hornbjarg**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt eftirfarandi heimildum, sbr. framlagt kröfulínukort ásamt hornpunktaskrá:

Örnefnaskrá fyrir jörðina Horn skráð af Ara Gíslasyni, þar sem segir m.a. um Horn:

Á merkjum syðst og austast, og um leið á merkjum móti Grunnavíkurhreppi, er skarð úti á bjargbrún, sem heitir Almenningaskarð (1), en það er kennt við Austur-Almenninga, er hér hefjast. Vestur frá því skarði, og afmarkar það á aðra hlið, er hátt fell, er heitir Dögundarfell (2). [...] En austan til á Almenningaskarði er mosavaxinn hjalli, sem heitir Sigmundarhjalli (3). [...]

Norðan við Sigmundarhjalla er hæð, sem heitir Skófnaberg. Næst við Skófnaberg tekur svo við aðliðandi niður á Innstadal, en það er syðsti dalurinn, sem opnast niður að Hornvíkinni, sem síðar verður talað um; hann er stærstur þeirra dala. Þarna niðri í dalnum, á bjargbrún, opnast gjá, sem heitir Harðviðrisgjá (6). Hún opnast fram á bjargbrúnina og skerst dúpt niður. [...]. Þegar komið er norður fyrir hana, eða eftir stefu gjáinnar vestur fyrir hana, hækkar landið. Koma þá fyrst Moldhillur (7); draga þær nafn af samnefndum hillum í bjarginu sjálfu. Hér rís upp allhár tindur, sem heitir Eilífstindur (8). Vestan við þennan tind er bjarg og grasi vaxið fram á brún. Landið þar heitir Lágbrún (9). Þá er þar fles framan í brún móti austri, er heitir Fles (10).

Nú fer bjargið að hækka til Kálfatinda (11), en það er hæsta hæðin hér, háir og hrikalegir, búa yfir ógn og veldi auðnarinnar. Þar sem bjargið fer að hækka, eru stallar hækkandi. Er þá fyrst Gíslamiðarhögg (12), þá Miðhögg (13) og efst Hæstahögg (14). Breiðasti stallurinn er Miðhöggjöld. Kálfatindar rísa svo upp, og að honum (svo) að sunnanverðu eru 11-13 aflíðandi stallar.

Vestanvert í Kálfatindi (svo) eru stallar, sem heita Breiðunef (15). [...] Vestan við Breiðunef og niður af því heita Dyraskörð (16). Það er klettabelti, þunn brík, sem liggar milli Kálfatinda og Jörundar, en Jörundur (17) er hár tindur norður af Kálfatindum.

Svo lækkar landið á ný niður í Miðdalinn (18), og heitir þar Fláandi (19). Það eru smáþræðingar. Þar er bratt niður fram á bjargbrúnina; nú eru þessir þræðingar aurflag; eru bjargmegin upp undir Jörund. Þar norður af er svo flatlendi, nefnt Folaldahillur (20). [...] Þá er Miðdalsgjá (21), sem er þar sem lægst er í dalnum og brúninni og á brún (?). Enn hækkar landið aftur upp úr Miðdalnum, og heita nú hillurnar, eða réttara brekkurnar, Álkhillur (22). Þær eru grasi vaxnar fram á brún, og þar fjær eru Steinshillur (23). Þær eru framhald af Álkhillum, en sundurskornar af bergstreng niðri í bjarginu.

[...] Að norðanverðu við þær, þar sem hallar upp, er nafnlaus tindur, en norðan við þann tind er Svaðaskarð (24) og Hak (25) [...] Þá er Miðfell (26), ekki mjög hátt, sem aðskilur Miðdal frá Yztadal (27). Norðan við Miðfell heitir fyrst Fellskriki (28). Þegar dregur niður fyrir háfellið, er komið að gjá, sem heitir Yztadalsgjá. Utan við hana er hæð, sem heitir Bungur (30). Norðan til, utan í Bungunni, er Gren (31), og yzta hornið er hér ne fnt Núpur (32). Nú höfum við farið norður eftir brúninni, og þá er að taka bjargið sjálf og byrja á sama stað.

Sigmundarhilla – var áður talin – er efsta hillan. [...] Neðan hennar taka svo við nafnlausar smáhillur og þræðingar, en þar lengst niðri í bjargi, 100 faðma sig, er Neðri-Gjárhilla (33). Þar niður úr eru svo nafnlausir þræðingar. Þar niðri, á merkjum móti Látravík, heitir Forvaði (34). Er þar bjarg í sjó fram. Nerði-Gjárhilla nær út fyrir Elífstind. [...] Norðan til við Forvaðann fyrrnefnda er klettur, sem komast má fyrir, og heitir hann Hlein (36). [...] Þá eru næst tveir hólmar, Hærrihólmur (37) og Fremrihólmur (38). [...] Pangað var stundum látið fé..

 LÖGMENN SUÐURIANDI

Þeir eru niður undan Eilifstind. Utanhalt við Elifstind er klettastrengur, er sker allar hillur sundur. Beint upp af Hólmi er Urðarnef (39). [...]

Austur af Neðri-Gjáarhillu er Efri-Gjáarhilla (40). [...] Niður af Flesi, sem fyrr er getið, utan til við Lágbrún, eru Dagshillur (41) ofarlega í bjarginu. Niður af þeim eru nafnlausir þræðingar og syllur. Út af þessu, niður af Gíslamiðarhöggi, eru þræðingar og nafnlausar hillur. Niður af Kálfatindum heitir Rani (42). Það er grasi vaxið fles alla leið iður í fjöru, niður á Klömp (43). AF brún og niður á Rana er sigi austanvert við Kálfatinda 100 faðma niður. [...] Milli Hólms og Rana er vik, sem heitir Hólmabót (44) [...] Fram af Rana er Ranaröst (45). Þar nokkuð utar er annað sams konar grasnes og berg niður við sjó, sem heitir Örfiður (46). Þar fram af er Örfiðursröst (47), og milli þeirra er það, sem kallað er Kringla (48) [...].

Pá er Dyraskörð, sem fyrr voru nefnd. Þar ofarlega í bjarginu hilla, sem heitir Dyraskarðahilla (49). Þar niður af eru þræðingar, sem heita Fláandi (50), og þar niður af er hilla, sem heitir Stórhilla (51). Heldur neðar en í miðju bargi þar niður af taka svo við svæði, sem nefnd eru Mellönd (52). Klettur niðri í fjöru og nær niður í sjó. Niður af Jörundi eru aðeins smáþræðingar. Dyraskörðin eru milli Kálfinda og Jörundar. Undan Dyraskörðum gengur Malarstrengur (53) niður úr.

Um Dyraskörð og Malarstreng skiptast bjargið að nokkru leyti. Frá Malastreng að Rana eru Mellöndin fyrrnefndu. Frá Rana að Hólmi er Hólmsbót (svo), svo frá Forvaða að Hólmi heitir Forvaðabót (54), en undir bjarginu, undan Kálfatindum, austan Malarstrengs, er skriða, Björnsskriða (55), og suður af henni Mallandaskriða (56). [...]

Utan Malarstrengs að Fuglakletti, er síðar getur, er bergið kallað Ytraberg (57). Þá eru hillur niður af Miðdal, en sunna við Miðdalsgjá er pá fyrst að geta Tenæringshillna (58). [...] þar niður af er nefnt Votur (59). [...] Utan við Tenæringshillna eru Folaldahillur (60). [...] Milli Tenæringshillna og Folaldahillna eru Porgeishvöpp (61) [...]. Vestanhalt við Jörund, sem fyrr er nefndur, niður af Tenæringshillum, er Örfiður, sem fyrr er skráður.

Miðdalsgjá hefur verið nefnd fyrr. Niður úr henni heita Gjáarþræðingar (62). Þar niður af er svo fjaran auðvitað nokkuð langt niðri, og heitir hún Miðdalssandur (63). Þá koma Álkahillur (64) tvær, sem eiga alnöfnur tvær upp á bjarginu. [...] Nú er komið að nafnlausa tindinum við Svaðaskarð, sem sumir nefna Svaðatind (65), eða bara Tind (66). Sunna við Svaðatind eru Jaðarhillur (67). Þar undan, sunnan til við Tind, er svo Svaðaskarð. Það nær langt niður; er eins og skál í brúnina. Þá kemur aftur Hakið fyrrnefnda, og niður af því eru Mjóhillur (68) tvær. [...] Þá niður af Mjóhillum Fjalaskriður (69). Petta nær út að Miðfelli. [...]

Svo er Yztadalsgjá, sem fyrr er nefnd. Út af henni heita Gjárþræðingar (70). [...] En undir nýpnum eru Núpshillur (71). [...] Skriða er undan Núpshillu, er heitir Stóraskriða (72). [...] Þar er klettur við sjó, sem heitir Fuglaklettur (73). Frá honum er Yztabjargið talið. Þá er næst Hornklettur (74) niður af Nýpnum. [...] Stundum er hann nefndu Hornhlein (75) eða Hornsteinar (76). Hornsteinaröst (77) gengur hér fram. [...]

Sunnan við Núpinn er dalur, nokkuð hátt upp í, sem heitir Yztidalur [áðurnefndur]; nokkuð hátt upp í hann og bratt. Hann nær frá Núp að Miðfelli, sem fyrr er nefnt. Upp í hann er nokkuð bratt; er klettabelti þar í brún, sem heitir Yztadalsbrún (80). Þar fyrir neðan er grashlið.

Þá er næst, þegar komið er fyrir Miðfell, Miðdalur [áðurnefndur]. Hann nær að Kálfatind; [...]. Utanvert í honum, fast við Miðfell er stykki, sem nefnt er Góðiblettur (81). Hann er neðst á brún,

 LÖGMENN SUÐURLANDI

því klettabelti er hér með allri brúninni, nefnt Miðdalsbrún (82). Niður af Álkuhillum heita Miðdalsbreiður (83) og ná að Gjánni. [...]

Pegar kemur fyrir Múlann og Kálfatinda, opnast allbreiður dalur, sem heitir Innstidalur (102). Að honum heldur að sunnanverðu Dögundarfell [...] brekkurnar upp undir Almenningaskarð heita Hjallar (110). Þeir eru þrír klettahjallar norðvestan í Dögundarfellinu og ná upp undir Skófnaberg. Brattijaðar (111) heitir hliðin frá Innstadal að Drifandisdal (112) Þetta eru skriður, sem ná svo neðst að sjó við Drifandisfoss (113). [...]

Lækurinn, sem myndar Drifandisfoss, er nafnlaus [...]. Þá taka við klettar út með sjónum, sem heita Ófsæra (114). Þeir ná frá fossinum að Skipakletti (115), en það er sker fram í sjó, sem brýtur á í brimi. [...]

Til athugunar er, að í landamerkjabréfi er nefnt „Skipaklettur með sjó að Kóngsá (143), þá að Byrðingshlein (144), svo að Karli“ [...]

Örnefnaskrá fyrir jörðina Höfn skráð af Ara Gíslasyni, þar sem segir m.a. um landamerki Hafnar og Horns:

[...] Þá er komið inn að Drífanda (11), sem kemur úr Drifandisdal, er liggur alla leið upp í Dögundarfell, er síðar getur. [...]

Fyrir ofan Skipaklett er hliðin, eins og fyrr segir, nefnd Brattijaðar. Þar upp af er hátt fell, sem heitir Dögundarfell (18). Smáklettanaggar eru þar á brúninni og hjallar upp, sem nefndir eru Drifandishjallar (19). Fossinn Drifandi er fyrr nefndur og fellur niður á nesið, og þar undir er klettur; hann er 9 álna hár og er á merkjum (ath.: eftir merkjabréfi á Höfnin aðeins að fossinum, en Sölvi taldi henni land að Skipakletti). [...]

Örnefnaskrá fyrir Horn sem Jóhann Hjaltason ritaði eftir sögn Bergmundar Stígssonar á Horni í frumriti haustið 1940 en hreinritað og aukið sumarið 1966, þar sem segir m.a. um landamerki Horns:

Á milli Hornvíkur og Húnaflóa gengur fjallaskagi mikill norður í Íshafið. [...] Þetta er hið nafnkunna fuglabjarg, Hornbjarg (1), sem að meginhluta er í landareign jarðarinnar Horns í Hornvík. [...]

Austast undir bjarginu, nokkuð fyrir utan Látravík, er klettatangi, sem sjór flýtur yfir um flæði, en kemur upp úr sjó um fjöru, heitir hann Forvaði (2) nú á tínum, en mun fyrrum hafa kallast Flæðihamar (3) og verið á landamerkjum Horns og Almenninga hinna eystrí.

[...] Upp og norður af Forvaðanum er Almenningaskarð (4) á bjargbrúninni, sem mun draga nafn af því, að þar byrjuðu hinir fornu Almenningar. Í bjarginu fyrir utan Forvaða heitir Skófnaberg (5). [...] Harðviðrisgjá (6), sem er litlu utar eða norðar í brún bjargsins. [...] Utan við Harðviðrisgjá er slétt brún á litlu svæði í bjargröndinni, og kallast þar Moldhillur (7). Þar fyrir utan er Eilifstindur (8). Báðumegin við Harðviðrisgjá er svo nefnd Nerði-Gjárhilla (9), sem nær alla leið frá Forvaða og út undir Hólm. [...] Í bjarginu eða um 40 – 50 m ofar og á sama svæði er Efri-Gjárarhilla (10). [...]

Skammt utan við Eilifstind er klettasker eitt mikið um 5-6 m hátt úr sjó og vel frítt frá rótum bjargsins, og nefnist það Hólmur (11). Þar upp af er í bergenu svo kallaður Efri-Hólmur (12) [...].

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Alllangt fyrir utan Hólm er klettatangi eða klif út frá bjarginu, þar sem það beygir til vestur, og heitir þar Rani (13). Bein þar upp af á jargsbrúninni er hæsti tindur Hornsbjargs, Kálfatindur (14) [...]. Á milli hans og Elífsstinds er bjargið einna lægst eða um 240 m á hæð, og heitir þar Lágbrún (15).

Er þar eins og bugur inn í bjargið, á milli Hólms og Rana, og nefnist Hómsbót (16). Á bjargsbrúninni sunnan við Rana eru smátindar, er einu nafni kallast Gíslamiðahögg (17). Er svo nefnt Efsta högg (18) alveg undir eða utan í Kálfatindi, en Miðhögg (19) aðeins innar, þ.e. sunnar. [...]

Skammt vestur með bjarginu frá Rana gengur út klettatota, sem kallast Örfiðurstangi (23). Beint upp af honum og svo að setja á bjargbrún er tindurinn Jörundur (24) [...]

Undir miðjum Kálfatindi, austan við Örfiðurstanga, er svo nefnd Glerhallarvík (25) [...] Á milli Jörundar og Kálfatinds eru svo nefnd Dyraskörð (26). Þegar kemur vestur með bjarginu er fjara undir því, fyrir vestan Örfiðurstanga, og heitir hún Miðdalssandur (27) allt vestur að klettadröngum miklum, sem þar standa upp úr sjó, lausir frá bjarginu og nefnast Fjalir (28).

Upp af þeim er hátt klettafell, sem heitir Miðfell (29) og gengur það suðvesturs frá bjargbrúninni, eins og Múlinn út frá Kálfatindi. Á milli Múlans og Miðfells er svo nefndur Miðdalur (30), sem hallar öllum móti vestri [...].

Í bjarginu austur af Miðdal er svo nefnd Gjá (31), einnig kölluð Miðdalsgjá (32). Á milli hennar og Jörundar heita Folaldahillur (33) í bjarginu, en frá Gjá að Miðfelli eru Steinshillur (34). Nyrzt í þeim er standklettur kallaður Tindur (35), en Svaðakarð (36) heitir á milli hans og Miðfells. Upp af Fjöllum eru kallaðar Fjalarskriður (37), en þar fyrir utan er svo nefnd Stóraskriða (38).

Síðan er Gjá (39) nefnd, fyrir miðjum Yztadal, Kór (40), Fuglaklettur (41) og Hornsklettur (42), sem standa út frá bjarginu, en áfast því. Ytti hluti Hornbjargs, sem veit móti norðvestri, nefnist Núpur (43). Þar er nokkur skál eða kvos niður í bjargið, og kallast hún Yztidalur (44), á milli Núpsins og Miðfells. [...].

[...] Í vestur frá Miðdalsgjá er slægjuland, sem kallað er Miðdalsbreiða (50). Neðan við hana eru holtarenningar yfir talinn, og heita þeir einu nafni Selholt (51) [...]

[...] Hornstún, en þar er nú fjórbýlt, stendur á allbreiðum og frekar lágum hjalla, austanvert við víkina, um miðja vegu frá yztu bjargtánni og inn að víkurbotni. [...] Á milli Dögundarfells og Múla er Innstidalur (74), sem líka er af ýmsum kallaður Bæjardalur (75). [...]

[...] Nokkurn spöl þar fyrir innan er Skipaklettur (83) fast við sjóinn, og er þá komið langleiðina inn undir víkurbotn. Upp af Skipakletti er fjallsöxl sú, er Hæð (84) nefnist, alla leið upp undir Dögundarfell. [...] Niður í suðausturhorni víkurinnar og nokkuð sunnan við Skipaklett fellur til sjávar, er nefnist Drífandi (86). Á milli hennar og klettsins eru hamrar við sjóinn, sem nefnast Ófærur (87). [...]

Upp af Ófærum, á milli þeirra og Hæðar, er brött hlið, sem heitir Brattijaðar (88), stundum nefndur aðeins Jaðar (89). [...]

Örnefnaskrá fyrir Höfn sem Jóhann Hjaltason ritaði eftir sögn Sumarliða Betúelssonar í frumriti haustið 1940 en hreinritað og aukið sumarið 1966, þar sem segir m.a.:

[...] Landamerki á milli Horns og Hafnar eru oft talin vera við Ófærur, sem nefnar eru í örnefnaskrá Horns, en munu þó að réttu lagi vera við ána Drifandi (5), sem fellur um Drifandisdal (6), skammt innan við Ófærur. [...]

Örnefnaskrá fyrir Horn í Hornvík sem Sölvi Sveinsson skráði eftir sögn Sigurgeirs Falssonar, dags. 31. maí og 1. júní 1974, þar sem segir um landamerki Horns:

[...] Landamerki Hafnar og Horns eru um lækinn Drifanda (1). Skammt fyrir utan hann eru Ófærur (2). [...] Ófærur ná að Skipakletti (4). [...]

Sandklettur (29) er skammt norðan Skútakletts. Þá er komið að Hornkletti (30). Hann er beint niður undan Núpnum (31), en svo heitir þar, sem bjargið endar. Fuglaklettur (32) nefnist svo, [...]. Stórkriða (33) [...] Fjallskriða (34) er undan Svaðaskarði og Miðfelli [...].

Fjölin (35) er hár klettur, sem stendur upp úr sjónum nokkra faðma frá landi. Miðdalssandur (36) er beint undan Miðdalsgjá [...]. Kringla (37) er hringiða í sjónum beint fram af Miðdalssandi. [...]

Örfiri (38) er skerjatangi, sem stendur fram í sjó og flæðir yfir á flóði. [...]. Að Klettinum upp af Örfiri er gengt frá Hornkletti eftir fjörunni, en ekki lengra. Er það nefnt Göngubjarg (40). [...]

Glerhallarvík (41) er skammt austan Örfiris. [...]

Rani (42) er klettatangi fram í sjó undan Efsta-Höggi [...]. Fremri-Hólmur (43) er sker, grasi vaxið að hluta. Upp af því er Efri-Hólmur (44), sem er klettabrik fram úr bjarginu, [...].

Forvaði (45) er klettabrik fram úr bergeninu nokkru sunnar en Fremri-Hólmur. [...]. Forvaði er beint undir nyrzta hluta Stóru-Brekku (46). Með Forvaða lýkur Almenningi og Sléttuhreppi, en Grunnavíkurheppur tekur við með Látravík. [...]

[...] Drifandisdalur (svo) (48) er að hálfu í eigu Horns. [...] Brattijaðar (51) er upp af Skipakletti. [...]

[...] Múlaskálín nær upp að Lágbrún (74). Hún er milli Kálfatinds og Eilifstinds (75). Við Lágbrún er bjargið einna lægst eða 240 m. [...]

Miðdalsbreiða (81) er bungumynduð sléttá á Miðdal. Að neðan nær hún frá Miðdalshjalla (82) upp að Miðdalsgjá (83). Að norðan nær hún frá Steinshillum (84) og inn undir Miðdalsvatn. [...]

Upp af Miðdalsbreiðu að norðan eru Álkahillur (85) upp á bjarginu. Framhald þeirra er Steinshillur. Samnendar hillur eru í bjarginu. Nyrzt á Steinhillum er grasi gróinn tindur, sem heitir Tindur (86). Svaðaskarð (87) er milli hans og Haksins (88), en á því er festarhald á Mjóhillur (89).

Folaldahillur (90) ná suður frá Miðdalsgjá. [...] Hliðin upp af Miðdalsvatni undir Kálfatindi og Jörundi (93) heitir Stóðahlíð (94). Hún nær að Folaldahillum. Jörundur er 80 m hár frá mörkum Stóðhlíðar að telja. [...]

Yztidalur er milli Miðfells og Núpsins. [...] Yztadalsgjá (103) er enn sunnar. Hún er skora í bergið. Fellskriki (104) heitir allur norðausturhluti Miðfells niður í dalbotn.

 LÖGMENN SUDURLANDI

Í austurhlíð Kálfatinds eru þrjú kletta högg. Efstahögg (105) er efst, þá Miðhögg (106) og Gislamiðarhögg (svo) (107) neðst. [...] Efra-Tindahvolf (108) er milli Efstahöggs og Miðhöggs, en Neðra-Tindahvolf (109) milli Miðhöggs og Gislamiðarhöggs.

Milli Jörundar og Kálfatinds heita Dyraskörð (110). [...]

Almenningaskarð er milli Dufandisfells og Skófnabergs (111). [...] Harðviðrisgjá (112) [...] Hún er milli Skófnabergs og Moldhillna (113), en þær eru sunnan Eilifstínds. Samnefndar hillur eru í bjarginu.

Um 110 metra frá brún niður í bjarginu er Kolbeinsskúti (114). Í hann var sigið frá sama festarhaldi og á Neðri-Gjáarhillu (115). Hún nær frá Hólmi að Forvaða, en er viða sundurskorin af tæpum. Framhald hennar til vesturs er Dagshilla (116) [...]

Efri-Gjáarhilla (117) er 40-50 metrum ofar en Nerði-Gjáarhilla. Hún gengur suður frá Harðviðrisgjá undir Skófnabergi allt að Streng (118), sem er gangur í berginu. Sigmundarhilla (119) er framhald hennar. Stóru-Brekkuhilla (120) tekur við af Sigmundarhillu. Hún nær inn í land Látravíkur.

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Horns við Hornbjarg**, hafnað og þess krafist að innan landamerkjá jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðendum mínum að skaðlausu.

MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingi í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

SAGA JARÐAR:

Í vísitasíubók Brynjólfss biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639–1671, segir m.a. um eignir og ítök kirkjunar að Hrafnseyri við Arnarfjörð, dags. 26. ágúst 1639, að hún eigi „hornstrón med óllum gjöendum tolla i vrdum huórutueggjum“. Ennfremur að hún eigi „Tolffung i hualreka á hornstrón“.¹ Sama kemur fram í vísitasíubók Brynjólfss biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639–1671, dags. 21. ágúst 1653.² Þetta kemur einnig fram í vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar um Sunnlendingafjórðung, Sólheima- og Reynisþing og Vestfirðingafjórðung 1723–1733, dags. 31. ágúst 1725, en þar segir að auki að „horn, bigd fyrer utann landskulla“.³ Í vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748–1752, dags. 17. september 1749, segir að kikjan að Hrafnseyri eigi „Heima Land allt, [...] Horn [...].“⁴ Fyrrgreint kemur einnig fram í

¹ Hrafnseyri við Arnarfjörð. 26. ágúst 1639. (Bps. A. II, 6. Vísitasíubók Brynjólfss biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639–1671, bls. 32–33).

² Hrafnseyri við Arnarfjörð. 21. ágúst 1653. (Bps. A. II, 6. Vísitasíubók Brynjólfss biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639–1671, bls. 221–222).

³ Hrafnseyri við Arnarfjörð. 31. ágúst 1725. (Bps. A. II, 17. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar um Sunnlendingafjórðung, Sólheima- og Reynisþing og Vestfirðingafjórðung 1723–1733, bls. 467–470).

⁴ Hrafnseyri við Arnarfjörð. 17. september 1749. (Bps. A. II, 19. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748–1752, II. hluti, bls. 58–60).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðunga 1756–1778, dags. 3. september 1761⁵ og vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs biskups Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðunga 1790–1800 og vísitasíur Steingríms biskups Jónssonar um Skagafjarðar-, Borgarfjarðar-, Mýra- og Dalaprófastsdæmi 1826–1827, dags. 17. ágúst 1790.⁶ Þá kemur það sama fram í vísitasíubók Helga biskups Thordersen um Ísafjarðarsýslu 1852, dags. 16. júlí 1852.⁷

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.;

Þessi (jörð) hefur legið í eyði síðan bóluna.

Jarðardýrleiki vi c [...]

Eigandinn beneficium Hrafnseyri við Arnarfjörð.

[...]

Torfrista og stúnga lítt nýtandi. Eggver og fulgaveiði af svartfyglu í Hornbjargi merkilega góð en stórlega erfið, því síga þarf fertugt og sextugt bjarg, og hefur ábúandi sjaldan verið so liðaður að hann hafi getað nýtt þetta eggver að fullu.

NB. Nokkrir vilja halda að þetta eggver í nefndu Hornbjargi sje almenningur og heyri ekki Horni til framar en öðrum, sem brúka vilja, og því hafa margir þetta eggver í leyfisleysi brúkað ásamt Hornsmönnum. Horn á þó átölulaust land alt á bjarginu uppi, en almenningur er haldinn reki undir því, sem ýmsir nýta.

[...]

Afjrett fyrir lömb og geldfje á nje brúkar þessi sveit öngva, heldur gengur það jafnan í búfjárhögum og upp frá þeim á fjallgarðinn frá hverri jörð.

[...]⁸

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur fram í umfjöllun um Bjarnarnes að Horn í Aðalvík eigi land að almenningum að vestanverði í Flæðihamar.⁹

Í jarðamati 1804 segir um Horn við Hornbjarg:

Horn

Kirke Jord til Hrafnseyre

Dyrhed 6 hndr.

lejlænding Einar Biarnesen

[...]

Af Fieldgræs kan her tages 5 Tonder aarlig. –

⁵ Hrafnseyri við Arnarfjörð. 3. september 1761. (Bps. A. II, 21. Vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðunga 1756–1778 I, bls. 256–259).

⁶ Hrafnseyri við Arnarfjörð. 17. ágúst 1790. (Bps. A. II, 24. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs biskups Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðunga 1790–1800 og vísitasíur Steingríms biskups Jónssonar um Skagafjarðar-, Borgarfjarðar-, Mýra- og Dalaprófastsdæmi 1826–1827, bls. 65–68).

⁷ Hrafnseyri við Arnarfjörð. 16. júlí 1852. (Bps. C. I, 2. Vísitasíubók Helga biskups Thordersen um Ísafjarðarsýslu 1852, bls. 27–30).

⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 305–306.

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 308–309.

 LÖGMENN SUDURLANDI

Selhundefangst som afgiver 1/15 T^{de} Tran. –

lejlighed haves til Fiskeri om Sommeren og er lötten 1 Væt Fisk af alslags. –

ligeledes til Havkalvefangst og er Lötten der af 1/5 T^{de} Tran. –

Drivtømmer falder her efter middeltal til 5rd værdie aarlig. –

Hvale falde her ikke. –

Hiemme marken er underkastet Elvebrud og Udmarken Fieldskreed. –

p. n. her holdes 3 Lam.¹⁰

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir að Horn sé í Rafnseyrarkirkjueign, metin 6 hdr. að dýrleika.¹¹

Í jarðamati 1849-1850 segir um Horn við Hornbjarg:

Ár 1849, 22 ágúst, var jarðamatþing sett að Látrum í Sléttuhreppi af Sýslumanni Isfirðinga samkv. tilsk. 27da maí 1848 – hvar þá – var fyrirtekið

að meta jarðir allar í Sléttuhreppi að dalatali

[...]

9. Horn.

Að sönnu skagar jörð þessi langt út til hafs og er óþerrasöm og erfið til slægna, en hægð til sjóar, útibet á vetrum, landkostr, viðarreki töluberð, fuglaflí afarmikill úr bjargi og undan og hægð til viðskipta er svo atkvæðamikil, að jörðin skarar langt framur meðaljörðum.

[...].¹²

Í jarðamati 1916-1918, fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, segir um Horn við Hornbjarg:

42 Fyrirtekið að meta jörðina II Horn Nr 22 6 hndr. f. m.

Eigendur: Elias Einarsson Horni 1 hndr. f. m.

– Benidikt Benidiktsson Dynjanda 1 –

– Rebekka Hjálmarsdóttir Horni. 2 –

– Erfingjar Haraldar Steigssonar 2 = 6 hndr. f. m.

Ábúendur: Guðmundur Kristjánsson á 1/3

– Stígur Haraldsson – 1/3

– Elías Einarsson – 1/3

Lýsing jarðarinnar:

I. Jarðnytjar: Túnið talið 3 ha í góðri rækt grasgefíð, en harðlent og þýft Töðufall 54 hestar

Útengi: Snögglegt, samfelt, en raklent Heyfall 260 hestar

¹⁰ Horn við Hornbjarg. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802-1804, bls. 129v).

¹¹ Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn*, 1847, bls. 204.

¹² Skáladalur við Aðalvík, Lækur í Aðalvík, Staður í Aðalvík, Rekavík bak Látur, Kjaransvík á Hornströndum, Hælavík á Hornströndum, Rekavík bak Höfn, Horn við Hornbjarg. (Íslenska stjórnardeildin, J/2-6, Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849-1850, án blaðsíðutals).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Beitiland Ágætt bæði sumar og vetur Fjörubeit góð
II Ónnur jarðargæði og hlunnindi:
Fugla og eggjatekja í Hornbjargi. Viðarreki nokkur. Mótekja og torfrista
[...]
III. Ókostir
Viðarrekinn er eign Rafnseyrarkirkju
[...]
Mat:
a. Jörðin 1500 kr.
b. Jarðarhús 500 – 2000 kr.
c. Hús ábúenda 1. Guðm. Kristjánssonar 500 kr.
2. Stígur Haraldsson 300 –
3. Elias Einarsson 300 1100
Alls Krónur 3100
p.t. Ísafirði 13 des. 1917
[...].¹³

Í sóknarlýsingu Vestfjarða, lýsing á Staðarsókn, segir m.a. um afréttarlönd:

32. Afréttarlönd eru: [...] Víknamenn reka á Almenninga. En þeir í Hafnarbásum í Horndali (Yzta- Mið- og Innsta-dal). Engir utansveitarmenn eiga eða hafa þar upprekstur. Þar er engin rétt hlaðin, engar réttir haldnar og engin regla á fjallgöngum.¹⁴

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Horn:

23. Horn, 6 Hdr. að dýrleika, niður undan Miðdal. Bærinn stendur fyrir utan ána, en hún rennur gegnum túnið. Túnið er grasgefið, en þýft. Engjar litlar heldur og laklegar. Grasbeit á sumrum fyrirtaks góð, lítil á vetrum, en 18 vikna fjara. Reki mikill og fuglaflí. Mótak ekkert. Lítið um fisk. Brimasamt, ofviðrasamt af allri norðan átt.

Vetrarþyngsli eru yfir höfuð mikil hér í sveit, en landkostir góðir.¹⁵

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Horn skráð af Ara Gíslasyni, segir um Horn:

Jörð í Sléttuhreppi næst austan við Höfn og um leið austasta jörð hreppsins. Hún er 1710 6 hdr. og eigandi kirkjan á Hrafneyri, þá í eyði síðan um stórubólu 1707.

[...]

Bærinn stendur við Hornvík mótt vestri í nokkuð brattri brekku. Að baki hans rísa upp há fjöll. [...]

Á merkjum syðst og austast, og um leið á merkjum móti Grunnavíkurhreppi, er skarð úti á bjargbrún, sem heitir Almenningaskarð (1), en það er kennt við Austur-Almenninga, er hér hefjast.

¹³ Horn við Hornbjarg. (Fjármálaráðuneytið – Fasteignamat, AA/7–2, Norður-Ísafjarðarsýsla, undirmat II 1916–1918, bls. 99–100).

¹⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áthagafélaga (1952), bls. 188–189.

¹⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áthagafélaga (1952), bls. 188.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Vestur frá því skarði, og afmarkar það á aðra hlið, er hátt fell, er heitir Dögundarfell (2). [...] En austan til á Almenningaskarði er mosavaxinn hjalli, sem heitir Sigumdarhjalli (3). Niður af honum er svo samnefnd hilla í bjarginu, er heitir Sigmundarhilla. [...]

Norðan við Sigmundarhjalla er hæð, sem heitir Skófnaberg. Næst við Skófnaberg tekur svo við aðlíðandi niður á Innstadal, en það er syðsti dalurinn, sem opnast niður að Hornvíkinni, sem síðar verður talað um; hann er stærstur þeirra dala. Þarna niðri í dalnum, á bjargbrún, opnast gjá, sem heitir Harðviðrisgjá (6). Hún opnast fram á bjargbrúnina og skerst dúpt niður. [...]. Þegar komið er norður fyrir hana, eða eftir stefu gjáinnar vestur fyrir hana, hækkar landið. Koma þá fyrst Moldhillur (7); draga þær nafn af samnefndum hillum í bjarginu sjálfu. Hér rís upp allhár tindur, sem heitir Eilifstindur (8). Vestan við þennan tind er bjarg og grasi vaxið fram á brún. Landið þar heitir Lágbrún (9). Þá er þar fles framan í brún móti austri, er heitir Fles (10).

Nú fer bjargið að hækka til Kálfatinda (11), en það er hæsta hæðin hér, háir og hrikalegir, búa yfir ógn og veldi auðnarinnar. Þar sem bjargið fer að hækka, eru stallar hækkandi. Er þá fyrst Gíslamiðarhögg (12), þá Miðhögg (13) og efst Hæstahögg (14). Breiðasti stallurinn er Miðhöggið. Kálfatindar rísa svo upp, og að honum (svo) að sunnanverðu eru 11-13 aflíðandi stallar.

Vestanvert í Kálfatindi (svo) eru stallar, sem heita Breiðunef (15). [...] Vestan við Breiðunef og niður af því heita Dyraskörð (16). Það er klettabelti, þunn brík, sem liggar milli Kálfatinda og Jörundar, en Jörundur (17) er hár tindur norður af Kálfatindum.

Svo lækkar landið á ný niður í Miðdalinn (18), og heitir þar Fláandi (19). Það eru smáþræðingar. Þar er bratt niður fram á bjargbrúnina; nú eru þessir þræðingar aurflag; eru bjargmegin upp undir Jörund. Þar norður af er svo flatlendi, nefnt Folaldahillur (20). [...] Þá er Miðdalsgjá (21), sem er þar sem lægst er í dalnum og brúninni og á brún (?). Enn hækkar landið aftur upp úr Miðdalnum, og heita nú hillurnar, eða réttara brekkurnar, Álkhillur (22). Þær eru grasi vaxnar fram á brún, og þar fjær eru Steinshillur (23). Þær eru framhald af Álkhillum, en sundurskornar af bergstreng niðri í bjarginu.

[...] Að norðanverðu við þær, þar sem hallar upp, er nafnlaus tindur, en norðan við þann tind er Svaðaskarð (24) og Hak (25) [...] Þá er Miðfell (26), ekki mjög hátt, sem aðskilur Miðdal frá Yztadal (27). Norðan við Miðfell heitir fyrst Fellskriki (28). Þegar dregur niður fyrir háfellið, er komið að gjá, sem heitir Yztadalsgjá. Utan við hana er hæð, sem heitir Bungur (30). Norðan til, utan í Bungunni, er Gren (31), og yzta hornið er hér nefnt Núpur (32). Nú höfum við farið norður eftir brúninni, og þá er að taka bjargið sjálf og byrja á sama stað.

Sigmundarhilla – var áður talin – er efsta hillan. [...] Neðan hennar taka svo við nafnlausar smáhillur og þræðingar, en þar lengst niðri í bjargi, 100 faðma sig, er Neðri-Gjáarhilla (33). Þar niður úr eru svo nafnlausir þræðingar. Þar niðri, á merkjum móti Látravík, heitir Forvaði (34). Er þar bjarg í sjó fram. Nerði-Gjáarhilla nær út fyrir Elífstind. [...] Norðan til við Forvaðann fyrmefnda er klettur, sem komast má fyrir, og heitir hann Hlein (36). [...] Þá eru næst tveir hólmar, Hærrihólmur (37) og Fremrihólmur (38). [...] Þangað var stundum látið fé.. Þeir eru niður undan Elífstind. Utanhalt við Elífstind er klettastrengur, er sker allar hillur sundur. Beint upp af Hólmi er Urðarnef (39). [...]

Austur af Neðri-Gjáarhillu er Efri-Gjáarhilla (40). [...] Niður af Flesi, sem fyrr er getið, utan til við Lágbrún, eru Dagshillur (41) ofarlega í bjarginu. Niður af þeim eru nafnlausir þræðingar og syllur. Út af þessu, niður af Gíslamiðarhöggi, eru þræðingar og nafnlausar hillur. Niður af Kálfatindum heitir Rani (42). Það er grasi vaxið fles alla leið iður í fjöru, niður á Klömp (43). AF brún og niður á Rana er sigi austanvert við Kálfatinda 100 faðma niður. [...] Milli Hólms og Rana er vík, sem heitir Hólmabót (44) [...] Fram af Rana er Ranaröst (45). Þar nokkuð utar er annað sams konar grasnes og berg niður við sjó, sem heitir Örfiður (46). Þar fram af er Örfiðursröst (47), og milli þeirra er það, sem kallað er Kringla (48) [...].

Þá er Dyraskörð, sem fyrr voru nefnd. Þar ofarlega í bjarginu hilli, sem heitir Dyraskarðahilla (49). Þar niður af eru þræðingar, sem heita Fláandi (50), og þar niður af er hilli, sem heitir Stórhilla (51). Heldur

 LÖGMENN SUÐURLANDI

neðar en í miðju bargi þar niður af taka svo við svæði, sem nefnd eru Mellönd (52). Klettur niðri í fjöru og nær niður í sjó. Niður af Jörundi eru aðeins smáþræðingar. Dyraskörðin eru milli Kálftinda og Jörundar. Undan Dyraskörðum gengur Malarstrengur (53) niður úr.

Um Dyraskörð og Malarstreng skiptast bjargið að nokkru leyti. Frá Malastreng að Rana eru Mellöndin fyrn nefndu. Frá Rana að Hólmi er Hólmsbót (svo), svo frá Forvaða að Hólmi heitir Forvaðabót (54), en undir bjarginu, undan Kálfatindum, austan Malarstrengs, er skriða, Björnsskriða (55), og suður af henni Mallandaskriða (56). [...]

Utan Malarstrengs að Fuglakletti, er síðar getur, er bergið kallað Ytraberg (57). Þá eru hillur niður af Miðdal, en sunna við Miðdalsgjá er þá fyrst að geta Tenæringshillna (58). [...] þar niður af er nefnt Votur (59). [...] Utan við Tenæringshillna eru Folaldahillur (60). [...] Milli Tenæringshillna og Folaldahillna eru Þorgeishvöpp (61) [...]. Vestanhalt við Jörund, sem fyrr er nefndur, niður af Tenæringshillum, er Örfiður, sem fyrr er skráður.

Miðdalsgjá hefur verið nefnd fyrr. Niður úr henni heita Gjáarþræðingar (62). Þar niður af er svo fjaran auðvitað nokkuð langt niðri, og heitir hún Miðdalssandur (63). Þá koma Álkahillur (64) tvær, sem eiga alnöfnur tvær upp á bjarginu. [...] Nú er komið að nafnlausa tindinum við Svaðaskarð, sem sumir nefna Svaðatind (65), eða bara Tind (66). Sunna við Svaðatind eru Jaðarshillur (67). Þar undan, sunnan til við Tind, er svo Svaðaskarð. Það nær langt niður; er eins og skál í brúnina. Þá kemur aftur Hakið fyrn nefnda, og niður af því eru Mjóhillur (68) tvær. [...] Þá niður af Mjóhillum Fjalaskriður (69). Þetta nær út að Miðfelli. [...]

Svo er Yztadalsgjá, sem fyrr er nefnd. Út af henni heita Gjárþræðingar (70). [...] En undir núpnum eru Núpshillur (71). [...] Skriða er undan Núpshillu, er heitir Stórkaskriða (72). [...] Þar er klettur við sjó, sem heitir Fuglaklettur (73). Frá honum er Yztabjargið talið. **Þá er næst Hornklettur (74) niður af Núpnum. Að honum er Hornið talið eiga reka.** Stundum er hann nefndu Hornklein (75) eða Hornsteinar (76). Hornsteinaröst (77) gengur hér fram. Þá er allt búið að austanverðu, og verður nú haldið suður að vestanverðu, þar sem landið snýr að Hornvík. Þess má geta, að 1848 er víkin öll kölluð Höfn og einhvers staðar Hafnarbás. [...]

Fram af Núpnum eru tvö blindsker, sem heita Skötur. Sunnan við Núpinn er dalur, nokkuð hátt upp í, sem heitir Yztidalur [áðurnefndur]; nokkuð hátt upp í hann og bratt. Hann nær frá Núp að Miðfelli, sem fyrr er nefnt. Upp í hann er nokkuð bratt; er klettabelti þar í brún, sem heitir Yztadalsbrún (80). Þar fyrir neðan er grashlíð.

Þá er næst, þegar komið er fyrir Miðfell, Miðdalur [áðurnefndur]. Hann nær að Kálfatind; í honum eru aðalslægjurnar. Utanvert í honum, fast við Miðfell er stykki, sem nefnt er Góðiblettur (81). Hann er neðst á brún, því klettabelti er hér með allri brúninni, nefnt Miðdalsbrún (82). Niður af Álkuhillum heita Miðdalsbreiður (83) og ná að Gjánni. Þar á fólkioð að vera dysjað. **Í dalnum innst er Stóðahlíðarvatn (84), allstórt vatn, og upp af því er Stóðahlíð (85) í sunnanverðum dalnum. Hjá því eru holt og slægjur milli holtanna. Holtin heita Vatnsholt.** [...]

Þegar kemur fyrir Múlann og Kálfatinda, opnast allbreiður dalur, sem heitir Innstidalur (102). Að honum heldur að sunnanverðu Dögundarfell, sem fyrr getur. [...] Svo er ekki meira hér, nema brekkurnar upp undir Almenningaskarð heita Hjallar (110). Þeir eru þrír klettahjallar norðvestan í Dögundarfellinu og ná upp undir Skófnaberg. Brattijaðar (111) heitir hlíðin frá Innstadal að Drífandisdal (112) Þetta eru skriður, sem ná svo neðst að sjó við Drífandisfoss (113).

[...]

Lækurinn, sem myndar Drífandisfoss, er nafnlaus, en fossinn sjálfur er fallegur. Þá taka við klettar út með sjónum, sem heita Ófæra (114). Þeir ná frá fossinum að Skipakletti (115), en það er sker fram í sjó, sem brýtur á í brimi. [...]

[...]

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Nú er komið yfir Fellshrygginn; þá er Karl (134), klettadrangur við sjó fram með smásteini á, sem verður eins og haus. [...]

Til athugunar er, að í landamerkjabréfi er nefnt „Skipaklettur með sjó að Kóngsá (143), þá að Byrðingshlein (144), svo að Karl“ Hvað er þetta? Er Kóngsá sama og Hornsá, Byrðingarhlein sama og Hlein og Karl, Karlinn, sem við höfum?

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Höfn skráð af Ara Gíslasyni, segir um landamerki Hafnar og Horns:

[...] Byrjað verður á merkjum móti Horni. Þar er þá fyrst klettur sá, sem þeir nefna ýmist Skipaklett (2) eða Skiptaklett (3). Upp af honum er svo brekka eða hlíð inn að Drífandisdal (4), en hlíðin sjálf heitir svo Brattijaðar (5), það eru skriður og smágrasblettir. Frá Skipakletti heim með sjó, heim að Hafnarós (6), eru smáklettasandar. Þetta svæði þarna meðfram sjó er nefnt Ófæra (7). [...] Þá er komið inn að Drífanda (11), sem kemur úr Drífandisdal, er liggar alla leið upp í Dögundarfell, er síðar getur.

Inn við Drífandann (það er foss í læknum, sem heitir þetta) og inn af Hafnarós er láglent nes, sem heitir Grænanes (12). [...]

Fyrir ofan Skipaklett er hlíðin, eins og fyrr segir, nefnd Brattijaðar. Þar upp af er hátt fell, sem heitir Dögundarfell (18). Smáklettanaggar eru þar á brúninni og hjallar upp, sem nefndir eru Drífandishjallar (19). Fossinn Drífandi er fyrr nefndur og fellur niður á nesið, og þar undir er klettur; hann er 9 álna há og er á merkjum (ath.: eftir merkjabréfi á Höfnin aðeins að fossinum, en Sölví taldi henni land að Skipakletti). Upp af fossinum er svo dalur, sem heitir Drífandisdalur, og upp úr honum er skarð yfir hálendið, sem heitir Hestskarð (20) [...]

Í örnefnaskrá fyrir Horn sem Jóhann Hjaltason ritaði eftir sögn Bergmundar Stígssonar á Horni í frumriti haustið 1940 en hreinritað og aukið sumarið 1966, segir um landamerki Horns:

Á milli Hornvíkur og Húnaflóa gengur fjallaskagi mikill norður í Íshafið. [...] Þetta er hið nafnkunna fuglabjarg, Hornbjarg (1), sem að meginhluta er í landareign jarðarinnar Horns í Hornvík.

Mælt er að bjargið sé almenningur frá formu fari, þ.e. að öllum hafi verið heimilt að síga þar fyrir fugl og egg, þó sú venja hafi skapazt fyrir langa löngu, að Hornsbændur hefðu vissa hluta bjargsins til afnota og ávallt þá sömu, sem öðrum út í frá var þá talið óheimilt að síga í, að m.k. án leyfis bændanna á Horni.

Austast undir bjarginu, nokkuð fyrir utan Látravík, er klettatangi, sem sjór flýtur yfir um flæði, en kemur upp úr sjó um fjöru, heitir hann Forvaði (2) nú á tínum, en mun fyrrum hafa kallast Flæðihamar (3) og verið á landamerkjum Horns og Almenninga hinna eystri.

Þegar nýbýli var stofnað í Látravík, um 1880, þar sem nú er Hornbjargsvitinn, þá var nyrzti hluti Almenninganna tekinn undir það, svo að nú ná þeir aðeins að Öxi undir Axarfjalli, sem er sunnan við Látravík. Upp og norður af Forvaðanum er Almenningaskarð (4) á bjargbrúninni, sem mun draga nafn af því, að þar byrjuðu hinir fornu Almenningar. Í bjarginu fyrir utan Forvaða heitir Skófnaberg (5). [...] Harðviðrisgjá (6), sem er litlu utar eða norðar í brún bjargsins. [...] Utan við Harðviðrisgjá er slétt brún á litlu svæði í bjargröndinni, og kallast þar Moldhillur (7). Þar fyrir utan er Eilifstindur (8). Báðumegin við Harðviðrisgjá er svo nefnd Nerði-Gjáarhilla (9), sem nær alla leið frá Forvaða og út undir Hólm. [...] Í bjarginu eða um 40 – 50 m ofar og á sama svæði er Efri-Gjárarhilla (10). [...]

Skammt utan við Elífstind er klettasker eitt mikið um 5-6 m hátt úr sjó og vel frítt frá rótum bjargsins, og nefnist það Hólmur (11). Þar upp af er í bergeninu svo kallaður Efri-Hólmur (12) [...].

Alllangt fyrir utan Hólm er klettatangi eða klif út frá bjarginu, þar sem það beygir til vestur, og heitir þar Rani (13). Bein þar upp af á jargsbrúninni er hæsti tindur Hornsbjargs, Kálfatindur (14) [...]. Á milli hans og Elífstinds er bjargið einna lægst eða um 240 m á hæð, og heitir þar Lágbrún (15).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Er þar eins og bugur inn í bjargið, á milli Hólms og Rana, og nefnist Hómsbót (16). Á bjargsbrúninni sunnan við Rana eru smátindar, er einu nafni kallast Gíslamiðahögg (17). Er svo nefnt Efsta högg (18) alveg undir eða utan í Kálfatindi, en Miðhögg (19) aðeins innar, þ.e. sunnar. [...]

Skammt vestur með bjarginu frá Rana gengur út klettatota, sem kallast Örfiðurstangi (23). Beint upp af honum og svo að setja á bjargbrún er tindurinn Jörundur (24) [...]. Sagt er að tindurinn beri nafn af manni þeim, sem fyrstur helgaði sér land á Horni.

Undir miðjum Kálfatindi, austan við Örfiðurstanga, er svo nefnd Glerhallarvík (25) [...] Á milli Jörundar og Kálfatinds eru svo nefnd Dyraskörð (26). Þegar kemur vestur með bjarginu er fjara undir því, fyrir vestan Örfiðurstanga, og heitir hún Miðdalssandur (27) allt vestur að klettadröngum miklum, sem þar standa upp úr sjó, lausir frá bjarginu og nefnast Fjalir (28).

Upp af þeim er hátt klettafell, sem heitir Miðfell (29) og gengur það suðvesturs frá bjargbrúninni, eins og Múlinn út frá Kálfatindi. **Á milli Múlans og Miðfells er svo nefndur Miðdalur (30), sem hallar öllum móti vestri, og eru þar bæði slægjur og beitiland.**

Í bjarginu austur af Miðdal er svo nefnd Gjá (31), einnig kölluð Miðdalsgjá (32). Á milli hennar og Jörundar heita Folaldahillur (33) í bjarginu, en frá Gjá að Miðfelli eru Steinshillur (34). Nyrzt í þeim er standklettur kallaður Tindur (35), en Svaðakarð (36) heitir á milli hans og Miðfells. Upp af Fjölum eru kallaðar Fjalarskriður (37), en þar fyrir utan er svo nefnd Stórasekriða (38).

Síðan er Gjá (39) nefnd, fyrir miðjum Yztadal, Kór (40), Fuglaklettur (41) og Hornsklettur (42), sem standa út frá bjarginu, en áfast því. Yzti hluti Hornbjargs, sem veit móti norðvestri, nefnist Núpur (43). Þar er nokkur skál eða kvos niður í bjargið, og kallast hún Yztidalur (44), á milli Núpsins og Miðfells. [...].

[...] **Í vestur frá Miðdalsgjá er slægjuland, sem kallað er Miðdalsbreiða (50).** Neðan við hana eru holtarenningar yfir talinn, og heta þeir einu nafni Selholt (51), enda eru þar gamlar seltóttir og heitir enn Sel (52), þótt aflagt sé fyrir löngu sem slíkt.

[...]

[...] Hornstún, en þar er nú fjörbýlt, stendur á allbreiðum og frekar lágum hjalla, austanvert við víkina, um miðja vegu frá yztu bjartánni og inn að víkurbotni. Niður að sjónum eru lágir hallandi grashjallar og malarkambar fyrir neðan. En út og upp frá túninu, sem er frekar lítið á fjörbýlisjörð, er atlíðandi grasi vaxin hlíð, með lágum klettastöllum efst, og heitir þar Bæjarbrún (73). Fyrir ofan hana tekur við Miðdalur, sem fyrr er nefndur. Á milli Dögundarfells og Múla er Innstidalur (74), sem líka er af ýmsum kallaður Bæjardalur (75). Er hann langstærsta hvilftin eða lægðin, sem gengur niður í skaga þann, er myndar Hornbjarg. [...]

[...] Nokkurn spöl þar fyrir innan er Skipaklettur (83) fast við sjóinn, og er þá komið langleiðina inn undir víkurbotn. Upp af Skipakeltti er fjallsöxl sú, er Hæð (84) nefnist, alla leið upp undir Dögundarfell. Norður af Dögunarfelli og syðst í Innstadal heita Hjallar (85) einu nafni. Niður í suðausturhorni víkurinnar og nokkuð sunnan við Skipaklett fellur til sjávar, er nefnist Drifandi (86). Á milli hennar og klettsins eru hamrar við sjóinn, sem nefnast Ófærur (87). [...]

Upp af Ófærum, á milli þeirra og Hæðar, er brött hlíð, sem heitir Brattijaðar (88), stundum nefndur aðeins Jaðar (89).

[...]

Í Hornbjargi eru aðalsigin fyrir fugl og egg á Yztadal og Miðdal. Á Innstadal er sjaldan farið, nema einstöku sinnum í fugl og má þó heita alveg hætt. [...]

[...] Á Hornbjarg hafa aðeins sótt menn af Austur-Ströndum og úr Grunnavík, auk Hornvíknga sjálfrar. Þó hefur það hent sig, að einstaka maður og stúlka úr innan úr sveitinni, sem svo er kalla, þ.e. frá Aalvík

 LÖGMENN SUÐURLANDI

og Hesteyri, hafa fengið að fara þar á brún. En aðallega sækja menn úr þeim hluta sveitarinnar á Hælavíkurbjarg.

Jóhanna Hallvarðsdóttir gerði athugasemdir við ofangreindar örnefnaskrár um Horn, þar segir:

[...] Þúfan er dálitið einkennilegur hraukur á miðri Miðdalsbreið, sem er stærsta og eitt hið bezta slægjuland Horns, og allra bændur þar, en stundum var fjörbýlt, áttu sín itök í. [...]

Í örnefnaskrá fyrir Höfn sem Jóhann Hjaltason ritaði eftir sögn Sumarliða Betúelssonar í frumriti haustið 1940 en hreinritað og aukið sumarið 1966, segir m.a.:

[...] Landamerki á milli Horns og Hafnar eru oft talin vera við Ófærur, sem nefnar eru í örnefnaskrá Horns, en munu þó að réttu lagi vera við ána Drífandi (5), sem fellur um Drífandisdal (6), skammt innan við Ófærur. [...]

Jóhann Hjaltason og Gísli Magnússon gerðu einnig viðbætur og athugasemdir við örnefnaskrá Ara Gíslasonar um Höfn, eftir sögn Sumarliða Betúelssonar og Guðbjartar Betúelssonar. Þar segir m.a. um landamerki Hafnar og Horns:

Heimildarmaður: Sumarliði Beturelsson [...]

Drífandisfoss (79) er í Drífandi (11), rétt við Ósinn ((36) Jóh.Hj.).

[...]

Bunulækur ((18) Jóh.Hj.), Drífandi, Drífandislækur (81) og Mígandi (15) er einn og sami lækurinn.

[...]

Dögundursfell kallar Sumarliði Dögundarfellið. Það er í landi Horns.

[...]

Jóhann Hjaltason tók einnig saman mismun á ofangreindum örnefnaskrám um Höfn og skráði eftir sögn Guðmundar Guðnasonar, frá Hælavík. Um landamerki Hafnar og Horns kemur þar fram:

[...] Nr. 9 Dögundarfell, er allt í landareign Horns, en ekki Hafnar, þótt það auðvitað sjáist frá Höfn.

[...]

Nr. 28 Ófæra, er í Horns landi, en ekki Hafnar.

Nr. 31 Skiptaklettur, heitir Skipaklettur og hef ég engan heyrt nefna hann öðru nafni og ekki heldur heyrt að landamerki Horns og Hafnar væru þar, heldur við Drífandisá, og er kletturinn því í Hornslandi.

[...]

Nr. 2 Brattijaðar, er í landi Horns en ekki Hafnar.

[...]

Í örnefnaskrá um Höfn og nágrenni sem Sumarliði Betúelsson skráði segir um landamerki Hafnar og Horns:

Drífandi (1) er lækur nefndur, sem rennur niður Drífandisdal (2), sem rennur fram af klettum rétt fyrir innan landamerki Horns og Hafnar. Og fjallið upp af honum heitir Dögundursfell (3). [...]

Í örnefnaskrá fyrir Horn í Hornvík sem Sölvi Sveinsson skráði eftir sögn Sigurgeirs Falssonar, dags. 31. maí og 1. júní 1974, segir um landamerki Horns:

 LÖGMENN SUÐURLANDI

[...] Landamerki Hafnar og Horns eru um lækinn Drífanda (1). Skammt fyrir utan hann eru Ófærur (2).
[...] Ófærur ná að Skipakletti (4). [...]

[...]

Frá Baldvinshlein að Austanmannakletti sást móta fyrir gömlum verbúðarústum fram um 1920 og sést að einhverju leyti enn. Sigurgeir segir, að Horn hafi fyrr á öldum verið hákarlaverstöð. [...]

[...]

Sandklettur (29) er skammt norðan Skútakletts. Þá er komið að Hornkletti (30). Hann er beint niður undan Núpnum (31), en svo heitir þar, sem bjargið endar. Fuglaklettur (32) nefnist svo, [...]. Stórskriða (33) [...] Fjallskriða (34) er undan Svaðaskarði og Miðfelli [...].

Fjölin (35) er hár klettur, sem stendur upp úr sjónum nokkra faðma frá landi. Miðdalssandur (36) er beint undan Miðdalsgjá [...]. Kringla (37) er hringiða í sjónum beint fram af Miðdalssandi. [...]

Örfiri (38) er skerjatangi, sem stendur fram í sjó og flæðir yfir á flóði. Jóhann Hjaltason nefni þetta Örfiðurstanga (39). Sigurgeir telur það rangt. Að Klettinum upp af Örfiri er gengt frá Hornkletti eftir fjörunni, en ekki lengra. Er það nefnt Göngubjarg (40). [...]

Glerhallarvík (41) er skammt austan Örfiris. [...]

Rani (42) er klettatangi fram í sjó undan Efsta-Höggi [...]. Fremri-Hólmur (43) er sker, grasi vaxið að hluta. Upp af því er Efri-Hólmur (44), sem er klettabrík fram úr bjarginu, [...].

Forvaði (45) er klettabrík fram úr bergeninu nokkru sunnar en Fremri-Hólmur. [...]. Forvaði er beint undir nyrzta hluta Stóru-Brekku (46). Með Forvaða lýkur Almenningi og Sléttuhreppi, en Grunnavíkurheppur tekur við með Látravík. Hér líkur talningu örnefna í fjöru.

[...] Drífandisdalur (svo) (48) er að hálfu í eigu Horns. Hann er kenndur við lækinn, sem rennur mjög hratt. Dalurinn er hvilft eða dalverpi, sem gengur vestur af Drífandisfjalli (49) og Hestaskarði (50). Ókleifir klettar eru neðst í dalnum, og eru þeir framhald af Ófærum. Brattijaðar (51) er upp af Skipakletti. Þetta eru brattar, lítt grónar skriður. [...]

[...]

Hjallar eru undir Dufandisfelli (62) eða Dögunarfelli (63). [...] Hjallarnir ná frá Hæðinni (64), en svo heitir landi fyrir ofan Brattajaðar – og enda undir Almenningaskarði (65), en um það liggur vegurinn til Látravíkur og Austurstranda.

Efri-Ártungur (66) eru upp af Neðri-Ártungum. Þetta er votlend slægnalönd. [...]

[...] Múlaskálin nær upp að Lágbrún (74). Hún er milli Kálfatinds og Eilífstinds (75). Við Lágbrún er bjargið einna lægst eða 240 m.

Bæjarbrúnin (76) er upp af Hornstúninu. Hún er neðsti hluti Miðdals (77). Bæjarbrúnin endar efst með klettabelti. Fyrir ofan Bæjarbrúnina er Mýrafláki. Ytti hlut hans er kallaður Góðiblettur (78). Sömuleiðis er hluti beitarlands í Miðfelli (79) eða Fellinu (80) nefndur Góðblettur (80a). Er hann upp af Krókahlíð.

Miðdalsbreiða (81) er bungumynduð slétta á Miðdal. Að neðan nær hún frá Miðdalshjalla (82) upp að Miðdalsgjá (83). Að norðan nær hún frá Steinhillum (84) og inn undir Miðdalsvatn. Miðdalsbreiða var 60 hesta engi.

Upp af Miðdalsbreiðu að norðan eru Álkahillur (85) upp á bjarginu. Framhald þeirra er Steinhillur. Samnendar hillur eru í bjarginu. Nyrzt á Steinhillum er grasi gróinn tindur, sem heitir Tindur (86). Svaðaskarð (87) er milli hans og Haksins (88), en á því er festarhald á Mjóhillur (89).

Folaldahillur (90) ná suður frá Miðdalsgjá. Á þessum hillum voru slægjulönd, en fuglar sátu á samnefndum hillum í bjarginu. [...]

LÖGMENN SUÐURLANDI

Syðst á Miðdal eru Vatnsholtin (91). Mýrablettir og smátjarnir eru milli þeirra. Þau ná að Miðdalsvatni. Í miðjum dalnum er Selholt (92). Þar var haft í seli.

Hlíðin upp af Miðdalsvatni undir Kálfatindi og Jörundi (93) heitir Stóðahlíð (94). Hún nær að Folaldahillum. Jörundur er 80 m hár frá mörkum Stóðhlíðar að telja. [...]

[...]

Yztidalur er milli Miðfells og Núpsins. Hann er grasi gróinn og gott beitarland. Nyrzt er Núpurinn, sem er bjargendinn. Bungur (101) er bungumyndað landsvæði á bjargbrúninni. Gren (102) eru aðeins sunnar.

Yztadalsgjá (103) er enn sunnar. Hún er skora í bergið. Fellskriki (104) heitir allur norðausturhluti Miðfells niður í dalbotn.

Í austurhlíð Kálfatinds eru þrjú kletthögg. Efstahögg (105) er efst, þá Miðhögg (106) og Gíslamiðarhögg (svo) (107) neðst. [...]

Efra-Tindahwolf (108) er milli Efstahöggs og Miðhöggs, en Neðra-Tindahwolf (109) milli Miðhöggs og Gíslamiðarhöggs.

Milli Jörundar og Kálfatinds heita Dyraskörð (110). [...]

Almenningaskarð er milli Dufandisfells og Skófnabergs (111). [...]

Harðviðrisgjá (112) [...] Hún er milli Skófnabergs og Moldhillna (113), en þær eru sunnan Eilífstínds. Samnefndar hillur eru í bjarginu.

Um 110 metra frá brúnni niður í bjarginu er Kolbeinsskúti (114). Í hann var sigið frá sama festarhaldi og á Neðri-Gjáarhillu (115). Hún nær frá Hólmi að Forvaða, en er við sundurskorin af tæpum. Framhald hennar til vesturs er Dagshilla (116) [...]

Efri-Gjáarhillu (117) er 40-50 metrum ofar en Nerði-Gjáarhillu. Hún gengur suður frá Harðviðrisgjá undir Skófnabergi allt að Streng (118), sem er gangur í bergen. Sigmundarhillu (119) er framhald hennar. Stóru-Brekkuhillu (120) tekur við af Sigmundarhillu. Hún nær inn í land Látravíkur.

Sölví ritaði einnig athugasemdir við örnefnalýsingu Horns í Hornvík e. Jóhann Hjaltason ritaðar eftir Sigurgeir Falssyni 31. 5. og 1. 6. 1974, dags. 5. júlí 1974, en þar segir:

[...] Um 1870 var stofnað nýbýli í Látravík, en ekki 1880.

[...]

Sigurgeir segir, að aðalsigin fyrir fugl og egg hafi verið á Innstadal, en sjaldan sigið í Yztadal.

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

MÁLSÁSTÆDUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslægs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hárent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á máldögum, afsöllum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Horn við Hornbjarg** sem vísað er hér til.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Vísað til fyrirliggjandi örnefnaskráa, og þá einkum örnefnaskráa fyrir Horn rituðum af Ara Gíslasyni, Jóhanni Hjaltasyni frá 1940 og Sölva Sveinssyni frá 1974 ásamt örnefnaskrám fyrir Höfn rituðum af Ara Gíslasyni og Jóhanni Hjaltasyni frá 1940.

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Horn í heild sinni. Sérstaklega er bent á í þessu tilliti að í örnefnaskrám Ara Gíslasonar fyrir Höfn og Horn er vísað til þess að fyrir liggi landamerkjabréf um jarðirnar og að samkvæmt landamerkjabréfi eigi Höfn land „*að fossinum*“, en Horn eigi land sem afmarkist að hluta með eftirfarandi hætti „*Skipaklettur með sjó að Kóngsá, þá að Byrðingshlein, svo að Karli.*“ Landamerkjabréf virðist þannig sannanlega hafa verið gert fyrir jarðirnar, þó þau hafi enn sem komið er ekki fundist við gagnaöflun við meðferð málss þessa fyrir óbyggðanefnd. Rétt er að nefna í þessu tilliti að á svæðinu virðist hafa tíðkast að landamerkjum hafi verið lýst sameiginlega fyrir nágrannajarðir, en síður gerð landamerkjabréf þar sem heildarlandamerkjum tiltekinnar jarðar út af fyrir sig var lýst.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Um **Horn** stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 6 hundruð að dýrleika og að eigendi sé beneficium Hrafnseyri við Arnarfjörð. Um Hornbjargið segir eftirfarandi í Jarðabókinni: „*Nokkrir vilja halda að þetta eggver i nefndu Hornbjargi sje almenningur og heyri ekki Horni til framar en öðrum, sem brúka vilja, og því hafa margir þetta eggver i leyfisleysi brúkað ásamt Hornsmönnum. Horn á þó átölulaust land alt á bjarginu uppi, en almenningur er haldinn reki undir því, sem ýmsir nýta.*“ Þá segir enn fremur um afrétti í sveitinni í jarðabókinni: „*Afrett fyrir lömb og geldfje á nje brúkar þessi sveit öngva, heldur gengur það jafnan í búsfárhögum og upp frá þeim á fjallgarðinn frá hverri jörð.*“ Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 að jörðin sé 6 hundruð að dýrleika og Hrafnseyrarkirkjueign. Einmig seigir í jarðatali Johnsens frá 1842 að Horn sé Rafnseyrarkirkjueign, metin 6 hdr. að dýrleika.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirþrópið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Horns**, þá sé ljóst að sé hún löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalyssingu jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 15. september 2020, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Horn við Hornbjarg** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist **Höfn og Horn** einnig svæðis sem nefnist **Almenningar eystri, (Látravík og Bjarnarnes) Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungarvík**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkjja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Ísafjarðarsýslu** hafi frá landnámi verið undirþipið beinum eignarrétti. Landamerki **Horns** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum.

Í kröfulýsingu ríkisins virðist þjóðlendukrafa ríkisins einkum byggja á því að ekki liggi fyrir landamerkjaly sing fyrir hluta Horns. Tekur ríkið síðan þá handahófskenndu ákvörðun að miða við 200 metra hæðarlínu í kröfulýsingu sinni um svæðið fyrir Höfn og Horn en lækka línumáni í 100 metra á landsvæði Horns og kveða það byggja á heimildum um nýtingu samnotaafréttar í Ysta-, Mið- og Innstadal í landi Horns sem þjóðlendukrafan byggi á. Ríkið tekur síðan fram að umfjöllun í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns mæli móti því að hluti Horns sé þjóðlenda.

Virðist kröfulýsing ríkisins á framangreindum grunni á misskilningi byggð. Í Jarðabók Árna og Páls kemur fram að almenningur hafi brúkað eggver í Hornbjargi í leyfisleysi. Hvergi virðist unnt að finna umfjöllun um annars konar nýtingu almennings í landi Horns en að því er tekur til eggjatöku í bjarginu. Hvað varðar umfjöllun í sóknarlýsingu Vestfjarða, þar sem fjallað er um afréttarlönd í Staðarsókn, þess efnis að afréttarland sé í Horndölum (Yzta-, Mið og Innsta-dal), vilja umbjóðendur míni áréttu eftirfarandi. Í sömu sóknarlýsingu kemur fram að engir utansveitarmenn eiga eða hafa þar upprekstur aðeins þeir í Hafnarbásum, engin rétt hlaðin, engar réttir haldar og engin regla á fjallgöngum. Þá segir í Jarðabók Árna og Páls að engin afrétt sé fyrir lömb og gjaldfjé í þessari sveit, heldur gengur fé jafnan í búsfjárhögum og upp frá þeim á fjallgarðinn frá hverri jörð. Skýrlega kemur fram í Jarðabók Árna og Páls að Horn eigi átölulaust land allt á bjarginu uppi. Í örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar fyrir Horn frá árinu 1940 kemur einnig fram að sú venja hefði skapast fyrir langa löngu að Hornsbændur hefðu vissa hluta bjargsins til afnota og ávallt þá sömu, sem öðrum út í frá hafi verið talið óheimilt að síga í án leyfis bændanna á Horni. Í sömu örnefnaskrá kemur fram að Hornbjarg sé að meginhluta í landareign jarðarinnar Horns. Telja umbjóðendur míni á ljóst af framangreindu að hér sé um að ræða landssvæði sem háð er beinum eignarrétti. Ekki er því um þjóðlendu að ræða.

Þjóðlendukrafa ríkisins sem tekur til meirihluta landsvæðis Horns er með öllu óskiljanleg og órokstudd, enda kemur skýrlega fram í fyrirliggjandi gögnum að allt landsvæðið innan kröfulýsingar landeigenda er skýrlega hluti jarðarinnar Horns og undirþipið beinum eignarrétti. Með engum hætti er unnt að finna fullnægjandi grundvöll fyrir því viðmiði að allt landsvæði jarðarinnar ofan 100 eða 200 metra hæðarlínu sé þjóðlenda, enda í engu samræmi við fyrirliggjandi gögn eða fyrri framkvæmd í þjóðlendumálum. Hluti þess svæðis sem fellur undir þjóðlendukröfu ríkisins er Miðdalur, Miðdalsbreiða og Vatnsholt, en samkvæmt fyrirliggjandi gögnum voru þar aðalslægjur jarðarinnar, sem stundum var margbýlt, sbr. m.a. örnefnaskrá Ara Gíslasonar og Jóhanns Hjaltasonar frá árinu 1940 fyrir Horn og athugasemdir Jóhönnu Hallvarðsdóttur við örnefnaskrár um Horn. Í örnefnaskrám Jóhanns Hjaltasonar frá árinu 1940 og Sólva

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Sveinssonar frá 1974 fyrir Horn er því einnig lýst að neðan við Miðdalsbreiðu, í miðjum Miðdal, séu holtarenningar sem nefnist Selholt þar sem séu gamlar seltóftir og þar hafi verið haft í seli, en það landsvæði virðist falla undir þjóðlendukröfu ríkisins. Að auki kemur fram í örnefnaskrá Sölva Sveinssonar að Ystidalur sé grasi gróinn og gott beitarland, en hann fellur að mestu leyti innan merkja þjóðlendukröfu ríkisins. Að auki kemur fram í jarðamati 1849-1850 að landkostir jarðarinnar, þar með talinn viðarreki og fuglaflí afarmikill úr bjargi og undan, valdi því að jörðin skari langt fram úr meðaljörðum. Í öllum lýsingum á jörðinni er allt þrætusvæðið talið til jarðarinnar Horns. Það er ljóst af öllu framangreindu að allt landsvæði jarðarinnar sem gerð er þjóðlendukrafa til af hálfu ríkisins er hluti af jörðinni Horn og undirorpíð beinum eignarrétti.

Rétt er að nefna í þessu tilliti að á þessu svæði eru almennt mjög skýr náttúruleg merki á milli jarða, en hver og ein jörð afmarkast tíðast af fjallgörðunum í kring og þar tekur næsta jörð við. Landamerkjabréf jarða á svæðinu miða skýrlega við slík merki, og á það við um Höfn samkvæmt fyrirliggjandi lýsingum í örnefnaskrám um jörðina. Telja landeigendur rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki, og að merki jarðarinnar nái til sjávar að meðtöldu bergen, að teknu tilliti til og til samræmis við orðalag fyrirliggjandi heimilda og legu jarða á svæðinu almennt.

Landeigendur telja þannig rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt er á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað er við hvert regndropi fellur, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari – Jökulsár). Landeigendur áréttu að almennt er miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og þótti almennt ekki rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð.

Að auki er sérstakt tilefni til að nefna að staðsetning ríkisins á hornpunktinum Almenningaskarði er illskiljanleg, en af öllum lýsingum má skýrlega ráða að Almenningaskarð liggur úti á bjargbrún niðri við sjó, en ekki uppi í brekkum Dögunarfells, sbr. meðal annars örnefnaskrá fyrir jörðina Horn skráð af Ara Gíslasyni. Að auki virðist horft framhjá lýsingum þess efnis að Forvaði marki landamerki jarðarinnar gagnvart Almenningum hinum eystri, en ekki Almenningaskarð, sbr. meðal annars örnefnaskrár Jóhanns Hjaltasonar frá árinu 1940 og Sölva Sveinssonar frá 1974 fyrir Horn.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar Horns við Hornbjarg er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpíð beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá

 LÖGMENN SUÐURLANDI

3. Örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Horn
4. Örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Höfn
5. Örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar fyrir Horn 1940, hreinritað og aukið 1966
6. Athugasemdir Jóhönnu Hallvarðsdóttur við örnefnaskrár Ara Gíslasonar og Jóhanns Hjaltasonar fyrir Horn
7. Örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar fyrir Höfn 1940, hreinritað og aukið 1966
8. Viðbætur og athugasemdir Jóhanns Hjaltasonar við örnefnaskrá Ara Gíslasonar um Höfn
9. Samantekt Jóhanns Hjaltasonar á mismun á örnefnaskráum um Höfn
10. Örnefnaskrá Sumarliða Betúelssonar um Höfn og nágrenni
11. Örnefnaskrá Sölva Sveinssonar fyrir Horn, dags. 31. maí og 1. júní 1974
12. Athugasemdir Sölva Sveinssonar frá 1974 við örnefnalýsingu Jóhanns Hjaltasonar fyrir Horn
13. Þinglýsingarvottorð
14. Fasteignamatvottorð
15. Umboð

ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðendur mínr áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 22.03 2021


Ólafur Björnsson hrl.



ALMENN RÁDGJÓF



FASTEIGNASALA



SLYSA- OG BÓTAMÁL

Kröfulýsing**til****óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október 2020, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

JÖRÐ: Bjarnarnes, lnr. 188866, fnr. 2250259, Ísafjarðarbæ.

EIGENDUR: Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Guðfinna Sigurjónsdóttir	kt. 020264-4629
Sigurjón Kristinn Sigurjónsson	kt. 100261-2949
Bjarki Bjarnason	kt. 110259-4339
Guðbjörg Nordal Þorsteinsdóttir	kt. 120750-2599
Sigríður J. Sigurjónsdóttir	kt. 230366-4899
Hallgrímur Magnús Sigurjónsson	kt. 260662-2959
Hjördís Hjartardóttir	kt. 160259-3889
Sigurður Bjarni Hjartarson	kt. 211051-4859
Viðar Hjartarson	kt. 281037-2189
Hilmar Hjartarson	kt. 140440-4859

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ: Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda með umboði frá Guðfinnu Sigurjónsdóttur, Sigurjóni Kristni Sigurjónssyni, Bjarka Bjarnasyni, Sigríði J. Sigurjónsdóttur, Hallgrími M. Sigurjónssyni og Sigurði Bjarna Hjartarsyni.

KRÖFUGERÐ: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Bjarnarnes á Ströndum**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt eftirfarandi heimildum, sbr. framlagt kröfulínukort ásamt hornpunktaskrá:

Landamerkjabréfi fyrir jarðirnar Bjarnarnes á Ströndum og Smiðjuvík á Ströndum frá 1. júní 1889, þar sem segir:

Landamerki milli Bjarnarnes og Smiðjuvíkur í Grunnavíkurhreppi er Drifandisfoss að neðan, og neðar eptir Drífandadalsá

Landamerkjabréfi fyrir jarðirnar Látravík á Ströndum og Bjarnarnes á Ströndum frá 21. júní 1889, þar sem segir:

LOGMENN SUÐURLANDI

Landamerki milli Látravíkur og Bjarnarnes er Öxin undir Axarfjalli, og þaðan sein sjónhending upp í hæðstu hyrnuna á Axarfjalli.

Landamerkjabréf fyrir Smiðjuvík á Ströndum frá 26. júlí 1884, þar sem segir:

Smiðjuvík á Hornströndum, kirkjujörð frá Ógri, að dýrleika 1,8 hndr., liggjandi í Grunnavíkurhreppi, á land frá fjöru til fjalls milli Barðavogar, sem er í framanverðum svo kölluðum Barða, sem liggur á milli Barðsvíkur og Smiðjuvíkur, og Drísfandisfoss að norðanverðu, sem skilur land milli Smiðjuvíkur og Bjarnarness.

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Bjarnarness**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarrekningi umþjóðendum mínum að skaðlausu.

MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

SAGA JARÐAR:

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Bjarnarnes:

Biarnanes heitir eitt nes eður landpláts fyrir austan Hornið, þar hafa menn brúkað verstöðu á vor úr Strandasýslu og Grunnavíkursveit um líttina tíma og smíðað þar upp verbúið, en hjer um fyrr 20 árum hefur einn maður bygt hjer upp úr verbúið lítið bæjarkorn sem dvaldi þar við með konu sinni og einu barni um 2 ár og varð þó nokkuð á milli áranna. Hvorki hefur þar verið bygð áður nje síðar.

Dýrleiki óviss á þessu landi, því það tifundast öngvum og kallast almenningar bæði austur og vestur frá þessu takmarki Bjarnarnesi, sem eru hverjum manni heimilir til brúkunar tollfrí eftirlaganna útvísan. [...]

[...]

Þessir almenningar eru að lengd 3 vikur sjáfar þegar róið er með landi fram eftir sem gamlir menn hafa kallað, en torfæru vegur mikill er á landi og lítt fær gángandi mönnum, og því sækja menn híngað jafnan á skipum.

Horn í Aðalvík á land við þessa almenninga að vestanverðu í Flæðihamar, en Smiðjuvík að austanverðu í hamar þann sem Lás kallast.

NB. Væri bygð sett í þessum almenníngum (sem þó er ei líklegt að verða muni) þá ætla menn að hún heyri til Grunnavíkursveit og Staðakirkjusókn, og so var þau 2 árin sem bygt var.

NB. Vatnfjarðarkirkja segja menn að hjer eigi nokkum hlut í hvalreka, en vita ekki gjörla hvað mikinn og meina það verði undirrjettað ljóslegar af Vatn(s)fjarðar staðarhaldara.¹

Í jarðamati 1804 segir um Bjarnarnes á Ströndum:

Biarnarnes

en gammel öd Jord hví Ejer og Dyrhed vides ikke. –

¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 308-309.

LÖGMENN SUDURLANDI

er ligesaa at ansee som ubeboelig. —

[...]

og Drivtommer til værdie. —²

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir um Bjarnarnes í umfjöllun um jörðina Smiðjuvík:

[...] Líka segir hjá A. M. og 1805 frá formi eyðijörðu Bjarnarnesi (fyrir norðan Hornstrandir), sem hvorki sýslumaður né prestur nú heldur telja bygða.

Í landamerkjabréfi Smiðjuvíkur á Ströndum, dags. 26. júlí 1884, er landamerkjum milli jarðanna Smiðjuvíkur og Bjarnarness lýst:

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Smiðjuvík í Grunnavíkurhrepp í Ísafjarðarsýslu.

Smiðjuvík á Hornströndum, kirkjujörð frá Ógri, að dýrleika 1,8 hndr., liggjandi í Grunnavíkurhreppi, á land frá fjöru til fjalls milli Barðavogar, sem er í framanverðum svo kölluðum Barða, sem liggur á milli Barðsvíkur og Smiðjuvíkur, og Drífandisfoss að norðanverðu, sem skilur land milli Smiðjuvíkur og Bjarnarness.³

Landamerkjabréf Bjarnarness á Ströndum og Smiðjuvíkur á Ströndum er dags. 1. júní 1889, þar er merkjum milli jarðanna lýst:

Landamerki milli Bjarnarnes og Smiðjuvíkur í Grunnavíkurhreppi er Drífandisfoss að neðan, og neðar eptir Drífadalsá.⁴

Landamerkjabréf Látravíkur á Ströndum og Bjarnarness á Ströndum er dags. 21. júní 1889, þar er merkjum milli jarðanna lýst:

Landamerki milli Látravíkur og Bjarnarnes er Öxin undir Axarfjalli, og þaðan bein sjónhending upp í hæðstu hymnuna á Axarfjalli.⁵

Í sóknarlýsingu Vestfjarða, lýsing á Staðarsókn, segir m.a. um afréttarlönd:

32. Afréttarlönd eru: [...] Víknamenn reka á Almenninga. En þeir í Hafnarbásunum í Horndali (Yzta- Mið- og Innsta-dal). Engir utansveitarmenn eiga eða hafa þar upprekstur. Þar er engin rétt hlaðin, engar réttir haldnar og engin regla á fjallgöngum.⁶

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Bjarnarnes:

Loksins er Bjarnarnes, byggður í almenningi, sem oftlega hefur í eyði verið, þar skepnur fóðrast ekki grasleysis vegna, og fólkioð lifir einungis á sjávarafla, káli, fjallagrösum og fuglatekju við Hornbjarg.⁷

Með afsali þann 29. ágúst 1962 seldi og afsalaði oddviti Grunnavíkurhrepps f.h. Grunnavíkurhrepps Sigurjóni Hallgrímssyni og Hirti Bjarnasyni jörðinni Bjarnarnesi í Grunnavíkurhreppi, með öllum þeim gögnum og gæðum sem henni fylgja.

² Bjarnarnes á Ströndum. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802–1804, bls. 126v).

³ Smiðjuvík á Ströndum. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 53).

⁴ Bjarnarnes á Ströndum, Smiðjuvík á Ströndum. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 152).

⁵ Látravík á Ströndum, Bjarnarnes á Ströndum. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 153).

⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áthagafélaga (1952), bls. 188-189.

⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áthagafélaga (1952), bls. 160.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Í örnefnaskrá fyrir Almenninga eystri og Bjarnarnes, sem Jóhann Hjaltason skráði haustið 1940, hreinskrifað og aukið sumarið 1966, eftir sögn Högna Sturlusonar og Guðm. Ó. Frímannssonar, segir:

Svo er almennt talið, að Almenningar (1) hinir eystri nái frá Lás, sem getið er í örnefnaskrá Smiðjuvíkur, og að Axarfjalli (2) eða kletti þeim framan í fjallinu, sem Öxi (3) kallast.

Þannig eru landamerki þessi talin vera í Jarðabók Árna Magnússonar. Á síðari tímum álita þó sumir að landamerkin séu ekki við Lás heldur við Drífandisfoss (4), sem mun þó rangt, sbr. fyrr greinda heimild sem og það, að Smiðjuvíkurbjarg hefur ávallt verið talinn almenningur allt að Lás eins og Hornbjarg, þó að hefð hafi e.t.v. helgað æstu byggðum bóllum vissa hluta bjarganna eða það verið látið gott heita að næstu bær notuðu viss sig í björgunum áratug eftir áratug, og þá alltaf hin sömu.

[...] Nokkurn spöl fyrir vestan Lás og norður af fjallinu Snók undir Rauðuborg er lítið vatn, sem kallast Álftavatn (5). Er þá farið að halla niður í svonefndan Drífandisdal (6), en eftir honum rennur Drífandísá (7), [...]. Á þessum slóðum er bjargið einna lægst og allmikill slakki í það, þar sem áin fellur í háum fossi beint fram af þverhníptri bjargbrúninni. Er það Drífandisfoss, sem fyrr er nefndur [...]

[...] Þar fyrir utan er lágt og grasi gróið nes, er kallast Bjarnarnes (13). [...]

Upp af Bjarnarnesi er Bjarnarmesshæð (15) til vesturs. Allfornar vörður, [...], eru frá Bjarnarmesshæð og vestur yfir fjallgarðinn, norðan við fjallið Snók (16) og yfir til Lónafjarðar [...] Leið þessi kallaðist Hreppavegaskarð (17) meðan farið var. Þegar byggð var í Bjarnarnesi, sem stundum var á 19. öld [...].

Rétt norðan við Bjarnarnesið er Hrollaugsvík (19) og fram af henni Hrollaugsvíkurðalur (20) Niður víkina rennur Hrollaugsvíkur á (21) [...] Fjallaskinnin frá Hrollaugsvík og upp í Axarfjallíð er einu nafni nefnd Land (23). Í Hrollaugsvík eru nú beitarhús yfir 50-60 fjár, sem framkvæmdarmaðurinn Frímann Haraldsson, vitavörður við Hornvitann í Látravík, hefur byggt þar. Heyjar hann þar að á sumrum fyrir fé það, sem hann hefur þar á föðrum, en nokkur beit er í víkinni og einnig mun reka þara og söl upp á nesið og í fjörubása, sem nokkur léttir er að til vetarfóðurs. [...]

Fjallið Snókur, sem hér er nefnt að framan á leiðinni yfir til Lónafjarðar, er um 600 m hátt [...] Vestur af Hrollaugsvíkurðal og nokkru norðar en hin varðaða leið er breitt skarð á milli hárra klettafjalla, nefnist það Breiðaskarð (24) [...]

Í sóknarlýsingu séra Torfa Magnússonar, frá árinu 1840, stendur þetta: „Loksins er bær nefndur Bjarnarnes, byggður í almenningi, sem oftlega hefur í eyði verið, þar skepnur föðrast ekki grasleysis vegna, og lifir fólkið einungis á sjávarafla, káli, fjallagrösum og fuglatekju við Hornbjarg.“

Jarðabók Árna Magnússonar hefur og þetta að segja um Bjarnarnes: „þar hafa menn brúkað verstöðu á vor úr Strandasýslu og Grunnávikursveit um litinn tíma og smiðað þar upp verbúð, en hér um fyrir 20 árum hefur einn maður byggt hér upp úr verbúð lítið bæjarkorn og dvaldi þar við með konu sinni og einu barni um 2 ár og varð þó nokkuð á milli áranna. Hvorki hefur þar verið byggð áður né síðar. Dýrleiki er óviss því það tiundast öngvum og kallast almenningar bæði austur og vestur frá þessu takmarki Bjarnarnesi, sem eru hverjum manni heimilir til brúkunar tollfrí eftirlaganna útvísan. Galt og þessi maður sem hér byggði ekkert fyrir þá yrking eður grasnautn, sem hann brúkaði þar, sem var að f' öðra eina kú og fæeinrar ær.“

Þegar Þorvaldur Thoroddsen ferðaðist um þessar slóðir árið 1886, þá var annar leiðsögumanna hans Jón bóndi Guðmundsson í Bjarnarnesi. [...] Dr. P. Th. segir um Jón: „Jón Guðmundsson leiðbeindi mér ágætlega hér um fjöllin og gaf mér margar góðar upplýsingar um ýmislegt, er snertir Hornstrandir, enda er hann manna kunnugastur, því hann hefur búið 13 ár í Bjarnarnesi.“

[...].

LÖGMENN SUÐURLANDI

Í örnefnaskrá fyrir Látravík við Hornbjarg, sem er aðliggjandi Bjarnarnesi að norðanverðu, sem Jóhann Hjaltason skráði haustið 1940, hreinskrifað og aukið sumarið 1966, en þar er merkjum milli jarðanna lýst, þar segir m.a.:

[...]

[...] Lýsing dr. Þorv. Th. á Látravík er sem vænta mátti rétt, það sem hún nær. Þetta er engin vík í orðsins réttu merkingu, heldur aðeins stór skál niður í Hornbjarg þar sem það er lægst suður undir Axarfjalli (1), en sunna að vikinni ef vík skal kalla, rís klettabrún fjallsins um 200 m há.

[...]

Frá því er greint í örnefnaskrá Almenninga, að landamerki á milli þeirra og Látravíkur séu við Axarfjall, eða nánar til greint við klettinn Öxi (2) framn í fjallinu. [...]

[...] Norðvestur af Axarfjalli er há fjallsöxl, sem Gathyrna (19) nefnist, [...] Fyrir vestan Kýrskarð er Kerlingarskarð (24) og Breiðuskörð (25) [...].

Í örnefnaskrá fyrir Látravík sem Sölvi Sveinsson skráði 16. júlí 1974, eftir sögn Sigurgeirs Falsonar, segir um merki milli Látravíkur og Bjarnarnes:

[...]

Landamerki Látravíkur og Bjarnarness er Öxi (1) og fjallsröndin á Axarfjalli (2). Skammt fyrir utan hana gengur tangi fram í sjóinn, sem heitir Snoppa (3). [...]

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er þegar liggja frammi í málinu.

MÁLSÁSTÆDUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Ekki eru rök til að efast um að landnámslysingar nái yfir það umfram aðrar jarðir á svæðinu.

Krafa umbjóðenda minna byggir á afsöлum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Bjarnarnes á Ströndum** sem vísað er hér til. Einnig er vísað til eftirfarandi þinglýstra landamerkjabréfa sem ofangreind kröfulýsing byggir á; landamerkjabréf fyrir Smiðjuvík á Ströndum, innkomid til þinglýsinga og innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 28. ágúst 1886, landamerkjabréf fyrir Bjarnarnes á Ströndum og Smiðjuvík á Ströndum, þinglýst að Stað í Grvík. 15. ágúst 1890 og innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu og landamerkjabréf fyrir Látravík á Ströndum og Bjarnarness á Ströndum, þinglýst að Stað í Grvík. 15. ágúst 1890 og innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í mali 2/2009 um Kolbeinsdalsfrétt, (Hólaafrétt).

Fjallað er um **Bjarnarnes** í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en þar meðal annars að „*þar hafa menn brúkað verstöðu á vor úr Strandasýslu og Grunnavíkursveit um lítinn tíma og smíðað þar upp verbúð, en hjer um fyrr 20 árum hefur einn maður bygt hjer upp úr verbúð lítið bæjarkorn sem dvaldi þar við með konu sinni og einu barni um 2 ár og varð þó nokkuð á milli áranna.*“ Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 segir að Bjarnarnes sé gömul eyðijörð. Bjarnarness er getið í jarðatali Johnsens

LÖGMENN SUÐURLANDI

frá 1842 í umfjöllun um Smiðjuvík, sem fornrar eyðijarðar. Í örnefnaskrá fyrir Almenninga eystri og Bjarnarnes, sem Jóhann Hjaltason skráði haustið 1940, hreinskrifaðri og aukinni sumarið 1966, eftir sögn Högna Sturlusonar og Guðm. Ó. Frímannssonar, kemur fram að á 19. öld hafi verið byggð í Bjarnarnesi og kemur þar jafnframt fram að þegar Þorvaldur Thoroddsen hafi verðast um þessar slöðir árið 1886 þá hafi Jón bónið Guðmundsson í Bjarnarnesi leiðbeint honum um fjöllin og gefið góðar upplýsingar um ýmislegt er snertir Hornstrandir, enda hafi hann búið í 13 ár í Bjarnarnesi og verið manna kunnugastur.

Grunnavíkurhreppur afsalaði Sigurjóni Hallgrímssyni og Hirti Bjarnasyni jörðinni árið 1962. Sigurjón og Hjörtur, og þeir sem hafa komið í þeirra stað, hafa að farið með jörðina, innan þinglýstra landamerkjá hennar skv. fyrirliggjandi landamerkjabréfum, sem sína eign frá útgáfu og þinglýsingu þess afsals í fullnaðan hefðartíma, sbr. lög um hefð nr. 46/1905.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málínu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Bjarnarnesi**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mírir óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margssinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkjá, sé undirþrópið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Bjarnarness**, þá sé ljóst að sé hún löngu niður fallin vegna fyrningar og tömlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalýsingu jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 15. september 2020, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Bjarnarnes á Ströndum** er ein þeirra jarða sem á land sem liggar innan kröfusvæðis ríkisins nefnt **Almenningar eystri, (Látravík og Bjarnarnes) Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík**, einnig kröfusvæði nefnt **Höfn og Horn** sem er aðliggjandi. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkjá jarðarinnar sé enga hjóðlendu að finna.

Umbjóðendur mírir telja að íslenska ríkið hafi með kröfum sínum, sem tekur til alls landssvæðis Bjarnarness, ekki gætt meðahófsreglu eða rannsóknareglu stjórnsýslulaga. Krafan tekur til alls

 **LÖGMENN SUÐURLANDI**

landsvæðis jarðarinnar, án þess að þar sé að finna sérstaka ástæður fyrir svo íþyngjandi kröfugerð af hálfu ríkisins.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Ísafjarðarsýslu** hafi frá landnámi verið undirorpíð beinum eignarrétti. Landamerki **Bjarnarness** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í formum ritum. Engir almenningar og afréttir eru innan merkja jarðarinnar. Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Bjarnarness** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpíð beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar. Samkvæmt fyrirliggjandi skjölum er ljóst að allt land á svæðinu er háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólikt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Því er harðlega mótmælt að staðsetning landsvæðisins á landinu, eða landfræðileg lega og gróðurfar svæðisins að öðru leyti og ágiskanir um nýtingu þess í gegnum árin út frá því, geti leitt til þess að svæðið teljist þjóðlenda líkt og ríkið virðist byggja á í kröfulýsingu sinni. Bent er sérstaklega á í þessu tilliti að landsvæðið er ekki frábrugðið fjölmörgum svæðum sem talin hafa verið til eignarlanda. Af fyrirliggjandi gögnum má jafnframt ráða, eins og rakið er hér að framan, að byggð hefur verið í Bjarnarnesi síðustu árhundruðin.

Einnig er vísað til þinglýstra landamerkjabréfa þar sem merkjum jarðarinnar er lýst, þ.e. landamerkjabréfs fyrir Smiðjuvík á Ströndum frá 1886, landamerkjabréfs fyrir Bjarnarnes á Ströndum og Smiðjuvík á Ströndum frá 1890 og landamerkjabréfs fyrir Látravík á Ströndum og Bjarnarness á Ströndum frá 1890. Íslenska ríkið virðist byggja á því að landamerki jarðanna, með hliðsjón af landamerkjabréfum séu óskýr. Því er sérstaklega mótmælt, enda verður ekki annað ráðið en að orðalag í lýsingum landamerkjabréfanna sé mjög skýrt. Rétt er að nefna í þessu tilliti að á þessu svæði eru almennt mjög skýr náttúruleg merki á milli jarða, en hver og ein jörð afmarkast tíðast af fjallgörðunum í kring og þar tekur næsta jörð við. Landamerkjabréf jarða á svæðinu miða skýrlega við slik merki, og á það við um ofangreind landamerkjabréf sem lýsa merkjum Bjarnarness. Telja landeigendur rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki, að teknu tilliti til og til samræmis við orðalag fyrirliggjandi landamerkjabréfa og legu jarða á svæðinu almennt, sbr. uppdráttur sá sem lagður er fram með kröfulýsingu þessari.

Landeigendur telja þannig rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt er á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað er við hvert regndropi fellur, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í málí 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari – Jökulsár). Landeigendur áréttu að almennt er miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og þótti almennt ekki rík þörf að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.


 **LÖGMENN SUÐURLANDI**

2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar frá 1940 fyrir Almenninga eystri og Bjarnarnes
4. Örnefnaskrá Jóhann Hjaltason fyrir Látravík við Hornbjarg frá 1940
5. Þinglýsingarvottorð
6. Fasteignamatsvottorð
7. Umboð

ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðendur míni áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 22.03 2021


Ólafur Björnsson hrl.

**Óbyggðaneftnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík**

Reykjavík, 22. mars 2021

KRÖFULÝSING

f.h. eftirtalinna eigenda Smiðjuvíkur í Grunnavíkurhreppi, L188961

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfum til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem felli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og síðan til dagsins í dag.

Aðild og fyrirsvar:

Kröfulýsendur eru:

1. Bryndís Guðjónsdóttir, kt. 050557-5969
2. Sveinbjörg A. Friðbjarnardóttir, kt. 090355-3849
3. Álfheiður F Friðbjarnardóttir, kt. 110360-2749
4. Ása Fönn Friðbjarnardóttir, kt. 141166-4849
5. Friðrikka Sigurðardóttir, kt. 170734-7269
6. Rut Sigurðardóttir, kt. 180836-7219
7. Sigrún Guðjónsdóttir, kt. 231061-4609
8. Kristjana Sigurðardóttir, kt. 241043-2829
9. Hjörðís Sigurðardóttir, kt. 260646-4009
10. Þórarinn Guðjónsson, kt. 270567-5419
11. Pétur Sigurðsson, kt. 290742-4479
12. Guðríður Guðjónsdóttir, kt. 291154-4179
13. Júníus Guðjónsson, kt. 291160-2559
14. Karl Jensen Sigurðsson, kt. 310748-4639
15. 1818 ehf., kt. 470120-0610

Fyrirsvarsmaður eigenda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Kröfugerð:

Áðalkrafa landeigenda er, að Óbyggðaneftnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu framlagðs þinglýsts landamerkjabréfs auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

Úr Drifandifossi (1) eftir Drifandadalsá að vatnaskilum móti Jökulfjörðum (2) eftir vatnaskilum móti Jökulfjörðum og þar til vötnum fer að halla til Barðsvíkur (3) þaðan í hæstu hyrnuna á Barða (4) og þaðan í Barðsvog (5).

Til vara krefjast landeigendur þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist máluskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum máluskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Smiðjuvík er forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í Landnámu, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Geirmundar heljarskinns, sem nam land frá Rytagnúp vestan til Horns og þaðan austur til Straumness, samkvæmt túlkun Haraldar Matthiassonar í riti sínu Landið og landnáma.

Með testamentisbréfi, sem Guðni Oddsson gerði fyrir sál konu sinnar árið 1431, gaf hann jörðina kirkjunni í Ögri við Ísafjarðardjúp. Í Gíslamáldaga segir að Ögurkirkja eigi jörðina Smiðjuvík.

Jörðin var í eigu Ögurkirkju fram á 20. öld þegar hún komst í eigu ríkisins. Íslenska ríkið seldi forfeðrum eigenda jörðina. Þótt byggð kunni að hafa verið stopul á jörðinni var hún byggð reglulega fram eftir öldum og fór síðast í eyði árið 1936.

Af kröfulýsingu fjármálaráðherra, einkum bls. 176-177, má ráða að helstu röksemdir fyrir kröfugerðinni er eftirfarandi:

- a. Jarðir byggðar í almenningum.
- b. Merki jarða óskýr og verðmæti jarðarinnar lítið.
- c. Hárent, brattlent og gróðursnautt land.
- d. Svæði á annesjum mjög norðarlega.

Landeigendur benda á að Óbyggðanefnd og dómstólar hafa þegar vegið allar röksemdir íslenska ríkisins í eldri úrskurðum og dónum, sbr. almennar niðurstöður nefndarinnar, og léttvægar fundið.

Þá vekur athygli að íslenska ríkið virðist fallast á að allt hið umdeilda svæði hafi verið innan upphaflegs landnáms á svæðinu.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar (Svæði 1-9B) kemur fram á bls. VII, að nefndin telji, að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar, en hæpið að draga ályktanir á grundvelli takmarkaðra lýsinga Landnámu. Þessar niðurstöður nefndarinnar hafa verið staðfestar af dómstólum.

Þá telja landeigendur að íslenska ríkið rangtúlki hugtakið *almenningur* eða leggi ranga merkingu hugtaksins til grundvallar kröfugerð sinni. Almenningar geti verið ýmiss konar og eignarréttarleg staða þeirra afar mismunandi. Rannsaka þarf hverrar tegundar almenningur er áður en jafn viðtækar ályktanir eru dregnar. Slíka rannsókn hefur íslenska ríkið augljóslega ekki framkvæmt.

Í Ferðadagbók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, frá ferð þeirra um Strandir haustið 1754, segir um hið umdeilda svæði:

Her [Barð] begynder egentlig de saa kaldte Almenningar, Almændinger, eller Res universitatis. hvilke ere strandbredder rige af drivetommer, som hore til hvem der vil. Det ere egentlig 3^{de} bugter: Smidiuvik, Latravik og Hrollaugsvik...

Af lýsingunni má ráða tvennt: Í fyrsta lagi er um rekaalmenning að ræða og í öðru lagi eru þeir miklu viðáttuminni en íslenska ríkið telur í kröfulýsingu sinni.

Rekaréttindi jarðarinnar fóllu aftur til hennar í síðasta lagi í júlí 1954 eftir málsmeðferð eftir lögum um lausn ítaka af jörðum nr. 113/1952. Öll fasteignarréttindi jarðarinnar tilheyrar því landeigendum.

Landeigendur telja landamerkjalyssingu jarðarinnar sem og aðliggjandi jarða vera skýrar og greinargóðar. Fullyrðingu um annað í kröfulýsingu íslenska ríkisins er mótmælt sem röngu. Þá er því sérstaklega mótmælt að verðmat jarðarinnar á einum tímapunkti tengist stærð hennar eða umfangi. Ljóst er að verðmat jarðarinnar hefur verið breytilegt gegnum tíðina auk þess sem Óbyggðanefnd hefur í almennum niðurstöðum sínum, bls. XLVII, lýst því að engin tengsl eru á milli stærð jarða og verðmats þeirra.

Landeigendur álita að engu máli skipti hversu brattlent, hálfent eða gróðursnautt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýssingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álít landeigenda hefur verið tekið af Óbyggðanefnd og dómistólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum Óbyggðanefndar.

Þá verður ekki séð, að sú staðreyni að landið liggi á annesum norðarlega komi máli þar sem deilt er um inntak eignarréttar hið minnsta við.

Þá vekur athygli að í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir á bls. 176:

...Þaðan sjónhending í skardíð (2). Þaðan til hæstu fjallsbrúmar og efstir hæstu fjallsbrúnum Dögunarfells, Hestsskarðs, Kýrskarðs og Breiðskarðs og þaðan efstir hæstu fjallabréfum eins og vötnum hallar að Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík...

Landeigendur telja fullkomið ósamræmi í lýssingu í texta og hvernig kröfulínur eru dregnar á kort. Nærtækasta skýringin er ólikur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún. Misunandi skilningur á hugtakinu fjallsbrún nægir raunar ekki einn og sér til þess að útskýra misræmi í texta kröfugerðar og hvernig línum eru dregnar á kort vegna þess að samhlíða hugtakinu fjallsbrún er notað orðalagið *eins og vötnum hallar*. Landeigandi telur að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það er algerlega ósamrýmanlegt hugtakinu vatnaskil eftir almennum málskilningi. Vakin er athygli á því að ef misræmi er í texta kröfugerðar og kröfugerð á korti skal textinn ráða.

Íslenska ríkið hefur áður deilt við landeigendum um skilning á hugtakinu fjallsbrún fyrir Óbyggðanefnd t.a.m. í málínu nr. 3-4/2004 um Kjalarne og Kjós n.t.t. um landamerki á fjallinu Esju. Um þetta segir í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

...Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því sveði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álitaeftni hvernig túlka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað

i landamerkjabréfum jarða i kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknum stað, t.d. i klettabrúm. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar.

...Hér skal þess getið að i svari Gunnlaugs Ingólfssonar, frædimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óhyggðamefnar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dæmum i sedlasafni Orðabókar Háskólangs megi ráða að fjallsbrún geti bædi verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður að tilteknum stað. ...

Með heildstæðu mati á landamerkjabréfum umhverfis Esjuna hafnaði Óbyggðanefnd skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og við þá niðurstöðu bar íslenska ríkið ekki undir dómstóla.

Landeigendur telja að það sama eigi við í því máli sem hér er til úrlausnar, enda virðist kröfugerð í texta taka af því mið þótt kröfulínur á korti geri það ekki.

Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.

Landeigendur leggja áherslu á að þegar Óbyggðanefnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttu innan ummerkja jarðarinnar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í esa.

Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðaþáttar Grágásar segir:

Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra aðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, i annarra mamma lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land aðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja

Í 3. kapítula landsbrigðaþáttar segir um merkjagöngu:

Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir returnetur hinum næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir ord gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nöttum fyrir. ... Eigi er skyld að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skyld að ganga úr búsfjárgangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Merkjagangan, sem fram fór eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalauga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, bau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalauga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeigendum þannig á óvart þar sem þeir hafa athugasemdausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalaugum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabrafa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdausri landamerkja-lýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskráinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slikar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slikum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabraf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigendur halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telja enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefsengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slik krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða sýmingu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdaust.

Landeigendur hafa þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirþorpíð fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Til vara byggja landeigendur kröfу sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórmarskrár, einkum 72. gr. hennar

Vísað er til jafnræðisreglu stjórmarskrárinna

Vísað er til málsméðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Vísað er til landmerkjalauga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998

Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.



Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð

**Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík**

Reykjavík, 22. mars 2021

KRÖFULÝSING

f.h. eftirtalinna eigenda Bolungavíkur á Ströndum, L188867

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfum til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félle innan kröfusvæðis íslenska rikisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og síðan til dagsins í dag.

Aðild og fyrirsvar:

Kröfulýsendur eru:

Reimar Hafsteinn Vilmundarson, kt. 090372-5489 f.h. db. Vilmundar Reimarrssonar
Ásthildur Gunnarsdóttir, kt. 130241-4179

Halldís Gunnarsdóttir, kt. 110843-2679

Halldór Gunnarsson, kt. 290342-4499

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Kröfugerð:

Aðalkrafa landeigenda er, að Óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu framlagðs þinglýsts landamerkjabréfs auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

Úr Straumnestá (1) í hæstu nýpu á Straumanneshlíð (2) þaðan fjallinu fylgt á vatnaskilum á móti Barðsvík þangað til vötnum hallar til Jökulfjarða í s.k. Hyrnukili (3) þaðan eftir vatnaskilum móti Jökulffjörðum uns vötnum hallar til Furufjarðar í s.k. Bláfelli (4), en þaðan er vatnaskilum á móti Furufirði fylgt að Ófæru (5).

Til vara krefjast landeigendur þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.a.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarrekningi lögmanns landeigenda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Bolungavík er forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í Landnámu, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Skjálða-Bjarnar, sem nam land frá Straumnesi til Dranga, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu Landið og landnáma.

Af kröfulýsingu fjármálaráðherra, einkum bls. 176-177, má ráða að helstu röksemadir fyrir kröfugerðinni er eftirfarandi:

- a. Merki jarða óskýr og verðmæti lítið.
- b. Hárent, brattlent og gróðursnauðt land.
- c. Svæði á annesjum mjög norðarlega.

Landeigendur benda á að Óbyggðaneftir (Svæði I-9B) kemur fram á bls. VII, að nefndin telji, að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar, en hæpið að draga ályktanir á grundvelli takmarkaðra lýsinga Landnámu. Þessar niðurstöður nefndarinnar hafa verið staðfestar af dómstólum.

Þá vekur athygli að íslenska ríkið virðist fallast á að allt hið umdeilda svæði hafi verið innan upphaflegs landnáms á svæðinu.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðaneftir (Svæði I-9B) kemur fram á bls. VII, að nefndin telji, að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar, en hæpið að draga ályktanir á grundvelli takmarkaðra lýsinga Landnámu. Þessar niðurstöður nefndarinnar hafa verið staðfestar af dómstólum.

Landeigendur telja landamerkjajalýsingu jarðarinnar sem og aðliggjandi jarða vera skýrar og greinargóðar. Fullyrðingu um annað í kröfulýsingu íslenska ríkisins er mótmælt sem röngu. Þá er því sérstaklega mótmælt að verðmat jarðarinnar á einum tímapunkti tengist stærð hennar eða umfangi. Ljóst er að verðmat jarðarinnar hefur verið breytilegt gegnum tíðina auk þess sem Óbyggðaneftir hefur í almennum niðurstöðum sínum, bls. XLVII, lýst því að engin tengsl eru á milli stærð jarða og verðmats þeirra.

Landeigendur álita að engu máli skipti hversu brattlent, hárent eða gróðursnauðt land er þegar sýnt hefur verið fram á að landið er innan upphaflegs landnáms og lýsingi í landamerkjabréfi. Undir þetta álít landeigenda hefur verið tekið af Óbyggðaneftir og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í almennum niðurstöðum nefndarinnar.

Þá verður ekki séð, að sú staðreynd að landið liggi á annesjum norðarlega komi máli þar sem deilt er um inntak eignarréttar hið minnsta við.

Þá vekur athygli að í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir á bls. 176:

...þaðan sjónhending í skarðið (2). Þaðan til hæstu fjallsbrúmar og eftir hæstu fjallsbrúnum Dögunarfells, Hestsskarðs, Kýrskarðs og Breiðskarðs og þaðan eftir hæstu fjallabrúnum eins og vötnum hallar að Smiðjuvík, Bardsvík og Bolungavík...

Landeigendur telja fullkomrið ósamræmi í lýsingu í texta og hvernig kröfulínur eru dregnar á kort. Nærtækasta skýringin er ólíkur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún. Mismunandi skilningur á hugtakinu fjallsbrún nægir raunar ekki einn og sér til þess að útskýra misræmi í texta kröfugerðar og hvernig línar eru dregnar á kort vegna þess að samhliða hugtakinu fjallsbrún er notað orðalagið eins og vötnum hallar. Landeigandi

telur að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það er algerlega ósamrýmanlegt hugtakinu vatnaskil eftir almennum málskilningi. Vakin er athygli á því að ef misræmi er í texta kröfuggerðar og kröfugerð á korti skal textinn ráða.

Íslenska ríkið hefur áður deilt við landeigendum um skilning á hugtakinu fjallsbrún fyrir Óbyggðanefnd t.a.m. í málínu nr. 3-4/2004 um Kjarnes og Kjós n.t.t. um landamerki á fjallinu Esju. Um þetta segir í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

...Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álítaefni hvernig túlka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað i landamerkjabréfum jarða i kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknunum stað, t.d. i klettabrin. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar.

...Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðanefndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dænum í sedlasafni Orðabókar Háskólangs megi ráða að fjallsbrún geti hædi verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknunum stað. ...

Með heildstæðu mati á landamerkjabréfum umhverfis Esjuna hafnaði Óbyggðanefnd skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og þá niðurstöðu bar íslenska ríkið ekki undir dómtóla.

Landeigendur telja að það sama eigi við í því máli sem hér er til úrlausnar, enda virðist kröfugerð í texta taka af því mið þótt kröfulínur á korti geri það ekki.

Gagnstætt því sem halddið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpíð beinum eignarrétti.

Landeigendur leggja áherslu á að þegar Óbyggðanefnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttu innan ummerkjá jarðarinnar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í esa.

Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðaháttar Grágásar segir:

Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveda á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra aðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land aðæfti. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að

hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og ham handsalar honum land til þeirra merkja

Í 3. kapítula landsbrigðaþáttar segir um merkjagöngu:

Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir returnætur hinum næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nöttum fyrir. ... Eigi er skyld að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skyld að ganga úr búsfjárgangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Merkjagangan, sem framför eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvædi að því að gengið væri frá landamerkjum, bau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeigendum þannig á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalogum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkja-lýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskráinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðaneftnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um sliðar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigendur halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra

innan lýstra merkja. Landeigendur telja ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi végfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tömlæti eða fyringu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdaust.

Landeigendur hafa þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpíð fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Til vara byggja landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskráinnar

Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Vísað er til landamerkjalauga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarлага nr. 39/1978

Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998


Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.



Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð